FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

141. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 17. JÚNÍ 2017

Ætlar ekki að gefast upp

Ásdís Rán Gunnarsdóttir féll í stiga og er margbrotin. Hún segir frá slysinu, spítalavistinni og óvissunni fram undan. ➔22

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Fyrsta tjaldútilegan

Vilborg Arna gefur fjölskyldum góð ráð. ➔ 16

Transkona verður fjallkona á 17. júní

Upphefð, segir Eva Ágústa. ➔ 2

Hér borgum við listamönnum

Gunnar B. Kvaran stjórnandi Astrup Fearnley. ➔ 26



PLÚS 2 SÉRBLÖÐ
● FÓLK ● ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

LYFJA – Lifið heil

Það er kominn 17. júní!

Óskum landsmönnum öllum til hamingju með daginn og minnum á að það er opið til miðnættis í Lyfju Lágmúla og Smáratorgi.

www.lyfja.is

Veður



Suðvestanátt og væta í flestum landshlutum í dag, en þurrt á Austfjörðum. Milt í veðri og hlýjast austanlands, allt að 17 stiga hiti.
SJÁ SÍÐU 42



Víkingar urðu fyrir miklu tjóni í vor.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sextíu milljóna króna styrkur vegna vatnsleka

BORGARMÁL Borgarráð samþykkti á fimmtudag tillögu Dags B. Eggertssonar borgarstjóra um að veita íþróttafélaginu Víkingi sextíu milljóna króna styrk til að gera við kjallara í húsnæði félagsins í Fossvogi eftir verulegt vatnstjón sem varð þar vor.

Í greinargerð sem fylgir tillögu borgarstjóra kemur fram að tjónið, sem varð þegar yfirborðsvatn flæddi inn í kjallara hússins, sé þess eðlis að ekki sé hægt að kaupa tryggingar fyrir því. Ljóst sé að félagið hafi ekki fjárhagslega burði til að standa undir endurbótum á húsinu.

Auk þess var samþykkt að fela skrifstofu eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar að endurskoða fjárfestingaáætlun borgarinnar vegna starfsemi Víkings.

Samkvæmt áætluninni skal fimmtíu milljónum króna varið í endurbætur á grasæfingasvæði félagsins í ár, en samkomulag hefur náðst á milli borgarinnar og félagsins um að endurskoða þau áform. Í stað þess að stækka grasæfingasvæði félagsins verða tennisvellirnir í Víkinni lagaðir. – kij

» Ekki mun vera unnt að kaupa tryggingar við tjóni eins og því sem varð er vatn flæddi inn hjá Víkingum.

Kohl er látinn

ÞÝSKALAND Helmut Kohl, fyrrverandi kanslari Þýskalands, er látinn. Hann var 87 ára gamall.

Kohl lést á heimili sínu í Ludwigshafen í Rínarlandi í Þýskalandi í gær að sögn dagblaðsins Bild.

Helmut Kohl fæddist 3. apríl árið 1930 í Ludwigshafen. Hann var kanslari Þýskalands í 16 ár, frá 1982 til 1998, og átti stóran þátt í sameiningu Austur- og Vestur-Þýskalands eftir fall Berlínarmúrsins árið 1990.

Þá innleiddi Kohl einnig evruna inn í evrópskt viðskiptalíf ásamt þáverandi forseta Frakklands, Francois Mitterrand.

Kohl var leiðtogi Kristilegra demókrata og sat lengst allra þýskra kanslara í embætti á 20. öldinni. Árið 2008 datt hann illa og hafði síðan komist ferða sinna í hjólastól.

Það sama ár giftist Kohl eiginkonu sinni, Maike Kohl-Richter, en samband þeirra vakti mikla athygli þar sem hún var 34 árum yngri en hann. – kó

Showmennska

Stuðmenn léku á als oddi um borð í ferjunni MS Akranesi sem fór í jómfrúarferð sína í gærkvöldi. Hljómsveitin var á leið upp á Skaga til hljómleikahalds og nýtti sjóferðina til að minnast þess að 35 ár eru frá útgáfu Með allt á hreinu og lék verkið frá upphafi til enda á siglingu yfir flóann. Með í för var söngkonan Bryndís, dóttir Stuðmannanna Ragnhildar Gísladóttur og Jakobs Frímanns Magnússonar. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN K.

Transkonan Eva verður fjallkonan í Hafnarfirði

Eva Ágústa Aradóttir verður fjallkona Hafnarfjarðarbæjar á þjóðhátíðardaginn. Óformleg athugun leiðir í ljós að Eva Ágústa er fyrsta transkonan sem gegnir hlutverki fjallkonu við opinber hátíðarhöld. Hún segir heiðurinn vera mikinn.

SAMFÉLAG „Þetta er mjög skemmtilegt og sjálfri finnst mér þetta mjög spennandi. Þetta er auðvitað fyrst og fremst mikill heiður," segir Eva Ágústa Aradóttir sem verður fjallkona Hafnarfjarðar í dag.

Eva mun lesa ljóð eftir Bryndísi Björgvinsdóttur. Eva er transkona og er, eftir því sem Fréttablaðið kemst næst, fyrsta transkonan sem fer í búning fjallkonunnar.

Eva er Hafnfirðingur í húð og hár og segir hún að það sé mikil upphefð að fá að vera fjallkona í bænum. „Bærinn vildi fá transkonu í þetta hlutverk í ár og haft var samband við mig. Fjallkonan er ímynd íslensku konunnar og það er því frábært að fá að vera þessi ímynd."

Dagskrá 17. júní í Hafnarfirði hefst klukkan átta að morgni er fánar verða dregnir að húni. Eva stígur á svið á Thorsplani þar sem Guðlaug Kristjánsdóttir, forseti bæjarstjórnar, setur hátíðina, Karlakórinn Þrestir mun syngja og nýstúdentinn Kristinn Snær Guðmundsson flytja ávarp.

Síðan skemmta Skoppa og Skrítla, Alan Jones, Fitness æðið, Arabesque dans, sýndur verður víkingabardagi sem víkingafélagið Rimmugýgur stendur fyrir og Emmsjé Gauti kemur fram. Kynnar verða þeir Gunnar Helgason og Felix Bergsson.

Eva Ágústa Aradóttir

Eva Ágústa segir að hún hafi hikað örlítið þegar Hafnarfjarðarbær hafði samband enda ekki vön því að koma fram opinberlega. En skrekkurinn hvarf fljótt og það er alltaf betra að stökkva en hrökkva.

„Ég vissi af því að bærinn hafði áhuga á að gera þetta og ég hugsaði mig alveg um. Þegar svo var hringt í mig ákvað ég að segja já enda einstakt tækifæri og ekki á hverjum degi sem ég fæ að vera fjallkona. Það er upphefð að fá að vera í þessum búningi," segir Eva Ágústa Aradóttir, fjallkona Hafnfirðinga í ár.

benediktboas@365.is

Það verður mikið fjör í Hafnarfirði í dag sem aðra daga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fjallkonan

Fjallkonan er tákn eða kvengervingur Íslands. Kona kom fyrst fram sem kvengervingur landsins í kvæði Eggerts Ólafssonar, Ofsjónir 1752, en fjallkonan var fyrst nefnd í kvæði Bjarna Thorarensen, Eldgamla Ísafold, og hefur verið algengt tákn í íslenskum skáldskap síðan. Kona í gervi fjallkonunnar kom fyrst fram á Íslendingadeginum í Winnipeg í Kanada 1924 og eftir lýðveldisstofnun á Íslandi 1944 hefur kona í skautbúningi jafnan flutt fjallkonuljóð við hátíðahöld 17. júní.

Gleðilega hátíð

Fyrsti þjóðhátíðardagur Íslendinga var haldinn 2. ágúst árið 1874 í tilefni þess að Kristján IX sigldi hingað með nýja stjórnarskrá.

Hvernig atvikaðist það samt svo að fæðingardagur Jóns Sigurðssonar varð stofndagur lýðveldisins árið 1944 og þjóðhátíðardagur Íslendinga?

Kynntu þér sögu 17. júní á landsbankinn.is/17juni.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

TÖLUR VIKUNNAR 11.06.2017 TIL 17.06.2017

30

prósenta fækkun er á ferðamönnum á Vestfjörðum í júní miðað við sama mánuð í fyrra.

10,6%

mannfjöldans var hlutfall innflytjenda á Íslandi 1. janúar 2017. Þeir voru þá 35.997.

49

milljörðum nemur hlutabréfaeign almennings í skráðum félögum. Heildarmarkaðsvirði þeirra er um 1.200 milljarðar króna.

759

milljónir króna var hagnaður IKEA á Íslandi á síðasta rekstrarári. Hagnaðurinn hefur aukist um 222 prósent á síðustu sex árum.

20

milljóna króna aukagreiðslu fékk Herdís Dröfn Fjeldsted, framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands, frá sjóðnum í fyrra vegna starfa sinna þar undanfarin fjögur ár.

135

þúsund tonn var fiskafli íslenskra skipa í maí sem var 27% meira en heildaraflinn í maí 2016.

Þrjú í fréttum
Skotvopn, hlaup og rangt svar

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

sagði að sér fyndist eðlilegt að borgaryfirvöld væru upplýst um það fyrirfram þegar ákveðið væri að sérsveitarmenn yrðu með sýnileg vopn á fjöldasamkomum í Reykjavík. Vitneskja um það hefði borist honum í gegn um fjölmiðla. Lykilatriði væri að ef um breytt hættumat væri að ræða yrðu borgaryfirvöld látin vita.

Aníta Hinriksdóttir
frjálsíþróttakona



sló Íslandsmetið í 800 metra hlaupi á Demantamóti Ósló í Noregi þegar hún kom í mark á 2:00,05 mínútum. Aníta bætti eigið Íslandsmet, sem hún setti á Ólympíuleikunum í Ríó í fyrra, um níu sekúndubrot. Aníta sló þarna sitt annað Íslandsmet á aðeins fimm dögum en á sunnudaginn sló hún 30 ára gamalt Íslandsmet í 1.500 metra hlaupi á móti í Hollandi.

Benedikt Jóhannesson
fjármálaráðherra

kvaðst hafa gefið „ónákvæmt og jafnvel rangt svar“ við óundirbúinni fyrirspurn á Alþingi 31. maí. Ráðherrann svaraði að enginn hefði sett sig í samband við fjármálaráðuneytið með ósk um að kaupa Leifsstöð. Í færslu á Facebook sagði hann síðan að svarið hefði jafnvel verið rangt. Hann hefði ekki vitað að fjárfestar hefðu sýnt áhuga.

Gæti tekið vikur að fylla Costco

Verslunarstjóri Costco á Íslandi segir útlit fyrir að það taki nokkra daga eða jafnvel vikur að koma vöruúrvali verslunarinnar í svipað horf og það var fyrstu vikur eftir opnun. Fjölmargar hillur í Costco eru tómar.

VERSLUN „Það mun gerast á næstu dögum eða vikum,“ segir Brett Vigelskas, verslunarstjóri Costco á Íslandi, aðspurður hvenær vöruúrval verslunarinnar í Kauptúni í Garðabæ verði aftur jafn mikið og það var fyrstu vikur eftir opnun. Brett segir fyrirtækið hafa tekið á móti gámum með vörum í vikunni og að von sé á fleiri sendingum á næstunni.

„Við erum nú að taka á móti miklu af vörum og þá sérstaklega síðustu tvær nætur [aðfaranótt fimmtudags og föstudags]. Svo er miklu meira á leiðinni,“ sagði Brett áður en hann sagðist vera upptekinn allan daginn í gær og kvaddi blaðamann.

Þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði á fimmtudag voru fjölmargar hillur verslunarinnar tómar og ljóst að í mörgum vöruflokkum mátti finna færri vöruteg-undir en þegar verslunin var opnuð þann 23. maí. Sem dæmi má nefna að gostegundum og hreinlætisvörum á borð við klósettpappír hefur fækkað talsvert.

Brett hefur bent á að eftirspurnin eftir vörum Costco hafi farið fram úr björtustu vonum og að búðir bandarískra verslunarrisans verði ekki jafn tómlegar undir venjulegum kringumstæðum. Eins og Fréttablaðið greindi frá í byrjun júní eru vísbendingar um að velta í Costco hafi verið meiri en velta Bónuss fyrstu daga eftir opnun verslunarinnar í Kauptúni. Samkvæmt upplýsingum sem byggja á kortaveltu var sala Costco á þeim tíma 32 prósent af heildarveltunni á dagvörumarkaði en markaðshlutdeild Bónuss var 28 prósent. Síðarnefnda fyrirtækið rekur 32 verslanir um allt land og þar af 20 á höfuðborgarsvæðinu.

Samkvæmt nýrri könnun MMR, sem framkvæmd var dagana 6. til 14. júní, hafa rúm 43 prósent Íslendinga farið í Costco. Um 95 prósent Sjálfstæðismanna hafa annaðhvort heimsótt verslunina eða hyggjast gera það við tækifæri. Þá eru þeir yngri og þeir sem búa á tekjuhærri heimilum líklegri en aðrir til að hafa heimsótt verslunina. Heldur fleiri konur en karlar höfðu farið í Costco og var hlutfallið 47 prósent á móti 40.

Vöruúrval í Costco hefur minnkað síðustu vikur en enn er nóg til af Diet Pepsi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Við erum nú að taka á móti miklu af vörum og þá sérstaklega síðustu tvær nætur.
>
> Brett Vigelskas, verslunarstjóri Costco á Íslandi

43%

Íslendinga eru talin hafa litið inn hjá Costco síðan verslun fyrirtækisins var opnuð fyrir 25 dögum.

haraldur@frettabladid.is

Til sölu alhliða matsöluvagn með öllum búnaði, tilbúinn til notkunar

Tilvalið atvinnutækifæri

Verð 4.3 miljónir.
Billinn er til sölu og sýnis á Bílasölu Guðfinns, Stórhöfða 15, Rvík. s. 5621055

Sumar upplýsingar lögreglu viðkvæmar

STJÓRNMÁL „Þetta var bara góður fundur. Þessi fundur hefði bara mátt eiga sér stað fyrr. Það kom fram skýr ósk frá ríkislögreglustjóra um að við myndum oftar funda svo betri upplýsingagjöf okkar á milli væri til staðar,“ segir Nichole Leigh Mosty, varaformaður allsherjar- og menntamálanefndar og þingmaður Bjartrar framtíðar.

Í gær hélt þingnefndin fund með Haraldi Johannessen ríkislögreglustjóra og Sigríði Björk Guðjónsdóttur, lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, þar sem vopnaburður lögreglunnar var ræddur en ríkislögreglustjóri hefur ákveðið að vopnaðir sérsveitarmenn séu í viðbragðsstöðu á fjöldasamkomum miðbæjarins í sumar.

> Það eru ákveðnar upplýsingar sem við þurfum að treysta lögreglu fyrir.
>
> Nichole Leigh Mosty, varaformaður allsherjar- og menntamálanefndar

Lögreglustjórarnir Haraldur Johannessen og Sigríður Björk Guðjónsdóttir

„Það var mikið rætt um traust og upplýsingagjöf. Ekki eingöngu upplýsingagjöf fyrir þing og borgaryfirvöld heldur líka hvernig við upplýsum almenning svo almenningi þurfi ekki að líða illa yfir þessari ákvörðun og viti að hér er bara um að ræða ákvörðun til að vernda öryggi borgaranna,“ segir Nichole.

Möguleg hryðjuverkaógn kom einnig til tals á fundinum.

„Það eru ákveðnar upplýsingar sem um ríkir mikill trúnaður en var ekki hægt að veita. Manstu eftir myndinni með Jack Nicholson og Tom Cruise? You can't handle the truth [A few good men]. Það eru ákveðnar upplýsingar sem við þurfum að treysta lögreglu fyrir. Þetta er svo vandmeðfarið, þessi þunna lína um hvaða upplýsingar við fáum og hvað við megum ekki vita,“ segir Nichole Leigh Mosty. – **snæ**

Gestrisni af gamla skólanum

Aðalgeir Ásvaldsson
hótelstjóri ML Laugarvatni

Rutt Brattaberg
hótelstjóri ÍKÍ Laugarvatni

Grímur Orri Úlfarsson
hótelstjóri Skógum

Karl Rafnsson
hótelstjóri Höfn

Jana Salóme I. Jósepsdóttir
hótelstjóri Neskaupstað

Signý Rafnsdóttir
hótelstjóri Egilsstöðum

Valgerður Kristmundsdóttir
hótelstjóri Stórutjörnum

Jóhanna Hildur Ágústsdóttir
hótelstjóri Akureyri

Elísabet Bjarnadóttir
hótelstjóri Ísafirði

Dýrfinna Sigurjónsdóttir
hótelstjóri Laugum

Gleðilega hátíð

Innritunarárgangur 2017 sendir þjóðhátíðarkveðjur og hlakkar til að taka á móti þér í sumar.

Við hjá Hótel Eddu fyllumst ætíð miklu stolti og tilhlökkun á 17. júní. Rætur okkar eru samofnar menntakerfinu allt frá gullöld heimavistarskólanna, en þá fórum við í skólana þegar sumarfríið byrjaði. Þjóðhátíðardagurinn markar þannig sumarkomuna hjá okkur, því þá er búið að opna öll hótelin okkar upp á gátt og innritun gesta hafin fyrir alvöru.

10 HÓTEL ALLAN HRINGINN:
1 ML Laugarvatn • **2** ÍKÍ Laugarvatn • **3** Skógar • **4** Höfn • **5** Neskaupstaður
6 Egilsstaðir • **7** Stórutjarnir • **8** Akureyri • **9** Ísafjörður • **10** Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000.

hotel edda

Gestrisni af gamla skólanum

SÍÐAN 1961

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, í viðtali á Stöð 2 í gær. MYND/STÖÐ 2

Forseti kveðst miður sín

DÓMSMÁL Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, segist miður sín vegna máls Roberts Downey, áður Róberts Árna Hreiðarssonar, sem hefur fengið lögmannsréttindi sín á ný.

Forseti veitti Róberti uppreist æru samkvæmt tillögu frá Ólöfu Nordal, þáverandi innanríkisráðherra, í september síðastliðnum. Guðni undirstrikar að ákvörðunin sé ekki tekin af honum sjálfum – heldur í ráðuneytinu. Hann biður ekki um vorkunn en óskar þess að fólk sýni sanngirni, þá að teknu tilliti til málsmeðferðarinnar.

Robert Downey var dæmdur í þriggja ára fangelsi árið 2008 fyrir að brjóta gegn fjórum stúlkum, einni fjórtán ára og þremur fimmtán ára. Hann komst í samband við stúlkurnar með blekkingum og þóttist Robert til að mynda vera 17 ára gamall táningspiltur að nafni Rikki í samskiptum við eina þeirra í gegnum netið. Greiddi hann tveimur stúlknanna fyrir kynmök.

Vísir greindi frá því á fimmtudag að ein stúlknanna sem Robert braut gegn þyki sem forsetinn hafi brugðist sér. Guðni Th. Jóhannesson segir að ákvörðun um uppreist sé ekki tekin hjá embætti forseta Íslands.

„Það gilda ákveðin lög um uppreist æru, almenn hegningarlög og þeir sem sækja um uppreist æru gera það hjá innanríkisráðuneytinu, dómsmálaráðuneytinu eins og það heitir núna. Þar er ákvörðunin tekin, stjórnarathöfnin tekin. Þar vinnur fólk með sérþekkingu á lögum og leiðir sig að niðurstöðu út frá því."

> **Samúð mín er auðvitað öll hjá þeim sem þessi brotamaður braut á. Að þurfa að þola þessa upprifjun núna.**
>
> Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands

Forsetinn segir málið ömurlegt.

„Samúð mín er auðvitað öll hjá þeim sem þessi brotamaður braut á. Að þurfa að þola þessa upprifjun núna. Ég er bara eins og aðrir Íslendingar, held ég, að þegar kynferðisafbrot eru annars vegar þá vill maður helst að brotamaðurinn sé læstur inni og lyklinum hent. En við búum líka í réttarríki og leyfðu mér að ítreka þetta – ákvörðunin er ekki tekin hérna."

Vilji fólk fá rökstuðning fyrir þessari ákvörðun þá verði það að beina þeirri beiðni til ráðuneytis. – ngy

Snemma á ferð

Hálendisvegir hafa margir verið opnaðir fyrr en tíðkast í sumar eftir snjóléttan vetur og hagstæða tíð í vor. Jeppi ekur yfir brúna yfir Geitá á leið með ferðamenn í manngerðu ísgöngin í Langjökli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vitni í manndrápsmáli fengið vernd lögreglu

Arnar Jónsson Aspar var jarðsunginn í gær. Fjórum sakborningum af sex hefur verið sleppt úr haldi og eru þeir ekki grunaðir um beina aðkomu að láti Arnars. Ekki liggur fyrir lokaniðurstaða hjá réttarmeinafræðingi um banamein hans.

LÖGREGLUMÁL Vitni að árásinni í Mosfellsdal, sem leiddi til andláts Arnars Jónssonar Aspar, hafa sum hver fengið aðstoð lögreglu við að gæta öryggis síns. Þetta staðfestir Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar deildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

„Við höfum brugðist við því ef fólk hefur talið sig þurfa á því að halda. Það hefur þurft að bregðast við slíku með einhverjum hætti já, það hefur komið til," segir Grímur aðspurður hvort vitni hafi fengið lögregluvernd í málinu.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að skuggalegir menn hafi heimsótt að minnsta kosti eitt vitni í málinu.

Fjórum sakborningum af sex var sleppt úr haldi lögreglunnar á fimmtudag. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá voru þeir sakborningar líkast til ekki viðstaddir þegar mestu átökin fóru fram en vitni hafa lýst því að hafa séð Svein Gest Tryggvason stökkva á bak Arnars og taka hann hálstaki. Jón Trausti Lúthersson var einnig á svæðinu þegar mestur hiti var í árásinni.

> **Við erum að uppýsa um öll atriði sem gerast þarna upp frá en auðvitað er hluti af því sem við eigum að rannsaka, hver ástæða þess er að farið var af stað.**
>
> Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar deildar lögreglunnar

Aðrir sakborningar voru handteknir á flótta frá heimili Arnars, þrír karlmenn á Vesturlandsvegi gegnt Korputorgi og ein kona við afleggjarann að heimreið Arnars.

„Þau voru ekki ofan í atvikinu þegar mestu átökin verða. Við erum að reyna að fá almennilegan framburð um allan þennan feril," segir Grímur um sakborningana fjóra sem var sleppt úr haldi.

Hvorki er komin lokaniðurstaða hjá réttarmeinafræðingi varðandi dánarorsök Arnars né hefur lögregla komist fyllilega til botns í því hvað varð til þess að sexmenningarnir fóru heim til Arnars og veittust að honum.

„Við erum að uppýsa um öll atriði sem gerast þarna upp frá en auðvitað er hluti af því sem við eigum að rannsaka, hver ástæða þess er að farið var af stað. Hver ásetningurinn var, af hverju fólkið var þarna." Grímur veit ekki hvenær lokaniðurstaða réttarmeinafræðings liggur fyrir.

Arnar Jónsson Aspar var jarðsunginn frá Grafarvogskirkju í gær. Hann var 39 ára gamall og lætur eftir sig unnustu og tvær dætur, fjórtán ára og þriggja vikna gamlar. Í minningargreinum um Arnar í Morgunblaðinu í gær er honum lýst sem barngóðum fjölskyldumanni og traustum vini sem var bæði ljúfur og kærleiksríkur.

ritstjorn@frettabladid.is

GEORGIA OG AZERBÆDSJAN
9. - 19. september | 10 nætur
Kákasusfjöll
Allt innifalið 379 000 kr.
SILKILEIÐIN MIKLA í Mið-Asíu
7. - 19. október | 12 nætur
Úzbekistan og Túrkmenistan
Allt innifalið 488 000 kr.
Bjarmaland
www. bjarmaland.is
bjarmaland@bjarmaland.is
sími 770 50 60

RXBAR®

3 eggjahvítur, 6 möndlur, 4 kasjúhnetur, 2 döðlur og ekkert kjaftæði!

349kr/stk

100% náttúrulegt bragð. Enginn viðbættur sykur, engar mjólkurvörur, ekkert soya, ekkert glútein, engin litarefni og engin rotvarnarefni.

OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Trump mun afturkalla tilslakanir vegna Kúbuviðskipta

BANDARÍKIN Donald Trump Bandaríkjaforseti sagðist í gær vilja takmarka ferðalög Bandaríkjamanna við Kúbu og viðskipti milli Bandaríkjanna og hersins á Kúbu. Reuters greinir frá því að hann vilji afboða „hræðilegan og afvegaleiddan samning“ Obama, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, við Havana.

Trump hélt ræðu í Miami í Flórída þar sem hann skrifaði undir tilskipun þess efnis að takmarka að einhverju leyti hluta af samningi Obama við Kúbu sem var saminn eftir fundi leiðtoga ríkjanna tveggja árið 2014.

Trump mun þó leyfa nokkrum af breytingum Obama að standa. Bandaríkin munu til dæmis áfram vera með sendiráð í Havana, höfuðborg Kúbu.

„Við munum ekki þegja lengur þegar við stöndum frammi fyrir kúgun kommúnisma,“ sagði Trump á fundinum. „Ég hætti strax við einhliða samning síðustu ríkisstjórnar við Kúbu,“ sagði hann og talaði svo illa um ríkisstjórn Rauls Castro, forseta Kúbu.

Trump vill viðhalda langtíma banni á að Bandaríkjamenn fari til Kúbu sem ferðamenn og vill koma í veg fyrir að bandarískir dollarar séu notaðir til að fjármagna her Kúbu.

Í gær fór Trump svo á Twitter og staðfesti það að hann væri til rannsóknar vegna brottvikningar James Comey, fyrrverandi forstjóra bandarísku alríkislögreglunnar, FBI, úr embætti.

„Maðurinn sem sagði mér að reka forstjóra FBI er núna að rannsaka mig fyrir að hafa rekið forstjórann! Nornaveiðar,“ segir Trump í tísti sínu.

– sg

Donald Trump vill takmarka ferðlög Bandaríkjamanna til Kúbu. NORDICPHOTOS/AFP

Ósanngjarnt að vísa Litháa burt

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur felldi í gær úr gildi ákvörðun Útlendingastofnunar um brottvísun og endurkomubann litháísks karlmanns. Endurkomubannið átti að gilda til tíu ára.

Litháinn sem hefur búið á Íslandi í tíu ár ásamt fjölskyldu sinni var dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi fyrir þátttöku í smygli á 1,7 lítrum af amfetamínbasa til landsins. Hann fékk reynslulausn á árinu 2015 og hefur starfað í byggingariðnaði.

Eftir að Útlendingastofnun vísaði Litháanum úr landi gerði hann stofnuninni grein fyrir því að það yrði fjölskyldu sinni mjög þungbært og jafnvel ógerlegt að flytja til Litháens og byrja þar nýtt líf.

Lýsti hann iðrun yfir því að hafa gerst brotlegur við hegningarlög og kvaðst ekki mundu gera slík mistök aftur. Héraðsdómur segir brottvísun mannsins ósanngjarna fyrir hann og fjölskyldu hans. – sg

Undirritun samninga um Silicor.

Silicor þarf í umhverfismat

DÓMSMÁL Ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 2014 um að fyrirhuguð framkvæmd Silicor Materials á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum var í gær felld úr gildi af Héraðsdómi Reykjavíkur.

Með dóminum er tekið undir kröfu þeirra íbúa í Kjósarhreppi sem stefndu Silicor og íslenska ríkinu vegna málsins. – sg

Borgin vill samstarf við Airbnb

Starfshópur Reykjavíkurborgar leggur til að borgaryfirvöld óski eftir viðræðum við Airbnb. Markmiðið er að auðvelda eftirlit með útleigu íbúða. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir tillögu hópsins skynsamlega.

BORGARMÁL Starfshópur um heima- og íbúðagistingu í Reykjavík leggur til að borgin óski strax eftir viðræðum við leiguvefinn Airbnb með það að markmiði að auðvelda eftirlit með útleigu íbúða í gegnum vefinn. Þannig er lagt til að þak verði sett á fjölda leyfilegra gistinátta hverrar íbúðar, til dæmis við sextíu eða níutíu nætur, en ef ætlunin er að bjóða íbúð til lengri leigu verði að afhenda Airbnb afrit af gistileyfum og skráningarnúmer.

Tillaga starfshópsins er byggð á erlendri fyrirmynd en í skýrslu starfshópsins, sem var lögð fram á fundi borgarráðs á fimmtudag, er bent á að borgaryfirvöld í Amsterdam og Lundúnum hafi náð samningum við Airbnb þar sem fjöldi gistinátta sé takmarkaður.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir tillögu hópsins skynsamlega.

„Við erum ein af hraðvaxtarborgunum í ferðaþjónustu í Evrópu, en alls ekki sú eina, þannig að við höfum borið saman bækur okkar við borgir eins og Barcelona, Berlín, Amsterdam og Stokkhólm sem eru að mörgu leyti í svipuðum sporum og við,“ segir Dagur.

Um áramótin náðu yfirvöld í Amsterdam og Lundúnum mjög áhugaverðum samningum við Airbnb að sögn Dags. Þar komi allar upplýsingar um umfang starfseminnar og gistinætur betur upp á yfirborðið.

„Airbnb skuldbindur sig jafnframt til þess að fylgja eftir reglum sem eru býsna sambærilegar þeim sem hafa verið leiddar í lög hér á landi,“ segir Dagur. Hann á þar við ákvæði í lögum um heimagistingu sem heimilar fólki að leigja út eignir sínar í samtals níutíu daga á ári án þess að hafa rekstrarleyfi. Samkvæmt núgildandi lögum er fólki heimilt að starfrækja heimagistingu í allt að níutíu daga á ári svo lengi sem það hafi aflað sér starfsleyfis og skráð sig á lista sýslumanns.

„Í stað þess að Airbnb eigi í átökum við borgirnar, eins og við þekkjum dæmi um í til dæmis Bandaríkjunum, þá vinna allir hlutaðeigandi saman að því að láta reglurnar virka sem skyldi,“ nefnir Dagur um samstarf borga og leiguvefjarins.

Samningur Airbnb við borgaryfirvöld í Amsterdam felur ekki aðeins í sér að leiguvefurinn takmarkar sjálfur fjölda leyfilegra gistinátta í samræmi við hollensk lög, heldur rukkar Airbnb viðskiptavini sína jafnframt um skatta og gjöld.

Dagur segir vilja borgaryfirvalda standa til þess að leyfa fólki að leigja út eigin íbúðir í allt að níutíu daga, en jafnframt „að ná utan um það þegar heilu íbúðirnar eru keyptar gagngert til þess að leigja þær út. Það á að vera leyfisskylt og er mikilvægt að öll slík starfsemi sé uppi á borðum.“

kristinningi@frettabladid.is

Íbúðagisting hefur aukist verulega í Reykjavík undanfarin ár, samhliða auknum ferðamannastraumi til landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

177 prósenta aukning á milli ára

Það er kunnara en frá þurfi að segja að fjöldi gistirýma í útleigu hér á landi hefur margfaldast á síðustu árum með stórauknum straumi ferðamanna til landsins. Starfshópurinn fékk Deloitte til þess að afla gagna um umsvif Airbnb í Reykjavíkurborg. Athugun sérfræðinga félagsins leiddi meðal annars í ljós að fjöldi íbúða í útleigu á Airbnb var 177 prósentum meiri í janúar 2017 heldur en í janúar 2016. Undanfarna mánuði hefur þó aðeins hægt á fjölguninni.

Þá reyndist heildarfjöldi virkra Airbnb-leigurýma í höfuðborginni, þ.e. rýma sem skapa leigutekjur í hverjum mánuði, vera 2.068 talsins í mars síðastliðnum. Hefur fjöldinn haldist nokkuð stöðugur síðustu mánuði, en er þó ávallt mestur yfir sumartímann og um jól og áramót. Í greiningu Deloitte kemur einnig fram að 60 prósent af öllum gistirýmum í höfuðborginni á Airbnb megi finna í mið- og vesturbæ.

2.068

var heildarfjöldi leigurýma í höfuðborginni á Airbnb í mars síðastliðnum.

HÁRÆÐASLIT Í ANDLITINU ?
ÞAÐ ER TIL LAUSN - VIÐ FJARLÆGJUM HÁRÆÐASLIT ENDANLEGA Í ANDLITI



PANTAÐU FRÍAN TÍMA
Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA
893-0098

Snyrtistofan Hafblik

Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com

Kaupverð Festar yfir markaðsvirði Haga

VIÐSKIPTI Kaupverð olíufélagsins N1 á Festi, næststærstu smásölukeðju landsins, er rúmlega 20% hærra en verð Haga á markaði ef miðað er við hefðbundna verðkennitölu. Á þetta er bent í viðbrögðum sérfræðinga Capacent við kaupunum.

Þeir benda jafnframt á að samkvæmt síðasta verðmati sínu á Högum, helsta keppinauti Festar, sé félagið verulega undirverðlagt á markaði. Taka ber þó fram að umrætt verðmat var unnið áður en Costco opnaði verslun sína í Kauptúni og er því líklegt að verðmat Haga lækki eftir annan fjórðung ársins.

N1 tilkynnti um fyrirhuguð kaup sín á Festi, sem rekur meðal annars verslanir Krónunnar og Elko, fyrr í mánuðinum. Kaupverðið nemur 8.750 milljónum króna og er heildarvirði Festar metið á 37.900 milljónir króna í viðskiptunum. Rekstrarhagnaður Festar fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta, svonefnt EBITDA, er áætlaður um 3.340 milljónir króna árið 2016.

Fram kemur í viðbrögðum Capacent við kaupunum að svonefnt EV/EBITDA-hlutfall, þ.e. rekstrarhagnaður sem hlutfall af heildarvirði, fyrir Festi sé 11,3 ef miðað er við uppgefið kaupverð á félaginu. Sama hlutfall hjá Högum er hins vegar 9,3. Það þýðir með öðrum orðum að kaupverð Festar er umtalsvert hærra en núverandi markaðsverð Haga. – kij

Festi rekur meðal annars sautján Krónuverslanir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

30 ÁRA

TAKK FYRIR AÐ MYNDA
FRÁBÆRA STEMNINGU

Í apríl voru 30 ár síðan Flugstöð Leifs Eiríkssonar var tekin í notkun. Af því tilefni efndum við til myndaleiks þar sem við báðum ykkur um ljósmyndir af ykkar minningum úr flugstöðinni okkar. Við viljum þakka ykkur öllum fyrir frábæra þátttöku, frábærar myndir og sér í lagi allar þær einlægu og skemmtilegu minningar sem þið deilduð með okkur.

TAKK FYRIR AÐ VERA MIKILVÆGASTI HLUTINN
AF OKKAR FERÐALAGI Í 30 ÁR.

— HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI

isavia

Alls enginn einhugur um vopnaburðinn

Fréttablaðið tók nokkra einstaklinga tali og spurði hvað þeim fyndist um aukinn vopnaburð lögreglu. Óhætt er að segja að um umdeilt mál sé að ræða, sem má rekja til óvænts útspils ríkislögreglustjóra um síðustu helgi þegar The Color Run fór fram í miðbænum. Stórir flutningabílar lokuðu götum og skammbyssur voru sýnilegar á sérsveitarmönnum sem stóðu vaktina. Íslendingar mega búast við að sjá vopnaða sérsveitarmenn á fjölmennum viðburðum áfram í sumar, til dæmis nú um helgina á Secret Solstice og á þjóðhátíðardaginn.

Tómas Guðbjartsson
læknir

Við Íslendingar höfum verið svo heppnir að hér á landi sjást nánast aldrei vopnaðir lögreglumenn og ráðamenn geta farið ferða sinna án lífvarða. En með atburði síðastliðins árs í Evrópu í huga finnst mér skiljanlegt að viðbúnaðarstig lögreglu sé aukið á stórum viðburðum hér á landi í sumar. Annað væri að mínu mati óábyrgt.

Friðjón R. Friðjónsson
almannatengill

Það hefði ábyggilega farið betur á því að segja frá því að þetta stæði til eins og nú hefur verið gert, svo fólk vissi hverju það hefði átt von á. Ég skil mjög vel óþægindatilfinningu fólks og undrun við að sjá vopnaða lögreglumenn við mannfagnaði. En

mikilvægasta verkefni ríkisvaldsins er að tryggja öryggi borgaranna og við megum ekki gefa neitt eftir hvað það varðar.

Edda Hauksdóttir
kennari

Mér finnst það eðlilegt með hliðsjón af breyttri heimsmynd. Ég treysti lögreglunni.

Sirrý Hallgrímsdóttir
ráðgjafi

Mín skoðun er sú að þetta verði að vera faglegt mat lögreglunnar. Við verðum þá bara að venjast breyttum heimi. En þetta er auðvitað mjög óþægilegt.

Silja Hauksdóttir
leikstjóri



Svona stórar ákvarðanir ber að ræða opinberlega og gefa fólkinu í landinu tækifæri á að hafa skoðun á þeim, því byssur í hendi lögreglu varða okkur öll. Mér finnst mótsagnakennt að halda því fram að byssuburður í friðsælu landi muni auka á öryggistilfinningu borgaranna. Ódæðisverk eru ekki síður framin í löndum þar sem lögreglan er vígbúin. Við erum einmitt öruggari af því að hér er lítið um vopn og byssur. Lögregla og yfirvöld á Íslandi eiga að vinna að því að skapa þá tilfinningu að við sem samfélag samþykkjum ekki að skaða annað fólk, berum virðingu fyrir náunganum. Með því að bera lífshættuleg vopn í kringum saklausa samborgara á hátíðisdögum er lögreglan og yfirvöld mun frekar að ala á ótta en öryggi. Við eigum heldur að taka vel utan um það sem við Íslendingar getum verið stoltust af, friðinn.

Þórarinn Þórarinsson
blaðamaður

Þetta veldur mér svo sem engu sérstöku hugarangri en mér finnst þetta engu að síður frekar hallærislegt. Íslendingar hafa löngum verið stoltir af því að vera friðsöm þjóð og svona vopnabrölt er alveg á skjön við þessa fallegu sýn sem við höfum á sjálf okkur og viljum sýna umheiminum.

Þetta er enda síst til þess fallið að auka öryggistilfinningu fólks. Hver vill vera að spóka sig þar sem lögreglan telur hættu á skotbardögum? Og fælingarmátturinn á terrorista, sem ég held nú að hafi engan áhuga á okkur þar sem vart er hægt að hugsa sér ómerkilegra skotmark en Ísland, er enginn. Byssur eru ögrun í eðli sínu og svona stælar eru líklegri til þess að framkalla ofbeldi frekar en að koma í veg fyrir það.

Svo má alveg velta því fyrir sér hvort íslenskir lögreglumenn hafi yfirleitt andlegan þroska og þá yfirvegun sem þarf til þess að það megi treysta þeim fyrir hlaðinni byssu.

Vill tryggja skjót viðbrögð

Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri hefur bent á að sérsveitarmenn séu alltaf vopnaðir en munurinn nú sé að vopnin séu sýnileg.

„Þeir sem hafa fylgst með fréttum sjá það að það eru ítrekað myndir af sérsveitarmönnum vopnuðum í alls konar verkefnum.

Þeir eru ekki meira vopnaðir í dag. Þannig að þessi ráðstöfun, að setja vopnin utanklæða með þessum hætti er til að tryggja skjót viðbrögð ef eitthvað kemur upp á í mannþröng. Þá þurfa þeir að geta verndað borgarana ef eitthvað kemur upp á, í stað þess að hörfa og sækja vopnin í geymslur eða lögreglubílana sem eru kannski einhvers staðar frá þeim. Þar eru mínútur sem kannski skipta máli upp á líf eða dauða," segir Haraldur.

Greipur Gíslason
ráðgjafi

Fyrst af öllu er sorglegt að fólk telji þetta nauðsynlegt. Atburðir í kringum okkur hafa auðvitað vakið óhug og valdið sorgum.

Samt sem áður held ég að þegar tekin er ákvörðun um það sem mér finnst vera meiriháttar stefnubreyting, þurfi að eiga sér stað umræða, ekki síst á Alþingi. Lögreglan er auðvitað að reyna að gera sitt besta en hér er ekki um að ræða átak í að sekta bílstjóra sem hafa lagt illa og ólöglega á stórviðburðum, heldur breyting á ásýnd samfélagsins. Það er mín skoðun að við eigum að forðast vopnaburð lögreglunnar eins lengi og mögulegt er. Ég er ekki hrifinn af þessu. Telji lögreglan mikla hætti yfirvofandi, þá verður bara að segja það.

> **Lögreglan er auðvitað að reyna að gera sitt besta en hér er ekki um að ræða átak í að sekta bílstjóra sem hafa lagt illa og ólöglega á stórviðburðum, heldur breyting á ásýnd samfélagsins.**
>
> Greipur Gíslason ráðgjafi

Daníel Örn Hinriksson
hárgreiðslumaður

Ég tel yfirvöld vita við hverju er að búast og ber ég fullt traust til þeirra sem slíkar ákvarðanir taka til þess. Mér þykir það engu að síður skelfileg staðreynd og óþægilegt að fá þessa áminningu að það er enginn óhultur fyrir voðaverkum eins og þeim sem við höfum orðið vitni að í nágrannalöndum okkar.

Mótmæla byssunum

Jæja-hópurinn hefur boðað til mótmæla vegna vopnaburðar á fjöldasamkomum. Mótmælin, sem eru undir yfirskriftinni Fokk the Glock, verða á Austurvelli í dag og hefjast klukkan 11.

Á sérstakri Facebook-síðu sem heldur utan um mótmælin segir að hópurinn mótmæli harðlega vopnaburði íslensku lögreglunnar og sérsveitarmanna á almannafæri, á 17. júní 2017 sem og alltaf.

Sara Óskarsson, meðlimur í Jæja-hópnum, segir Ísland þekkt fyrir að vera friðsælt land. „Okkur finnst stinga mikið í stúf við anda og yfirbragð lýðveldishátíðar þjóðarinnar að lögreglan sé allt í einu mætt með Glock 17 fyrir allra augum."

> **Mótmælin hefjast á Austurvelli klukkan 11.**

Ljóst að minnst þrjátíu manns létu lífið í London

BRETLAND Lögreglan í London hefur staðfest að í það minnsta 30 manns létu lífið í brunanum í Grenfell-turninum í Norður-Kensington í London. Eldurinn kom upp aðfaranótt miðvikudags.

BBC greinir frá því að enn hafi í kringum 70 manns ekki fundist og líklegt er talið að þessir þrjátíu sem létust séu meðal þeirra. Þegar Fréttablaðið fór í prentun höfðu einungis verið borin kennsl á þrjá hinna látnu. Lögreglan hefur varað við því að ef til vill verði ekki hægt að bera kennsl á alla hina látnu.

Eldsvoðinn hefur vakið upp hörð viðbrögð hjá þeim sem töldu að eldvarnir hefðu ekki verið nægilegar í húsinu. Í gær mótmælti mikill fjöldi fólks klukkan þrjú að staðartíma fyrir utan ráðhúsið í Kensington og Chelsea hverfinu. Áætlað er að milli 50 og 60 manns hafi ráðist inn í ráðhúsið um hálf fimm til að mótmæla. Þeir hafi krafist þess að þeir sem misstu íbúðir sínar fengju hjálp strax og að svör þyrftu að fást vegna brunans.

Elísabet II Englandsdrottning og Vilhjálmur prins heimsóttu sjálfboðaliða, íbúa og fulltrúa samfélagsins á svæðinu í gær í Westway-íþróttahöllinni. Englandsdrottning þakkaði slökkviliðsmönnum fyrir hugrekki sitt og sjálfboðaliðum, sem hafa aðstoðað fórnarlömbin, fyrir gjafmildi.

Enn er óvíst um upptök eldsins, en lögreglan segir engar vísbendingar um að kveikt hafi verið viljandi í. Eins og Fréttablaðið greindi frá hefur Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, óskað eftir opinberri rannsókn á brunanum. Hún segir að almenningur eigi skilið svör um það hvers vegna eldurinn dreifðist jafn hratt og raun ber vitni. **– sg**

Fjöldinn allur kom saman fyrir utan ráðhús Kensington og Chelsea til að mótmæla í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Lögregla á vettvangi í Svíþjóð. NORDICPHOTOS/AFP

Fleiri kæra nauðganir

SVÍÞJÓÐ Kærum vegna nauðgana í Svíþjóð hefur fjölgað um 16 prósent það sem af er þessu ári frá því í fyrra. Í lok maí höfðu 2.224 kærur borist. Samtímis eru fleiri mál lögð niður í ár en í fyrra eða 13 á dag að jafnaði.

Samkvæmt heimildum Sænska dagblaðsins eru flókin mál látin bíða til þess að hægt sé að senda fleiri mál til saksóknara á fyrri helmingi ársins. Haft er eftir lögreglumanni að 80 nauðgunarkærur bíði nú rannsóknar sem enginn hafi haft tíma til að sinna. Í staðinn rannsaki lögreglan einstaklinga sem hafi ekið á móti rauðu ljósi eða á staur. **- ibs**

Banki greiði bætur vegna myntláns

NOREGUR Nordea-bankinn hefur í undirrétti í Noregi verið dæmdur til að greiða hjónum bætur vegna milljónatjóns sem þau urðu fyrir. Þau höfðu tekið lán í erlendri mynt þegar þau keyptu sér sumarhús í Frakklandi. Það er mat dómstólsins að bankinn hefði átt að ráða hjónunum frá því að taka slíkt lán.

Hjónin tóku lán í svissneskum frönkum fyrir 2,5 milljónir norskra króna árið 2008. Upphæðin var komin í yfir 4,1 milljón á nokkrum árum. Bankinn var dæmdur til að greiða hjónunum 1,5 milljónir norskra króna eða næstum jafnháa upphæð og tapið hljóðaði upp á. **– ibs**

Whole Foods rekur 460 verslanir í þremur löndum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Amazon kaupir Whole Foods

VIÐSKIPTI Netrisinn Amazon mun festa kaup á bandarísku matvörukeðjunni Whole Foods. BBC greinir frá því að kaupverðið sé 13,7 milljarðar dollara og sé stærsta innreið Amazon á hinn hefðbundna smásölumarkað.

Amazon borgar 42 dollara fyrir hvern hlut í fyrirtækinu. Whole Foods sem stofnað var árið 1978 er leiðandi í sölu á lífrænum mat. Fyrirtækið rekur 460 verslanir í Bandaríkjunum, Kanada og Bretlandi og starfa 87 þúsund manns fyrir fyrirtækið.

Whole Foods hefur verið undir aðhaldi frá fjárfestum undanfarið vegna dræmrar sölu og aukinnar samkeppni. Í síðasta mánuði var nýr fjármálastjóri ráðinn til fyrirtækisins og komu nýir aðilar inn í stjórn þess.

Kaupverð Amazon á Whole Foods er 27 prósentum hærra en markaðsvirði fyrirtækisins þegar markaðir lokuðu á fimmtudag. **– sg**

GAKKTU Á HLJÓÐIÐ

TÓNLEIKA-DAGSKRÁ

14:00 Stuðmenn
14:45 Hildur
15:00 Between Mountains
15:45 Daði Freyr
16:30 Svala
17:15 Emmsjé Gauti

STÓRTÓNLEIKAR Í HLJÓMSKÁLAGARÐINUM 17. JÚNÍ

Skrúðgöngur leggja af stað kl. 13 frá Laugavegi við Barónsstíg og Hagatorgi. Þær nema staðar í garðinum græna, þar sem fjöldi listamanna kemur fram frá kl. 14–18. Auk tónleikadagskrár verða ýmsir aðrir viðburðir í garðinum. Brúðubíllinn, skátaþrautir, listhópar, Skólahreysti, Sirkus Íslands og margt fleira.

Sjáumst í hátíðarskapi.

#17JUNI
NÁNAR Á 17JUNI.IS

REYKJAVÍK LOVES
#reykjavikloves

Óskajógúrt þjóðarinnar á tyllidögum

Óskajógúrt hefur verið sjálfsagður hluti af matarmenningu íslensku þjóðarinnar í rúm 40 ár. Rétt eins og skúrademburá á þjóðhátíðardaginn er Óskajógúrtin aldrei langt undan. Þín óskastund getur því verið hvar og hvenær sem er.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Ástand heimsins

1

2

3

4

5

1 Verkamenn á Indlandi halda heim á leið á meðan verkfall á sér stað sem Gorhka Janmukti Morcha skipulagði í Darjeeling. Hundruð indverskra hermanna og lögreglumanna gættu strætanna í landinu þar sem hætta var talin á ofbeldi vegna mótmælanna.

2 Drengur á flótta situr við farangur fjölskyldu sinnar fyrir utan hið lokaða Nineveh International hótel í Mósúl í Írak. Hótelið var áður á valdi meðlima Íslamska ríkisins.

MYNDIR/AFP

3 Song Changfeng vinnur að leirstyttu í Sanchizhai stúdíóinu í Botou í Norður-Kína. Leirstyttur hafa verið vinsælar í gegnum aldirnar á svæðinu. Þjóðsögur eru oft viðfangsefni listamannanna.

4 Þungarokksaðdáendur rokkuðu á Hellfest þungarokkshátíðinni í Clisson í Frakklandi.

5 Heilbrigðisstarfsmaður og móðir reyna að ná niður sótthita í ungum dreng í Austur-Kongó fyrir utan heilbrigðisstofnun í kjölfar þess að malaría herjaði á þorp þeirra í Muma, þar sem um 40 manns greinast með malaríu á dag.

HÚSASMIÐJAN

blómaval

TILBOÐSVEISLA

Í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI

2 FYRIR 1 AF ÖLLUM SUMAR-BLÓMUM

LÝKUR Á SUNNUDAG

TAKTU TVÖ SUMARBLÓM AF SÖMU TEGUND OG BORGAÐU FYRIR EITT

OPIÐ í Skútuvogi 17. júní kl 10-18

Aðrar verslanir lokaðar

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Sláttuvélar
20-30% afsláttur

Black&Decker
30% afsláttur

Rafmagnshandverkfæri

Garðhúsgögn
25% afsláttur

SÚPER TILBOÐ

Rósir 10 stk búnt

1.990 kr

~~3.490 kr~~

Hjálmur fylgir öllum hjólum
Kaupauki

Háþrýstidælur
20-25% afsláttur

Ferðavörur
20% afsláttur

Claber garðvörur
25% afsláttur

FRÍ HEIMSENDING Í VEFVERSLUN HUSA.IS

EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA

Byggjum á betra verði

FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

Sakleysi fórnað

Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Seint á síðustu öld var um árabil eftirminnilegur móttökustjóri í forsætisráðuneytinu, sem þá hýsti forsetaembættið líka. Hann var vel við aldur, bakari að iðn, lágur vexti, tággrannur, fágaður í fasi og vinalegur en fastur fyrir. Hans hlutverk var að bjóða gesti velkomna og láta þá sem ekki voru á skrá gera grein fyrir sér. Dagleg öryggisvarsla var á hans könnu þó að fleiri hafi verið kallaðir til þegar mikið lá við.

Þetta var í kalda stríðinu og tíð hryðjuverk í Evrópu. Gíslataka Svarta september, alþjóðaarms PLO, á Ólympíuleikunum í München olli miklu blóðbaði, IRA framdi ódæði á Bretlandseyjum, Rauðu herdeildirnar skelfdu Ítali, Baader-Meinhof framdi morð og mannrán í Þýskalandi, Carlos, oft nefndur Sjakalinn, skildi eftir sig blóðslóð í Frakklandi og tíðar fréttir bárust af mannfórnum ETA á Spáni. Listinn var miklu lengri. Sveitir morðhunda, sem þjónuðu lund sinni með pólitísku yfirvarpi, voru fleiri þá en nú.

Þó virðist viðtekið að heimur fari versnandi. Það stenst ekki skoðun. Samantektir læknisins Hans Rosling, nýlátins meistara tölfræðinnar, sýndu minnkandi hryðjuverkaógn, færri styrjaldir, minna ofbeldi og almennt friðsælla mannlíf. Rannsóknir margra virtra fræðimanna leiða það sama í ljós. Samt mála grunnhyggnir leiðtogar nær og fjær heiminn æ dekkri litum. Afleiðingin er tortryggni, byggð á einstökum voðaverkum, en ekki heilli mynd af veruleikanum.

Hér birtist lögreglan grá fyrir járnum við saklaust fjölskylduhlaup og þjóðaröryggisráði er hóað saman í aflóga loftvarnarbyrgi, „á stað sem uppfyllir nauðsynlegar öryggiskröfur“, eins og aðstoðarmaður forsætisráðherra orðar það. Hvergi er útskýrt hvers vegna og ekki greint frá sérstökum váboðum.

Fyrst ekkert óvenjulegt kallar á viðbúnaðinn, má reikna með að lögregla verði við alvæpni á útisamkomum hér eftir. Hvernig á að manna tilstandið þegar æskan þyrpist á útihátíðir á sumrin? Eitthvað hlýtur það að kosta.

Á meðan sveltur fáliðuð almenn lögregla, sem þó reynist svo vel að Ísland er talið friðsælasta land í heimi. Lögregla getur ekki fengið betri einkunn. Enda nýtur hún trausts og á skilið ríkulegri umbun fyrir sín daglegu störf.

Byssur geta stoppað voðaverk. En hvort fælingarmáttur þeirra sé yfir höfuð fyrir hendi gegn þeim, sem líklegastir eru til að myrða blásaklaust fólk, er óvíst. Byssur gætu eins virkað sem segull á heilaþvegna blóðhunda, sem hika ekki við að fórna eigin lífi þegar lagt er til atlögu. Markmið þeirra er blóðbað. Óttast fólk í slíku hugarástandi byssur?

Margt hefur breyst frá dögum móttökustjórans aldna. Mannlífið er fjölskrúðugra – ferðafólk, farandverkamenn og nýbúar fagna 17. júní með okkur í dag. Það er ánægjuefni. Svartir sauðir slæðast óhjákvæmilega með. Því þarf að mæta af yfirvegun. En erfitt er að koma auga á rökin fyrir vopnabyltingunni sem hellist yfir okkur.

Er verið að fórna sakleysinu á altari viskunnar – eða á altari óþarfa ótta?

Samt mála grunnhyggnir leiðtogar nær og fjær heiminn æ dekkri litum. Afleiðingin er tortryggni, byggð á einstökum voðaverkum, en ekki heilli mynd af veruleikanum.

Apótek Garðabæjar
Gríptu lyfin á leiðinni heim
Apótek Garðarbæjar í alfaraleið

Litlatún 3, Garðarbæ | Sími 577 5010

Gunnar

Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir

ISIS 1 – Ísland 0

Það var laugardagskvöld, klukkan var ellefu og ég var á leið í háttinn. Úrill stóð ég inni á baði og burstaði í mér tennurnar. Áhyggjur af ókláruðum verkum sáðu sér eins og illgresi um hugann. Mjólkin var búin. Myndi kók út á Cheerios barnanna í fyrramálið hringja sjálfkrafa viðvörunarbjöllum hjá barnaverndaryfirvöldum? Og kakan, helvítis kakan sem mér hafði verið falið að baka fyrir íþróttadaginn í leikskólanum. Af hverju mátti hún ekki vera úr pakka? Krökkunum stæði á sama. Helmingurinn af þeim borðaði sand. Það var mamma Sophie sem krafðist heimabaksturs. Sjitt hvað ég þoldi ekki mömmu Sophie. Hver stýrði afmæli barnsins síns með kúabjöllu? Ding-ding: „Hummusinn og gulrótarstangirnar eru komin á borðið, vinsamlegast myndið einfalda röð.“ Ó fokk, ég átti eftir að taka úr þvottavélinni.

En svo kallaði eiginmaðurinn í mig innan úr stofu: „Kveiktu á fréttunum; það er eitthvað að gerast á London Bridge.“

Kúabjallan, beljan og heimilisverkin gleymdust á augabragði er samhengi hlutanna skall á mér eins og löðrungur.

Skálað í flötum bjór

Í dag eru tvær vikur síðan hryðjuverkaárás var gerð í London. Þrír hrottar óku sendiferðabíl á gangandi vegfarendur, stukku þvínæst út úr honum og réðust á fólk af handahófi með hnífum. Átta létust og fjörutíu og átta særðust.

Ég bý í London. Daginn eftir árásina ultu klukkustundirnar áfram eins og tilfinningasnjóbolti sem hlóð utan á sig sorg, reiði og ótta. Hvað áttum við að gera? Við gætum varla farið í neðanjarðarlestina eins og til stóð. Var það? Yrðum við ekki bara að halda okkur heima? Læsa dyrum. Loka gluggum. Var hægt að búa í London við þessar aðstæður? Ættum við kannski að flytja í einhvern óþekktan smábæ? Crapham. Shitwich.

En snjóinn leysti og æðið bráði af mér. Fjölskyldan klæddi sig í sunnudagspússið, steig um borð í lest sem ók um London Bridge lestarstöðina og gerði sér glaðan dag með góðum vinum. London var samstíga. Hryðjuverkamenn skyldu engu fá breytt. Allir skyldu halda sínu striki, ganga um göturnar, borða á veitingastöðunum og skála í flötum bjór að breskum sið.

Þegar heim var komið fékk ég mér sæti inni í stofu og gerði nokkuð sem ég taldi sakleysislegt. Ég fór á Facebook. En án þess að átta mig á því spilaði ég beint upp í hendurnar á hryðjuverkamönnunum.

Tilhæfulaus ótti

Í dag er 17. júní. Hæ, hó, jibbí, jei og gleðilega hátíð.

Eins og fram kom í fréttum í vikunni verða hátíðahöldin með breyttu sniði í ár. Vopnaðir lögreglumenn munu gæta 17. júní gleðinnar. Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri sagði í viðtali að ástæðan væri „sú þróun sem hefur átt sér stað í nágrannalöndunum, nú síðast í London þar sem óðir menn gengu um og myrtu fólk á götum rinnar“.

Í kjölfar hryðjuverkanna í London smellti ég á takka á Facebook sem tilkynnti vinum á samfélagsmiðlinum að ég væri heil á húfi. Það var ekki fyrr en ég las grein á Independent um málið sem ég gerði mér grein fyrir hvað ég hafði í raun gert. „Hættan á að særast í hryðjuverkaárás er hverfandi,“ sagði í greininni. „Öryggishnappurinn breiðir út tilhæfulausan ótta og skapar andrúmsloft þrungið hættu.“

Vopnaðir lögreglumenn á 17. júní eru eins og öryggishnappurinn á Facebook: Ráðstöfun sem virðist þjóna hagsmunum almennings en vinnur þvert á móti með hryðjuverkamönnunum.

Aðalvopn hryðjuverkamannsins

Hryðjuverkaárásin í London var enn önnur árás á gildi Vesturlanda; frelsi, jafnrétti og opið samfélag. Hnífar, sprengjur og trukkar eru hins vegar ekki þau vopn sem samfélagsgerð okkar stafar mest hætta af. Aðalvopn hryðjuverkamannsins er óttinn. Með ódæðisverkunum í London hugðust fylgismenn ISIS sá fræjum ótta og tortryggni; þeir vildu að við hugsuðum okkur tvisvar um áður en við kæmum saman til að syngja, dansa, borða, drekka og gleðjast.

Vopn vekja ugg. Alveg eins og öryggishnappurinn á Facebook breiða þau út „tilhæfulausan ótta og skapa andrúmsloft þrungið hættu“. Ef hryðjuverk í London veldur því að vopnaðir lögreglumenn verða hluti af íslensku landslagi hafa hryðjuverkamennirnir haft erindi sem erfiði. ISIS 1 – Ísland 0.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,
ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

17. JÚNÍ HÁTÍÐ Í KÓPAVOGI

DAGSKRÁ

Kópavogsvöllur 10:00
17. júní hlaup fyrir börn í 1.-6. bekk.

Skrúðganga 13:30
Frá Menntaskólanum í Kópavogi að Rútstúni.
Skátafélagið Kópar og Skólahljómsveit Kópavogs.
Nýstúdent og Fjallkona leiða gönguna.
Skrúðgangan leggur af stað klukkan 13:30.

Á Rútstúni og víðar
Götuleikhús Kópavogs verður á flakki með alls kyns sprell. Leiktæki, barnatjald fyrir 0-5 ára, hoppukastalar, veltibíll, andlitsmálun og fleira. Íþrótta- og æskulýðsfélög verða með sölutjöld á Rútstúni. Hjálparsveit skáta í Kópavogi verður við enda Vallargerðisvallar. Veitingasala, klifurveggur og sveitin sýnir tæki og búnað.

Útisvæði við Menningarhús Kópavogs
Gerðarsafn verður opið kl. 11-17.
Veitingastaðurinn Garðskálinn opinn að venju.
Leiktæki fyrir börnin, Skapandi sumarhópar úr Molanum, Krakkahestar, andlitsmálun og fleira.

Gjábakki 14:00 -17:00
Hátíðarkaffi í félagsmiðstöðinni Gjábakka.
Fjáröflun til styrktar starfsemi íþróttafélagsins Glóðar. Kaffihlaðborð kr. 2.000, 500 fyrir börn.
Atriði frá Skapandi sumarhópum Molans.
Kristjana Stefánsdóttir og Svavar Knútur.

Rútstún 14:00 -18:00

HÁTÍÐAR- OG SKEMMTIDAGSKRÁ Á RÚTSTÚNI

Kynnar:
Björgvin Franz og Þorleifur Einarsson

HÁTÍÐARDAGSKRÁ:

Hefst klukkan 14:00

Skólahljómsveit Kópavogs spilar undir stjórn Jóhanns Björns Ævarssonar
Bæjarstjóri Kópavogs, Ármann Kr. Ólafsson
Nýstúdent flytur ræðu
Fjallkona flytur ljóð

SKEMMTIDAGSKRÁ:

Hefst klukkan 14:20

Villi og Sveppi
Skoppa og Skrítla
Fjarskaland
Sigurvegari söngkeppni félagsmiðstöðva Kópavogs
Svala
Aron Hannes
Jón Jónsson ásamt hljómsveit

STÓRTÓNLEIKAR Á RÚTSTÚNI HEFJAST KLUKKAN 19:30
KYNNIR: EVA RUZA
EMMSJÉ GAUTI - BIRNIR - REYKJAVÍKURDÆTUR - SSSÓL

Nánari upplýsingar á : www.kopavogur.is

Kópavogsbær

Glæsimark Fanndísar réð úrslitum í grannaslagnum

Gerði gæfumuninn fyrir græna Blikinn Fanndís Friðriksdóttir fagnar sigurmarki sínu gegn Stjörnukonum í stórleik gærkvöldsins í Pepsi-deild kvenna. Markið var í glæsilegri kantinum en Fanndís þrumaði boltanum upp í markhornið. Þetta var fimmta mark Fanndísar í Pepsi-deildinni í sumar. Þrátt fyrir sigurinn er Breiðablik sex stigum á eftir toppliði Þórs/KA sem hefur unnið alla átta leiki sína í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þurfum að nýta heimavöllinn

Íslenska karlalandsliðið í handbolta er einum sigri frá því að tryggja sér sæti á tíunda Evrópumótinu í röð. Annað kvöld mæta íslensku strákarnir ólseigum Úkraínumönnum sem unnu fyrri leik liðanna ytra.

HANDBOLTI Þrátt fyrir slæmt tap fyrir Tékkum á miðvikudaginn er staða Íslendinga í undankeppni EM 2018 ekki verri en svo að sigur á Úkraínumönnum í Laugardalshöllinni annað kvöld fleytir liðinu inn í lokakeppnina í Króatíu.

Ísland hefur tekið þátt í öllum Evrópumótum frá því í Króatíu árið 2000 og strákarnir okkar hafa væntanlega engan áhuga á að breyta út af þeim vana.

„Uppleggið er alltaf það sama, þetta gengur út á að vinna. Það er mikilvægt að við komum tilbúnir til leiks. Við erum að spila á heimavelli og þurfum að nýta okkur það og vonandi fáum við fulla höll og góða stemningu. Við gefum allt í verkefnið," sagði landsliðsþjálfarinn Geir Sveinsson í samtali við Fréttablaðið í gær.

Kári Kristján Kristjánsson og Aron Pálmarsson liðka sig á æfingunni í Laugardalshöllinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Enn möguleiki á 2. sætinu

Vinni Ísland leikinn á morgun fer það áfram sem það lið sem er með bestan árangur í 3. sæti riðlanna sjö í undankeppninni. Möguleikinn á að ná 2. sætinu í riðlinum er líka enn til staðar. Til að það gangi eftir þarf Ísland að sjálfsögðu að vinna og treysta á að Tékkland vinni Makedóníu í Skopje á sama tíma. Líkurnar eru íslenska liðinu þó ekki í hag því Makedóníumenn eru afar erfiðir heim að sækja og þá hefur ekki enn unnist útisigur í riðlinum.

Ísland tapaði fyrri leiknum gegn Úkraínu ytra, 27-25. Þótt úkraínska liðið sé ekki beint stjörnum prýtt er það sýnd veiði en ekki gefin.

„Úrslitin í riðlinum tala sínu máli. Fyrirfram voru þeir taldir veikasta liðið í riðlinum en eins og komið hefur í ljós er það langt því frá," sagði Geir um Úkraínumenn sem spila frekar gamaldags handbolta.

„Sumir myndu segja að þeir spili ekki nútíma handbolta en hver getur leyft sér að segja hvað það er ef það virkar. Þetta er gamli rússneski skólinn og hann var heldur betur góður hérna áður fyrr og margt sem virkar enn í dag. Þeir eru með öflugan markvörð og þeir eru stórir og þungir og þetta er mjög líkamlega krefjandi verkefni."

Eftir að hafa spilað góðan sóknarleik í sigrinum á Makedóníu, 30-29, á heimavelli í byrjun maí var íslenska sóknin í tómu tjóni lengst af gegn Tékklandi. Íslendingar voru reyndar ekki með marga tapaða bolta en flæðið í leik liðsins var lítið framan af og þá fór það illa með dauðafærin.

Þurfa að fjölda sendingunum

„Við þurfum að fjölga sendingum," sagði Geir um hvað þyrfti að bæta í sóknarleik Íslands.

„Við tókum of mörg 50-50 tækifæri. Við vorum að skoða leikinn aðan og í hvert skipti sem við fjölguðum sendingum endaði það yfirleitt með góðu færi eða marki. Svo þurfum við smá hraðabreytingu þegar við setjum okkar aðgerðir í gang."

Gengið vel að vinna með 5-1

Varnarleikur íslenska liðsins hefur að mestu verið góður í undankeppninni. Í síðustu tveimur leikjum, gegn Makedóníu og Tékklandi, hefur Geir skipt yfir í 5-1 vörn sem hefur gefið góða raun. En kemur til greina að byrja leikinn á morgun með þá vörn?

„Það gæti alveg verið pæling. Við getum allavega verið fljótir að breyta yfir í hana. Það hefur gengið vel að vinna með hana. Við erum með þrista, Bjarki [Má Gunnarsson] og Ólaf [Guðmundsson], sem ná vel saman og bakverðirnir hafa komið vel inn í þetta," sagði Geir.

Þjálfarinn kallaði línumanninn Atla Ævar Ingólfsson og markvörðinn Ágúst Elí Björgvinsson inn í æfingahópinn fyrir leikinn á morgun. Alls tóku 19 leikmenn þátt á æfingunni í gær. Geir segist ekki vera búinn að ákveða hvaða 16 leikmenn verði á skýrslu annað kvöld.

„Ég get ekki svarað því á þessari stundu. Við tókum Atla inn vegna meiðslanna sem Arnar Freyr [Arnarsson] lenti í. Við tókum Ágúst inn á æfingar og vorum pínulítið að verðlauna hann fyrir góða frammistöðu á Noregsmótinu. Við verðum bara að sjá til," sagði Geir að lokum.

ingvithor@365.is

Nýjast

Pepsi-deild kvenna

Þór/KA - Grindavík 5-0
1-0 Sandra Stephany Mayor Gutierrez (11.), 2-0 Sandra María Jessen (15.), 3-0 Sandra María (43.), 4-0 Sandra María (84.), 5-0 Sjálfsmark (89.)

Fylkir - ÍBV 0-5
0-1 Cloé Lacasse (23.), 0-2 Kristín Erna Sigurlásdóttir (37.), 0-3 Lacasse (56.), 0-4 Lacasse (71.), 0-5 Lacasse (86.).

Haukar - KR 0-2
0-1 Hólmfríður Magnúsdóttir (68.), 0-2 Ásdís Karen Halldórsdóttir (84.).

Breiðablik - Stjarnan 1-0
1-0 Fanndís Friðriksdóttir (35.).

Valur - FH 4-0
1-0 Anisa Raquel Guajardo (3.), 2-0 Elín Metta Jensen (29.), 3-0 Ariana Calderon (57.), 4-0 Elín Metta (89.).

Staðan

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	S
Þór/KA	8	8	0	0	21-3	24
Breiðablik	8	6	0	2	16-4	18
Stjarnan	8	5	1	2	19-9	16
ÍBV	8	5	1	2	15-8	16
Valur	8	5	0	3	20-9	15
FH	8	4	0	4	11-11	12
KR	8	2	0	6	6-15	6
Grindavík	8	2	0	6	6-23	6
Fylkir	8	1	1	6	4-19	4
Haukar	8	0	1	7	5-22	1

Inkasso-deildin

ÍR - Keflavík 1-3
0-1 Hólmar Örn Rúnarsson (25.), 1-1 Andri Jónasson (41.), 1-2 Frans Elvarsson (67.), 1-3 Jeppe Hansen (80.).

Staðan

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	S
Fylkir	7	5	1	1	14-6	16
Þróttur R.	7	5	1	1	14-7	16
Keflavík	7	3	3	1	13-7	12
Fram	7	3	2	2	11-12	11
Selfoss	6	3	1	2	8-6	10
Leiknir R.	7	2	3	2	12-11	9
Þór	7	3	0	4	11-13	9
Haukar	7	2	3	2	9-11	9
ÍR	6	2	1	4	8-11	7
HK	7	2	0	5	8-12	6
Grótta	7	1	2	4	6-12	5
Leiknir F.	6	1	1	4	7-13	4

ANNAÐ DEMANTAMÓT ANÍTU

Aníta Hinriksdóttir tekur þátt á öðru Demantamóti í Stokkhólmi á morgun þar sem hún keppir í 800 metra hlaupi. Aníta keppti á Demantamóti á Osló á fimmtudaginn bætti þar tæplega árs gamalt Íslandsmet sitt um níu hundraðshluta úr sekúndu. Aníta virðist vera í góðu formi þessa dagana og það er mikilvægt fyrir hennar þróun sem hlaupara í fremstu í röð að komast inn á jafn sterk mót og Demantamótin eru. Hlaup Anítu hefst síðdegis á morgun.

Í dag

Sportrásirnar

17.00	US Open	Golfstöðin
18.55	Getafe - Huesca	Sport
19.00	Meijer LPGA Classic	Sport 4
01.00	Box: Ward vs Kovalev	Sport
15.15	Meijer LPGA Classic	Sport 4
16.45	Valur - KA	Sport
17.00	US Open 2017	Golfstöðin
18.55	Tenerife - Cadiz	Sport

Pepsi-deild karla

17.00 Valur - KA
17.00 Grindavík - ÍBV

Inkasso-deildin

15.00 Selfoss - Leiknir F.

BEARNAISE KARTÖFLUSALAT
Pykkvabæjar
Nýtt
Nú tvær nýjar tegundir!
GRILL-
MATURINN
ELSKAR
Pykkvabæjar
SÆTKARTÖFLU SALAT
400 gr.
Pykkvabæjar
Nýtt

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN
17. JÚNÍ 2017 LAUGARDAGUR

Vilborg Arna segir mikilvægt að leyfa börnunum að ráða svolítið för. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Tjaldið fyrst í garðinum heima

Vilborg Arna Gissurardóttir Everestfari mælir með því að leyfa börnum fyrst að prófa að tjalda í garðinum. Hún hefur ásamt Pálínu Ósk Hraundal gefið út Útilífsbók fjölskyldunnar þar sem leynast gagnleg ráð fyrir útiveruna.

Það skiptir miklu máli að börn fái smá aðlögunartíma," segir Vilborg Arna Gissurardóttir Everestfari um hvað beri að hafa í huga fyrir fyrstu tjaldútilegu barna með fjölskyldunni. „Það getur verið sniðugt að prófa að tjalda í garðinum fyrst. Að leyfa þeim að prófa að sofa í svefnpoka og hafa gaman í tjaldi," mælir Vilborg Arna með.

Vilborg Arna lumar á ótal góðum ráðum hvað varðar útivist fyrir fjölskylduna. Nýverið kom út bókin Útilífsbók fjölskyldunnar hjá Forlaginu þar sem er að finna hugmyndir og ráð hvað varðar útivist allt árið um kring.

En meira um fyrstu tjaldútileguna sem margir stefna á í sumar.

„Það skiptir miklu máli að hlusta á börnin, leyfa þeim svolítið að ráða ferðinni. Hafa gaman, það er það sem öllu máli skiptir," bendir Vilborg Arna á. „Ef þau eru á göngu og kvarta undan því að meiða sig í skónum, þá þarf að bregðast strax við. Þá er kannski hægt að koma í veg fyrir sársaukafulla blöðru á fæti. Það er alltaf hægt að bregðast einhvern veginn við og færa til betri vegar," segir hún.

> FÓLK ÆTTI SÍÐAN AÐ FESTA TJALDSTÆÐIÐ SEM PUNKT, Í GPS-TÆKINU EÐA APPI Í SÍMANUM.

Vilborg Arna mælir með því að fólk velji sér vel tjaldstæði og fari rétt útbúið í fyrstu tjaldútileguna. Hugarfarið skipti hins vegar mestu máli þegar kemur að því að gera útivistina spennandi fyrir börnum. „Mér finnst gaman að tjalda úti í náttúrunni og það er alltaf spennandi að finna góðan stað. Mér finnst gott að geta gengið og sótt mér vatn í læk og að hafa rjóður í grenndinni. Fólk ætti síðan að festa tjaldstæðið sem punkt, í GPS-tækinu eða appi í símanum. Þannig að þegar farið er í göngu eða slíkt, sé létt að finna aftur tjaldið. Svo bara að hafa það í forgangi að skemmta börnunum, gera allt sem viðkemur tjaldútilegunni, gönguferðum og öðru skemmtilegu. Það er góð hugmynd að stinga upp á leikjum ef það er komin þreyta í þau yngstu," segir Vilborg. „Þetta má ekki verða kvöl og pína, ef börn eru ekki í stuði eða þreytt þá verður að taka mið af því."

Vilborg minnir þá sem huga á tjaldútilegu að gæta að gróðrinum og vera vakandi fyrir umhleypingum í veðri. „Það þarf alltaf að vera klæddur miðað við aðstæður og alltaf gott að sofa með húfu og í ullarsokkum þegar sofið er í tjaldi."

Gátlisti fyrir tjaldútilegu

BÚNAÐUR

- Tjald
- Dýna
- Svefnpoki
- Klósettpappír í plastpoka
- Eldspýtur eða kveikjari
- Höfuðljós/Vasaljós
- Sólarvörn
- Sólgleraugu
- Skyndihjálpartaska
- Matur
- Vatnsflaska
- Ævintýrabók/Hljóðbók
- Uppáhaldsbangsinn
- Brauðpokar (frábærir ef skórnir eru orðnir blautir og verjast þarf frekari bleytu)

FATNAÐUR

- Ysta lag (skel)
- Þykkir sokkar
- Þykk peysa
- Miðlag (flíspeysa)
- Innsta lag (þunnur ullarbolur, föðurland)
- Stuttbuxur (ef spáin er góð)
- Góðir skór

Tveir góðir útileikir

Punktur og króna
Fyrir þennan leik þarf að finna góðan stað þar sem einn þátttakandi grúfir við staur, vegg eða álíka á meðan hinir í hópnum fela sig. Hópurinn þarf að ákveða í sameiningu upp á hvaða tölu á að telja. Yfirleitt er ekki farið yfir töluna 100. Þegar sá sem er hann er búinn að telja segir hann hátt og skýrt síðustu töluna svo allir viti að nú fari hann af stað. Þá hefst leitin að öllum í hópnum. Þegar hann svo hefur komið auga á einhvern úr hópnum reynir hann að komast fyrstur að starunum og segir: Punktur og króna fyrir (nafn) einn, tveir og þrír. Ef sá sem var í felum kemst fyrr að staurnum segir hann hátt og skýrt: Punktur og króna fyrir mér, einn, tveir og þrír.

Hlaupa í skarðið
Hópurinn myndar hring. Einn þátttakandi er fenginn til þess að standa fyrir utan hringinn og hlaupa réttsælis í kringum hann. Hann velur sér svo einn úr hringnum og slær í bakið á honum og þá þarf sá að hlaupa í gagnstæða átt. Þessir tveir keppast svo um að ná í skarðið sem er í hringnum. Sá sem er á undan fær þann stað í hringnum en snýr bakinu inn í hringinn og ekki má láta hann hlaupa aftur. Svona heldur leikurinn áfram þangað til allur hópurin hefur fengið að hlaupa.

Laugavegur 77

956 m² skrifstofa á einni hæð.
Minni rými einnig í boði.

Fjórða hæðin er til leigu í þessu vandaða húsi, hún er 956 m² en henni má skipta í tvö rými sem eru 386 og 570 m². Á fimmtu hæðinni er einnig til leigu um 140 m² skrifstofurými. Rýmin eru til afhendingar fljótlega og möguleiki er á að Reitir endurinnrétti rýmin til að þau henti nýrri starfsemi.

Austurstræti 12

95 m² skrifstofurými á 2. hæð

Skrifstofuhúsnæði til leigu á 2. hæð við Austurvöll. Komið er inn í rýmið í gegnum sameiginlegt stigahús í miðju húsinu. Skrifstofan skiptist í tvö rými. Sunnanmegin er skrifstofurými með útsýni yfir Austurvöll og norðanmegin er annað rými sem snýr að Austurstræti.

Borgir á Akureyri

270 m² útsýnisskrifstofa

Vandað skrifstofuhúsnæði til leigu á 7. hæð. Rýmið skiptist í opið rými og nokkur herbergi. Lyfta er í húsinu, næg bílastæði og fagleg húsumsjón. Húsnæðið er laust til afhendingar við undirritun.

TIL LEIGU

Myndir, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á **www.reitir.is** og hjá **Halldóri Jenssyni** sölustjóra í **840 2100** eða **halldor@reitir.is.**

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

REITIR
Velkomin til starfa

„Sársaukinn var ólýsanlegur,“ segir Ásdís Rán sem er margbrotin eftir slysið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Engar hindranir

Ásdís Rán Gunnarsdóttir er margbrotin eftir fall niður steinstiga. Hún segir frá slysinu og krefjandi endurhæfingu fram undan. „Ég hef ekki hugmynd um hvernig þetta verður eða hvort ég nái mér að fullu,“ segir hún og trúir því að hindranir séu til að komast yfir þær.

Athafnakonan Ásdís Rán hefur alla tíð haft nóg fyrir stafni. Nú þarf hún hins vegar að taka öllu með ró og einbeita sér að einföldum markmiðum. Hún er bundin við hjólastól eftir alvarlegt slys, er rétt svo farin að styðja sig við hækjur í styttri tíma. Fram undan er viðamikil endurhæfing sem tekur allan hennar tíma. Hversdagurinn er krefjandi verkefni.

Meðvitundarlaus eftir fallið

„Dagurinn byrjaði á því að reyna að komast fram úr, það er töluvert flóknara núna og tekur allt miklu lengri tíma en áður. Þetta einfalda verkefni að komast fram úr rúminu og taka sig til fyrir daginn er nú heilmikið verkefni sem getur tekur á þolinmæðina, þetta er versti tími dagsins,“ segir Ásdís Rán. Mjaðmagrindin er tvíbrotin, að framan og aftan, rifbein eru brotin og vinstri hendi. Þá er hún einnig illa tognuð á öxl og hálsi. Ásdís Rán lá á spítala í tvær vikur.

„Ólukkan elti mig heldur betur eitt kvöldið og ég rann til og féll töluvert langt aftur á bak niður steinstiga. Ég man ekkert eftir þessu, hvorki fallinu né því sem gerist eftir það nema þá í nokkrum óljósum brotum. Ég veit að þetta gerðist rétt um tíu um kvöld. Ég var meðvitundarlaus í einhvern tíma en ég man ég rankaði óljóst við mér og ældi. Ég fann að ég gat ekki hreyft mig og reyndi eitthvað að skríða áfram en það gekk illa og ég lá þarna í einhvern tíma með hálfri meðvitund.“

Skreið brotin upp stigann

Ásdísi tókst með ótrúlegum hætti að komast aftur upp stigann og leggjast upp í rúm. „Ég hugsaði, vertu nú ákveðin Ásdís því nú er að duga eða drepast. Þú verður að standa upp og reyna að bjarga þér. Einhvern veginn náði ég að koma mér upp stigann og upp í rúm en ég man ekki eftir því. Ég skil það ekki enn þann dag í dag því ég gat ekki staðið í fæturna. Læknirinn sagði mér að oft fengi fólk innspýtingu adrenalíns í svona aðstæðum og næði að bjarga sér á ótrúlegan hátt.“

Hún hringdi ekki á sjúkrabíl. Heldur lagðist fyrir. „Ég veit ekki út af hverju ég hringdi ekki á sjúkrabíl. Ég er samt vön að hrista af mér sársauka og fer nú yfirleitt ekki til læknis þó ég sé nálægt því að drepast eins og þessa nótt. Ég gleymi því ekki hvað mér leið vel í rúminu, það var allur sársauki tekinn frá mér og mér hefur aldrei liðið eins vel. Það var eins og ég væri vafin í silki, ég var á einhverjum yndislegum stað og ég vildi ekki vakna. Nokkrum sinnum datt ég inn í raunveruleikann en datt út fljótt aftur,“ segir Ásdís sem rankaði ekki almennilega við sér fyrr en snemma um morguninn.

Slæmar fréttir

„Þá helltist allt yfir mig, ég fann ég gat ekki hreyft mig og gerði mér grein fyrir því að eitthvað hræðilegt hefði gerst, ég náði að hringja í mömmu og hún kom til mín strax og hringdi strax á sjúkrabíl.

Það gekk erfiðlega að koma mér í bílinn því það mátti ekkert hreyfa mig. Sársaukinn var ólýsanlegur en ég var samt alveg hress og ruglaði vel í þeim sem urðu á leið minni. Læknirinn sagði mér að fólk lagaðist oft ótrúlega fljótt eftir að það hefði farið í röntgenmyndatöku og komist að því að ekkert væri brotið og ég trúði því þá enn að það væri nú ekkert mjög hræðilegt sem hefði komið fyrir. Ég hefði kannski marist illa. En þegar röntgenmyndatökunni er lokið og mér rúllað út á sjúkrarúminu þá sé ég á svip systur minnar að það var ekki svo. Hún var með tárin í augunum. Ég hugsaði með mér, hvað í andskotanum væri að henni en þá kom mamma og tilkynnti mér það að ég væri fjórbrotin jafnvel meir og það kom í ljós að mjaðmagrindin var tvíbrotin, að framan og aftan, rifbein brotin og höndin og ásamt því var ég illa tognuð á öxlinni og hálsi.“

Lúxus á Landspítala

Ásdís Rán segir fyrstu vikuna á spítalanum í móðu, önnur vikan var virkilega erfið.

Ég var flutt á milli deilda í nokkra daga áður en ég fékk loks pláss á bæklunarskurðdeildinni, fyrsta vikan er mest í móðu ég var á sterkum verkjalyfjum dag og nótt, var með þvaglegg , hreyfði mig lítið sem ekkert og svaf bara. Vika tvö var hræðileg þá þurfti ég að byrja að hreyfa mig aðeins, standa upp og reyna að bæta mig daglega í hreyfigetu,“ segir Ásdís Rán og segir vikuna hafa reynt á sig. Þó hafi hennar beðið erfiðara verkefni því að þessum tveimur vikum loknum var hún send heim.

„Ég var svo send heim í óvissuna og átti að byrja að reyna að bjarga mér sjálf án aðstoðar og sjúkrahúsbúnaðarins sem ég hafði notast við alla daga. Fyrstu dagarnir heima voru hræðilegir en nú er ég orðin vön aðstæðum og verð betri með hverjum deginum, mamma er búin að vera svakalega dugleg að hjálpa mér og sjá til þess að ég fái smá súrefni og sól daglega, hún dröslar mér um í hjólastólnum og dregur mig út úr húsi. Einnig hafa vinkonur mínar verið duglegar að kíkja til mín, hjálpa mér heima og gera mér glaðan dag, þannig ég er alveg þokkalega heppin slösuð kona þó ég sé ein í þessu stóra verkefni.“

Ásdís Rán lofar þá aðhlynningu sem hún fékk á spítalanum. „Það var mjög fínt á spítalanum og alveg yndislegt starfsfólk og frábær þjónusta sem ég fékk að njóta á þessum hræðilega erfiðu tveimur vikum! Ég var líka rosalega hrifin af matnum á Landspítalanum í Fossvogi,“ segir hún og tekur glettilega fram að það eigi alls ekki við um matinn á Landspítalanum við Hringbraut þar sem hún dvaldi fyrstu dagana. „En þetta var allt saman bara lúxus, og ég hef samanburðinn. Ég hef dvalið á sjúkrahúsum í mörgum af þeim löndum sem ég hef búið í síðustu fimmtán ár víðsvegar um Evrópu. Ég tók reyndar eftir mikilli manneklu á bæklunarskurðdeild,“ segir Ásdís Rán frá.

Langt ferli fram undan

Hún segist bíta á jaxlinn. „Fyrstu vikurnar voru svakalega erfiðar, ég var á mjög sterkum verkjalyfjum allan sólarhringinn. Þetta var bara tími sem ég þurfti að reyna að lifa af og komast yfir. Ég varð bara að bíta á jaxlinn, reyna að höndla sársaukann og staðreyndina að ég væri ósjálfbjarga í öllum þessum einföldu hversdagslegu hlutum. Fæturnir farnir og aðeins hálfur efri hluti líkamans í virkni. Öll vinstri hliðin hálf lömuð því brotin eru helst vinstra megin á hendi, rifbeinum og mjöðm. Það er ósjálfrátt sem maður reynir að hrista af sér, brosa í gegnum tárin og reyna að líta út fyrir að vera hress og í lagi til að valda ekki of miklum áhyggjum hjá fjölskyldu og vinum sem líta við í heimsókn. Það var mjög fínt þegar verkjalyfin voru í hámarki, þá langaði mig stundum að stökkva upp úr rúminu og hlaupa af stað en í staðinn dröslaðist ég um eins og skjaldbaka í hjólastólnum eða göngugrindinni og reyndi að æfa mig.“

Endurhæfing er fram undan en getur ekki hafist strax vegna þess að brotin eru á erfiðum stöðum líkamans. „Ég má ekki byrja í neinu næstu vikur því miður, beinin sem brotnuðu eru svo lengi að byrja að gróa, þau byrja ekki að festa sig fyrr en eftir þrjár til fjórar vikur. Svo tekur það margar vikur í viðbót til að gróa alveg. Þá má ég fyrst byrja í sjúkraþjálfun og einhverju prógrammi,“ segir Ásdís Rán til marks um það hvað ferlið getur verið langt.

Læknarnir segja Ásdísi að endurhæfingarferlið sé persónubundið. Það geti tekið mánuði, eða ár. „Ég var víst heppin að brotin mín féllu

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Sumardagskrá Borgarsögusafns Reykjavíkur

Viðey

JÚNÍ

4. júní	sun	13:15 – 15:30	Útieldamennska
11. júní	sun	11:00 – 18:00	Sjómannadagskaffi í Viðeyjarstofu
18. júní	sun	10:15 – 12:30	KVENNAHLAUP ÍSÍ
18. júní	sun	13:15 – 15:30	Dagur villtra blóma
21. júní	mið	20:00 – 23:00	Sumarsólstöðuganga
25. júní	sun	13:15 – 15:30	Gengið með Önnu Rósu grasalækni

JÚLÍ

2. júlí	sun	13:00 – 16:00	Barnadagur í Viðey
16. júlí	sun	13:15 – 15:30	Hjólaleiðsögn með Steini Ármanni leikara
23. júlí	sun	13:15 – 15:30	Jóga og gongslökun með Arnbjörgu Kristínu Konráðsdóttur

ÁGÚST

20. ágúst	sun	13:15 – 15:30	Kúmenganga
27. ágúst	sun	13:15 – 15:30	Þjóðsögur í Viðey með Björk Bjarnadóttur þjóðfræðingi

Árbæjarsafn

JÚNÍ

4. júní	sun	13:00 – 16:00	Lífið í þorpinu
9. júní	fös	14:00 – 14:30	Brúðubíllinn
11. júní	sun	13:00 – 16:00	Póstur póstur!
17. júní	lau	13:00 – 16:00	Þjóðhátíðardagskrá
18. júní	sun	13:00 – 16:00	Frá býli til borgar
23. júní	fös	22:30 – 24:00	Jónsmessuganga
25. júní	sun	13:00 – 16:00	Rababararúna!

JÚLÍ

2. júlí	sun	13:00 – 16:00	Fornbíladagurinn
9. júlí	sun	13:00 – 16:00	Verk að vinna!
16. júlí	sun	13:00 – 16:00	Harmónikkuhátíð og heyannir
23. júlí	sun	13:00 – 16:00	Árdagar Reykjavíkur
24. júlí	mán	14:00 – 14:30	Brúðubíllinn
30. júlí	sun	13:00 – 16:00	Kóngurinn kemur!

ÁGÚST

6. ágúst	sun	13:00 – 16:00	Komdu að leika!
7. ágúst	mán	13:00 – 16:00	Komdu að leika!
11. ágúst	fös	13:00 – 16:00	60 ára afmæli Árbæjarsafns
12. ágúst	lau	13:00 – 16:00	60 ára afmæli Árbæjarsafns
13. ágúst	sun	13:00 – 16:00	60 ára afmæli Árbæjarsafns
20. ágúst	sun	13:00 – 16:00	Tafl og skrafl
27. ágúst	sun	13:00 – 16:00	Ull í fat – mjólk í mat

www.borgarsogusafn.is

öll mjög vel saman og það þurfti ekki að gera neinar aðgerðir," segir Ásdís Rán og segir nánustu framtíð og endurhæfingu í óvissu.

„Ég veit ekki neitt og ég hef ekki hugmynd um hvernig þetta verður eða hvort ég nái mér að fullu, ég var mjög slæm fyrir í bakinu og hálsi út af tveimur hræðilegum bílslysum sem ég hef lent í þannig að ég bið bara til guðs um að þetta hafi ekki viðbótaráhrif á þau meiðsl í framtíðinni, ég vona að þetta sé bara eitthvað sem grær og lagast með tímanum smá saman."

Óvissan erfiðust

Þótt hún sé bundin hjólastól reynir hún að njóta lífsins og mætti á landsleik Íslands og Króatíu á dögunum. „Ég er alveg farin að rölta um á hækjunum heima og stuttar vegalengdir en eins og ég tók fram þá er ég mjaðmagrindarbrotin bæði að framan og aftan og brotin rétt að byrja að gróa þannig að ég get ekki stigið í fæturna mikið, það er mjög sárt og ég þreytist strax eftir stuttan spöl á hækjunum svo bætir það ekki ástandið að vera handleggsbrotin og rifbeinsbrotin sem gerir það miklu erfiðara að nota hækjurnar," segir Ásdís Rán. „Ég nota hjólastólinn þegar ég þarf að fara lengri vegalengdir, niður í bæ, á leiki eins og ég gerði um daginn. Ég finn samt mikinn mun núna, frá degi til dags. Ég get meira á hverjum degi þannig að það verður eflaust ekki langt í að ég fari að bjarga mér alveg á hækjunum og kannski að byrja að geta labbað eitthvað sjálf án þeirra."

Óvissan er erfiðust. „Það er allt í óvissu einhvern veginn og ég verð bara að hugsa um einn dag í einu og reyna mitt besta til að komast í gegnum hann og vera sterk, mig langar stundum bara að liggja á gólfinu og gráta eða bara sofa allan daginn en ég veit ég má það ekki og ég verð bara að taka þessu eins og öðrum stórum verkefnum í mínu lífi með styrk og ákveðni. Þetta verður allt í lagi eftir smá tíma og verður vonandi fljótt að líða."

Flutti heim vegna ólgu

Ásdís Rán fluttist til Íslands í september á síðasta ári. Henni fannst aðstæður í Búlgaríu orðnar of ótryggar. Fjölskyldan óttaðist um hana.

„Ég ákvað að koma mér fyrir á Íslandi og reyna að finna mér eitthvað að gera hér þar sem það er mikil ólga þarna allt í kringum Búlgaríu, Tyrkland, Rússland og fleiri lönd. Fjölskyldan var orðin frekar stressuð á að hafa okkur þarna og krakkarnir smeykir þannig að við ákváðum að koma til Íslands og vera í faðmi fjölskyldunnar um óákveðinn tíma. Ég er enn þá með íbúðina mína úti og ferðast mikið á milli þannig að þetta er bara fínt svona í bili og allir sáttir. Ég opnaði umboðsskrifstofu á netinu fyrir nokkrum vikum, hún heitir Talentbook.is og er nýjasta framtíðin á þessum markaði, þarna getur alls konar hæfileikafólk skráð sig og komið sér á framfæri sjálft með sínum prófílum, myndum og myndböndum. Þarna fer svo fólk og fyrirtæki inn og leita að sínu hæfileikafólki fyrir kvikmyndir, auglýsingar eða önnur verkefni. Mjög einfalt og þægilegt kerfi, engin umboðsgjöld og óþarfa tímaeyðsla. Það tekur auðvitað tíma fyrir fólk að meðtaka svona og venjast kerfinu en þetta kemur allt smám saman."

Nú þegar Ásdís Rán býr á Íslandi eyðir hún frítímanum helst úti í Búlgaríu. „Já, þetta hefur snúist við. Ég fór til dæmis út um jól og páska til Búlgaríu og fór í tvær skíðaferðir þangað í vetur og eyddi þá einhverjum tíma líka heima í Sofíu með vinum. Ég fer líka þangað út ef það eru sérstök aukaverkefni eða tilefni."

Sonur hennar Róbert Andri er orðinn tvítugur og systkinin Hektor tólf ára og Victoría tíu ára eru í sumarfríi hjá föður sínum í júnímánuði þannig að hún hefur tíma til að ná sér áður en þau koma aftur til hennar. „Þau eru orðin svo stór, þessar elskur!" segir Ásdís Rán og stefnir á að vera komin til betri heilsu þegar hún eyðir með þeim restinni af sumrinu.

> ÉG ER NÚ BÚIN AÐ LENDA ANSI OFT Í HÆTTULEGUM AÐSTÆÐUM SEM ÉG HEF RÉTT SLOPPIÐ ÚR Á LÍFI OG ÞEIR SEM ÞEKKJA MIG SEGJA AÐ ÉG SÉ EINS OG KETTIRNIR OG SÉ MEÐ NÍU LÍF.

> ÉG VERÐ BARA AÐ HUGSA UM EINN DAG Í EINU OG REYNA MITT BESTA TIL AÐ KOMAST Í GEGNUM HANN OG VERA STERK, MIG LANGAR STUNDUM BARA AÐ LIGGJA Á GÓLFINU OG GRÁTA EÐA BARA SOFA ALLAN DAGINN.

Ásdís Rán ákvað að flytjast til Íslands vegna þess að henni fannst aðstæður ytra ótryggar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vill bæta við flugmannsréttindin

Flug hefur átt hug Ásdísar Ránar síðustu misseri. Hún er með réttindi á þrjár tegundir af þyrlum, bæði á litlar æfingavélar og farþegavélar. Hana hefur langað að sækja sér enn frekari réttindi. Það hefur þó orðið ákveðið hlé á því eftir að hún flutti til Íslands. Auðvitað setur slysið líka enn frekar strik í reikninginn.

„Því miður er lítið sem ég get gert á því sviði hér á Íslandi, það eru engar litlar æfingavélar í boði hér til að fljúga þannig að ég verð að fara til útlanda til að safna tímum og það er töluverður kostnaður við það plús kostnaðurinn við flugtímana sjálfa en vonandi koma fleiri vélar til landsins í framtíðinni þannig að það sé hægt að þróa betur þyrluflugmannamarkaðinn hérna. Annars er ég er alveg til í að fjárfesta í einni Robinson 22 ef ég fæ nokkra aðra með mér, þannig að ef það er einhver þarna úti sem hefur áhuga á þessu þá bara endilega setja sig í samband við mig, þessi fjárfesting kemur betur út en að kaupa 200 flugtíma erlendis til að klára námið. Ég er ekki búin með atvinnuflugmannsréttindi en ætla að taka prófið við tækifæri þegar ég hef tíma fyrir ár erlendis í bóklegu námi, ég er langt komin í flugtímunum og á ekki marga eftir til að klára commercial pilot gráðuna."

Hún segir langflest áhugamál sín fela í sér mikla hreyfingu og krefjast orku. „Ég hef rosalega gaman af allri útivist, flugi, ég hef gaman af því að fara í skotgallerí í Búlgaríu, elska skíði, mikið fyrir alls konar líkamsrækt, alla hönnun og hef unnið að hinum ýmsu verkefnum allt frá innanhússhönnun, fatahönnun, skartgripahönnun upp í förðun og þróun á snyrtivörulínum. Ég hef mjög gaman af ljósmyndun, stíliseringu, er lærð í hárgreiðslu og förðun og er sérfræðingur í flestu á þessum sviðum fegrunar. Þetta eru allt áhugamál og oftar en ekki vinn ég við margt af þessu líka."

Villiköttur og Ísdrottning

Hún segir fyrirsætubransann hafa breyst mikið og til batnaðar. „Nú eru miklu fleiri týpur í gangi og minna um reglur t.d eru módelin af alls konar stærðum, gerðum og aldurinn hefur hækkað mikið, nú geturðu alveg verið að módelast til fimmtugs og jafnvel lengur ef þú heldur þér vel og ert virk í þessum bransa."

En hún sjálf, hefur hún breyst? „Ég held að ég hafi nú ekki breyst mikið, ég er bara alltaf sama Ísdrottningin og smá villiköttur í mér. En maður þroskast auðvitað alltaf og vex með lífinu og reynslunni. Ég er svo heppin hafa fengið að upplifa mikið á minni stuttu ævi. Ég hef búið í sex löndum, kynnst og upplifað ólíka menningu víðsvegar um heiminn og ferðast ótrúlega mikið, nú er ég orðin aðeins rólegri og farin að njóta mómentsins aðeins meira."

Búin með sín níu líf

Ásdís Rán hefur oftar lent í alvarlegum slysum og hættulegum aðstæðum. „Ég er nú búin að lenda ansi oft í hættulegum aðstæðum sem ég hef rétt sloppið úr á lífi og þeir sem þekkja mig segja að ég sé eins og kettirnir og sé með níu líf, ég hins vegar er nokkuð viss um að þessi níu líf eru búin núna þannig að ég þarf að fara að passa mig betur! En annars hef ég lent í fjórum lífshættulegum slysum og einhverjum fleiri minni sem ég hef sloppið vel frá, þannig að ég er algjör hrakfallabálkur!

Ég slasaðist mest núna, hins vegar var ég eflaust heppnari að hafa lifað hin slysin af," segir Ásdís Rán en þegar hún var fimmtán ára var keyrt á hana á fullum hraða. Þá lenti hún í alvarlegu bílslysi árið 2007 sem hún slapp ótrúlega vel frá.

„Ég var svo heppin að í staðinn fyrir að lenda undir bílnum þá hentist ég í lofköstum yfir á umferðareyju hinum megin sem var með grasi á þannig ég slapp lifandi. Árið 2007 lenti ég svo í mjög slæmu bílslysi þar sem var keyrt á fullum hraða inn í bílinn, bílstjóramegin, þar sem ég sat, bílarnir eyðilögðust og ég slasaðist töluvert og missti minnið í smá tíma en slapp ótrúlega vel frá þessu.

Um 2008 lenti ég svo aftur í lífsháska þegar ég varð mjög veik og uppgötvaðist á síðustu stundu að ég var með miklar innvortis blæðingar og hafði blætt inn á líffæri mín út frá blöðru á öðrum eggjastokknum sem hafði sprungið. Það náðist rétt svo að bjarga mér með bráðaskurðaðgerð á sjúkrahúsi í Búlgaríu. Svo ég hef prófað ýmislegt í gegnum tíðina."

Engar hindranir

Hún segist afar þakklát því góða og ævintýralega lífi sem hún hefur fengið að lifa. Háskinn setur hlutina í samhengi og skerpir á því sem er mikilvægt. „Fjölskyldan, ástin, hamingjan og skemmtileg móment gefa lífinu gildi án efa, það besta sem hefur komið fyrir mig er að hafa gengið með og eignast þessi frábæru kláru og yndislegu börn sem ég á og að hafa fengið tækifæri til að búa erlendis og upplifa heiminn og lifa þessu ævintýralega lífi sem ég hef lifað síðustu fimmtán ár."

Hún segir það nokkurs konar lífsreglu hjá sér að hvetja fólk til þess að elta drauma sína meðan það getur og hefur heilsu til. „Ekki gefast upp þó á móti blási og allt virðist vonlaust. Það gefur mér tilgang í lífinu að geta veitt fólki innblástur og hvetja fólk til að hafa trú á sér. Það gleður mig að fólk geti horft á mig og sagt vá hún gat þetta þá hlýt ég að geta þetta og að ég geti sýnt að það eru engar hindranir í lífinu nema þú sjálfur – það er allt hægt ef viljinn er fyrir hendi!"

„Elja hefur útvegað okkur alla þá starfsmenn sem okkur hefur vantað og ég hef nú þegar mælt með þjónustu þeirra til annarra fyrirtækja.“

Magni Helgason,
mannauðsstjóri ÍAV

elja

Starfsmannaþjónusta

Þarftu að ráða starfsfólk?

Láttu okkur ráða

Elja starfsmannaþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS

Gunnar B. Kvaran, stjórnandi Astrup Fearnley samtímalistasafnsins, stendur hér nánast inni í verki Damiens Hirt, Mother and Child Divided, 1993, sem er í eigu safnsins. MYND/MICHAEL ANGELES

Framtíðarsýn sem ber ávöxt

Gunnar B. Kvaran listfræðingur hefur um árabil stýrt einu framsæknasta nútímalistasafni og stærsta einkasafni Norðurlanda. Hann segir að stórsókn Norðmanna í menningu og listum sé afsprengi framsýni og fjárfestinga.

Yst á bryggjusporðinum á Tjuvholmen í Ósló stendur Astrup Fearnley samtímalistasafnið í fádæma fallegum byggingum sem mynda eins og glugga út í hinn stóra heim. Gunnar B. Kvaran listfræðingur, sem hefur stýrt safninu allt frá 2001, segir að það sé líka viðeigandi þar sem safnið hafi lengi haft það markmið að veita gestum sínum sýn inn í veröld alþjóðlegrar samtímalistar enda er safneignin einstök á meðal einkasafna á Norðurlöndum. Nýverið var opnuð til að mynda í safninu mögnuð yfirlitssýning á kínverskri samtímalist sem vert er að hvetja fólk til þess að kynna sér nánar.

Gunnar hefur búið og starfað í Noregi í tuttugu ár. Hann er kvikur, líflegur og léttur á fæti og það leynir sér ekki að listin er ástríða. Ævistarfið og áhugamálið eru eitt og hið sama.

Ásmundur og Barthes

„Faðir minn er Karl Kvaran, myndlistarmaður og abstraktmálari, og ég er alinn upp á vinnustofunni hjá honum. Þegar ég fer í gegnum menntaskóla þá hef ég áhuga á myndlist, bókmenntum og heimspeki og velti fyrir mér hvað ég ætti að gera með þennan áhuga," segir Gunnar og rifjar upp æskuárin. „Ég valdi að fara til Frakklands vegna þess að þar áttu sér stað miklar hræringar í bókmenntaheiminum þar sem póst-strúktúralistarnir voru að koma fram á sviðið. Fræðimenn á borð við Roland Barthes og þessir menn sem komu fram á sjötta og sjöunda áratugnum, en þegar ég er þarna á áttunda áratugnum eru þeir orðnir stóra viðmiðið í þessum alþjóðlega heimi. Farnir að hafa áhrif á listasöguna og hvernig listfræðingar og listheimspekingar hugsa. Þessir menn lausrifu listasöguna út úr þessum hefðbundna sögulega, formalíska lestri og inn kemur allur þessi lestur sem hefur að gera með merkingarfræðina og heimspekina og allar hugmyndirnar sem við fengum frá bókmenntunum."

Þessi þróun heillaði mig og því fór ég til Aix en Provance og skrifaði mína doktorsritgerð, sem fjallaði um Ásmund Sveinsson og stílhugtakið í myndlist, þar og það var mjög góður tími. Þegar ég var að skrifa mína ritgerð fékk ég starf við Ásmundarsafn, en Ásmundur var þá orðinn mjög fullorðinn, við að skrásetja safnið sem átti svo að renna til borgarinnar eftir hans dag. Þetta svona markaði upphafið að mínum ferli heima."

Dyravörður á Kjarvalsstöðum

Í framhaldi af starfinu við Ásmundarsafn var Gunnari boðið að vera listráðunautur á Kjarvalsstöðum en að tveimur árum liðnum tók hann svo við starfi forstöðumanns. „Þetta var skemmtilegur tími því það var mjög gott fólk í menningarmálanefndinni og metnaðarfullt fyrir hönd listarinnar. Ég lagði því til að við myndum hætta að leigja út Kjarvalsstaði fyrir sýningar og breyta þeim og Ásmundarsafni í Listasafn Reykjavíkur. Þetta samþykkti menningarmálanefndin sem fól í sér mikla framför því þetta kostaði mikla peninga. Það þurfti að auka fjárveitingar til safnsins því með breytingunni byrjuðum við að kúratera sýningar við söfnin. Fyrir þann tíma hafði listráðunautur aðeins það hlutverk að segja: Já, þetta er listamaður sem við getum leigt sal, en ekki þessum. Þessi er listamaður en ekki þessi. – Þetta var svona dyravarðarhlutverk," segir Gunnar og hlær.

„En þetta hafði mikið að segja fyrir íslenska listamenn því þetta gerði mikið fyrir þeirra sjálfsvirðingu. Allt í einu gátum við boðið t.d. Kristjáni Guðmundssyni, Helga Þorgils og Louisu Matthíasdóttur að sýna, þar sem við fjármögnuðum allt frá lánum á verkum að flutningi og sýningarskrá. Auk þess fengum við tækifæri til að setja saman umfangsmiklar sýningar á borð við Íslenska abstraktlist, Skúlptúr, skúlptúr, skúlptúr og fleiri yfirlitssýningar. Þetta gekk ljómandi vel enda var aðsóknin ótrúlega góð. En svo fáum við þessa miklu gjöf frá Erró sem var gríðarleg lyftistöng fyrir safnið og þar með vorum við tekin alvarlega sem safn. Við keyptum líka inn mikið af verkum íslenskra listamanna á þessum tíma. En þar sem við höfðum ekki safnahús þá var það takmarkað sem fólk sá af þeirri starfsemi. Þá fór í gang Korpúlfsstaðaverkefnið sem endaði með Hafnarhúsinu nokkrum árum seinna."

Aðspurður segir Gunnar að þessum breytingum hafi í raun ekki fylgt ýkja mikil átök. „Það var náttúrulega mikið skrifað í blöðin á þessum tíma og ég man að menn eins og Bragi Ásgeirsson voru fullir efasemda og skrifuðu krassandi greinar. Hann var svona einna ákafastur enda hræddur um að þarna væri verið að mismuna og fara inn í einhverja íslenska listpólitík sem ég var alls ekki að gera. En svo var Sverrir Ólafsson líka atkvæðamikill og skrifaði mikið og eins listamenn eins og Hannes Lárusson sem taldi að þarna væri of mikið vald í höndum safnsins. Þetta voru þó tiltölulega fáar raddir því almennt var þetta hagkvæmt fyrirkomulag og síðan kom það í ljós að sýningarnar sem við framleiddum voru langt í frá einsleitar. Það voru margir ólíkir listamenn sýndir enda var annað ekki mögulegt því þessi stofnun varð mjög stór mjög hratt. Þannig að ef við ætluðum að fá inn samtal við almenning þá urðum við að spila breitt á sviðið. Að auki byrjuðum við að flytja inn sýningar og lögðum áherslu á hefðbundnari nálgun þar, náðum meðal annars til okkar stórri sýningu á vegum Rodin safnsins, Miro og marga fleiri snilldinga þar sem eitt leiddi af öðru og þá reyndist tengslanetið frá námsárunum í Frakklandi óneitanlega ansi vel."

Gluggi til Bandaríkjanna

Gunnar rifjar upp að þegar verkefnið með Hafnarhúsið hafi verið komið á fullt hafi honum verið boðið að taka við Listasafninu í Bergen sem hentaði vel þar sem seinna ráðningartímabilinu var að ljúka. „Á Íslandi voru ekki svo margir möguleikar eða mörg söfn þannig að ég ákvað að slá til. Þetta var mikill lærdómur og ævintýri fyrir mig því safnið í Bergen á frábært alþjóðlegt safn verka og hefur á að skipa frábæru fagfólki. Það var mjög vel tekið á móti mér í Bergen en ég var enn í þessum byggingarmótus eftir Reykjavík, með hamarinn á lofti og adrenalínið í blóðinu og sá að safnið í Bergen var allt of lítið. Þannig að eins og heima í Reykjavík fór ég í að fá safnið stækkað og nú með því að safnið fékk að yfirtaka gamla rafveituhúsið í Bergen sem er ótrúlega flott bygging frá fjórða áratugnum og við hliðina á safninu," segir Gunnar og hlær að þessum rammíslenska framkvæmdaham sem hann hafi verið í á þessum árum.

Gunnar var fjögur ár í Bergen þangað til hann tók við starfi forstöðumanns Astrup Fearnley þar sem hans beið það spennandi verkefni að einbeita sér að bandarískri samtímalist. „Á þessum tíma var stjórnarformaðurinn og safnarinn á bak við safnið, Hans Rasmus Astrup, byrjaður að skoða bandaríska samtímalistamenn á borð við Felix Gonzales-Torres, Robert Gober og Matthew Barney. Markmiðið var svo að byggja upp öflugt safn bandarískra verkra frá áttunda áratugnum og fram til dagsins í dag. Finna listamenn sem gætu styrkt þennan hluta safnsins, listamenn á borð við Cindy Sherman, Richard Prince, Jeff Kooons og fleiri. Listamenn sem þá voru ekkert svo dýrir í samanburði við verðið sem er á þeim í dag.

En til þess að koma okkur lengra inn í samtíðina þá fór ég þá leið að taka nokkur ár í að rannsaka það sem er að gerast í Bandaríkjunum og fylgjast um leið vel með Kína en þar var að koma fram þriðja kynslóð listamanna sem hafa allt aðra stöðu en fyrsta kynslóð samtímalistar. Rannsóknin varð til þess að við ➔


ΝΟΑ
Lakkris
MEGA
KRUPP
ΓΑΛΑΚΤΟΣ
ΜΑΥΡΟ

ferðuðumst mikið um Bandaríkin á næstu árum og þá komumst við handan við galleríin – komumst út í senuna sjálfa áður en val galleríanna átti sér stað. Við fórum mikið í listaháskólana, kynntumst ungum gagnrýnendum sem voru að kynna sína kynslóð og fengum mjög breiða sýn á bandaríska samtímalist og keyptum samtímis gífurlega mikið magn af verkum. Í framhaldinu gerðum við ásamt Hans-Ulrich Obrist og Daniel Bierbaum stóra sýningu sem kallaðist Uncertain States of America – American Art in the 3rd Millennium, með verkum þá þessara óþekktu listamanna. Um 70-80% af þeim eru stór nöfn í listaheiminum í dag sem er merkilega hátt hlutfall.

En það sem mestu skiptir er að með þessu var loksins komið á Norðurlöndunum safn af bandarískri samtímalist. Markmiðið var að gefa almenningi raunverulega sýn á bandaríska samtímalist frá lokum áttunda áratugarins og fram til dagsins í dag og þetta erum við enn að vinna með.“

Eitt verk borgaði allt

Gunnar viðurkennir að vissulega fylgi því ákveðið frelsi að stýra einkasafni í samanburði við safn í opinberri eigu. „Við erum alveg laus við að sjá um listasögu Noregs en við erum norsk stofnun og við megum ekki gleyma því. Þar af leiðandi þá erum við með sýningar með norskum listamönnum. Að auki kaupum við líka verk norskra listamanna en á sömu forsendum, það er að segja, verk listamanna sem við teljum að skipti miklu máli fyrir norska og alþjóðlega myndlist.“

Gunnar bætir við að þessar norsku rætur skipti líka eigendur safnsins miklu máli og rætur safnsins liggi djúpt í norsku viðskiptalífi. „Hans Rasmus Astrup er erfingi að stóru skipafyrirtæki og bæði hans föður– og móðurfjölskylda áttu nokkur af stærstu skipafélögum Noregs í lok nítjándu aldar og upphafi þeirrar tuttugustu. Langalangalangafi hans stofnaði fyrirtækið um 1840 þegar hann byrjaði að selja fisk til Spánar. En fljótlega komst hann að því að það væri arðvænlegra að eiga skipin líka og þar með fór í gang uppbygging á skipafélagi. Í upphafi tuttugstu aldar voru Norðmenn þriðja stærsta skipaveldi heimsins á eftir Bretum og Þjóðverjum en í fyrri heimsstyrjöldinni, þegar þeir þurftu að sinna öðru, þá urðu norsku félögin þau stærstu í heimi. Þá streymdi hingað alveg gríðarlegur auður og á þessum tíma voru eigendur þessara skipafélaga farnir að fjárfesta í myndlist auk þess að eiga peninga á bankareikningum um allan heim.

Þegar heimskreppan skall á verða peningar afar vafasamur og eiginlega hálf ónýtur gjaldmiðill en þá hafði Stang-fjölskyldan, móðurfjölskylda Hans Rasmus Astrup, byggt upp gífurlegt listasafn af verkum Cézanne, Renoir, Gauguin, stærsta safn Norður-Evrópu af impressjónistum á þessum tíma. Í borðstofunni hjá afa Hans Rasmusar hékk verk Gauguin: Hvaðan komum við, hvað erum við, hvert erum við að fara? Höfuðverk listasögunnar og ótrúlegur fjársjóður sem hangir nú uppi í Boston. Í kreppunni hrundi svo skipaiðnaðurinn eins og annað en fjölskyldan gat borgað allar sínar skuldir, komið skipafélögunum á réttan kjöl, aðeins með því að selja þetta eina verk.

Það er magnað en fyrir vikið er Hans Rasmus líka mjög meðvitaður um það hvað listasagan og listheimurinn felur í sér og hvað þarf til. Hann hefur alltaf sinnt þessu af ástríðu og þetta er eina einkasafnið á Norðurlöndum af þessari stærðargráðu og það eina sem hefur haft metnað til þess að byggja upp slíkt safn. Það eru auðvitað til margir ríkari menn hér um slóðir en þeir hafa bara ekki haft áhuga á þessu viðfangsefni eða skilning á möguleikunum.“

Verkfæri og vinnukúltúr

Þessi alþjóðlegi listheimur er gríðarlega stór en skyldi það hafa mótað Gunnar að koma úr litlu samfélagi út í þennan stóra heim? „Já, kannski,“ segir Gunnar hugsi. „Þetta hefur að gera með sjálfsmyndina. Þú ert hluti af litlu samfélagi og færð ákveðna viðurkenningu frá því og í litlu listasamfélagi eins og heima er maður afskaplega nálægt listalífinu og hluti af því öllu. Það getur verið gott að koma úr litlu samfélagi þar sem maður fær tækifæri til þess að vinna með öll verkfærin, hvort sem er í tengslum við listina, listamennina, fjölmiðla, stjórnsýsluna og svo framvegis. Þannig að það að starfa heima reyndist mér vera gífurlega mikill og góður lærdómur þó svo skalinn væri allt annar því inntakið og mekaníkin er í raun sú sama.

Veikleikinn aftur á móti er að maður kemur nýr inn í listasamfélag sem maður þekkir ekki og samsetningin er miklu flóknari hér. Þannig að maður þarf að læra að skilja hvernig allt gengur fyrir sig og sérstaklega er mikill munur á vinnukúltúr. Á Íslandi er alltaf sterk tilhneiging, og ég var engin undantekning á því, að vinna meira eins og einræðisherra. Hér hins vegar er miklu láréttari strúktur í samfélaginu og í stofnunum. Miklu meira samtal og áhugi á því að finna sameiginlegan flöt. Þannig að þegar ég legg fram mitt plan hér þá þarf ég að vinna það meira út frá ákveðnu samþykki og sameiginlegri sýn fleiri aðila. Ég hef mína stjórn sem hefur ráðið mig til verksins en inni í stofnuninni sjálfri er lögð áhersla á að allir séu með og það er ákveðið lýðræði í vinnukúltúrnum hér og því þarf að nálgast allt út frá þeirri samræðuhefð.“

Gunnar segir að það skipti líka máli í þessu samhengi að á Íslandi séu bókmenntirnar móðurskipið innan listheimsins. „Bókmenntaheimurinn og -fræðin heima á Íslandi er komin mun lengra innan háskólanna og er búin að framleiða miklu meiri þekkingu en listfræðin en þetta hefur breyst mikið á síðustu tuttugu árum. Við Íslendingar þurfum ekki að gera annað en að líta á okkar skólagöngu til þess að sjá hversu sterk staða bókmenntanna er og hefur verið lengi. Skólakerfið á Íslandi hefur aldrei sinnt listasögu eða myndlist að nokkru marki. Meira að segja var það þannig með mig sem var alinn upp á vinnustofu myndlistarmanns að þær umræður um myndlist sem ég tók þátt í með föður mínum og hans kollegum voru mjög takmarkandi. Hann sem abstrakt listamaður hafði í raun takmarkaða orðræðu til þess að útlista sínar ætlanir sem hann hafði þó ótvírætt eins og maður sér vel þegar verkin eru skoðuð. Hans verk voru mjög hugsuð en hann hafði fá verkfæri til þess að lýsa sínum ásetningi. Ég minnist þess þegar ég sat og hlustaði á pabba og Þorvald Skúlason þá var þetta á stundum hálfgerður hugsanaflutningur því þessar samræður voru leitandi.“

Gunnar segir að tungumálið og staðbundin menning, hvernig maður upplifir heiminn, setji sín mörk á það sem við hugsum og gerum og þess vegna skipti þetta miklu máli. „Ákveðin birtingarmynd þessa er að það má vel sjá móta fyrir sérkennum listamanna út frá tungumálinu þrátt fyrir þá alheimsvæðingu myndmáls sem hefur átt sér stað í listinni á síðustu áratugum. Þannig að ef við myndum skoða vel verk eftir Ragnar Kjartansson, Erró og marga íslenska listamenn þá kæmum við til með að geta einangrað ákveðin samfélagsleg og menningarleg fyrirbæri og þá jafnvel í tengslum við tungumálið. Það er það sem gefur þessum listamönnum ákveðna sérstöðu þó svo þeir séu líka hluti af stærri heild. Í dag er enginn einn samnefnari í myndlistarheiminum, heldur er hann samsettur og jafnvel kakófónía, af ólíkum hugmyndum sem í raun eiga rætur í ólíkri menningararfleifð. Það leiðir til þess að í þessum alþjóðlega myndlistarheimi er ekki lengur neitt stigveldi.“

Gestirnir vilja læra

Myndlistin hefur alla tíð verið Gunnari ástríða og hann segir að vissulega felist ákveðin forréttindi í því að fá að starfa við áhugamál sitt. „En það er mér líka ástríða að byggja upp þetta safn og einkasafn á borð við þetta verður að geta sýnt fram á ákveðna þekkingarframleiðslu og ekki láta staðar numið við að vera flottur búðargluggi. Fyrir mig persónulega var mjög mikilvægt að fá stjórnina til að skilja að þetta er ekki bara spurning um að kaupa myndlist og sýna heldur sé það ekki síður mikilvægt að hafa hér fagfólk og framleiða þekkingu og kunnáttu.

Við þurfum líka að vera meðvituð um þá þróun sem hefur verið að eiga sér stað í Evrópu síðasta áratuginn þar sem samtímalistin er komin með nýja stöðu hjá almenningi. Það hefur orðið gríðarleg aukning á listsýningum almennt og í Ósló er þetta sérstaklega áberandi því hér hefur orðið bylting í því sem kalla má borgarmenningu. Þegar ég kom hingað fyrir tuttugu árum var Ósló frekar grá og leiðinleg borg en svo smám saman hefur vaxið hér fram skýr borgarmenning með kaffihúsum, útiveitingahúsum og fyrsta flokks veitingastöðum. Söfnin eru þær stofnanir sem hafa notið hvað mest þessarar breyttu borgarmenningar því þau eru svo aðgengileg almenningi. En við fundum líka að kröfurnar til safnsins breyttust og létum framkvæma skoðanakönnun fyrir tveimur árum til þess að átta okkur betur á þessu. Spurðum aðeins einnar einfaldrar spurningar: Af hverju kemurðu í listasafn? Svo greindum við þetta eftir alls konar hópum en í öllum þessum hópum voru yfir 75 prósent sem svöruðu einfaldlega: Ég kem í listasafnið til þess að læra um list.

Þetta var í senn óvænt og ánægjulegt. Við áttum alls ekki von á þessu en söfnin eru einu stofnanirnar sem framleiða og miðla þekkingu með þessum hætti og svo áttaði fólk sig líka á því hversu alþjóðlegt þetta safn er. En þetta er auðvitað alveg eins og með tónlistina þar sem fólk vill fá fjölbreytni og hlusta á alþjóðlega tónlist og þetta sýndi okkur að fólk hefur áhuga á alþjóðlegri myndlist.“

Gunnar segist líka hafa fundið fyrir bæði undrun og hrifningu á meðal gesta yfir því að þetta sé einkasafn. „Þetta þykir fólki sérstakt í þessu sósíaldemókratíska kóngaríki sem Noregur er þar sem menningin og samfélagið er ríkisrekið frá a til ö. En þetta er hluti af því að auka fjölbreytnina, rétt eins og í fjölmiðlum og öðru, því það er mikilvægt að það séu margar raddir sem eru að segja okkur allar þessar ólíku sögur, hvort sem það er um heimsmálin eða samtímalist. Þannig að við höfum markvisst komið inn með raddir sem segja almenningi sögur frá bandarískri samtímalist, kínverskri samtímalist og alls konar erlendum listamönnum. Þetta hefur orðið til þess að fólk nýtur þess að koma hingað og sjá eitthvað annað, fjarlægt og spennandi og það gleður okkur mikið.“

Ávöxtur menningarpólitíkur

Það er annað í þessu samhengi sem er mjög mikilvægt að nefna, ekki síst í tengslum við íslenska listasenu, sem er að hér í Noregi hefur verið rekin gífurlega öflug og meðvituð menningarpólitík síðastliðin 20 ár. Þessi menningarpólitík er núna að bera ávöxt en hún byrjaði með því að í samvinnu við samtök listamanna áttaði pólitíkin sig á því að menningin er burðarstólpi í samfélaginu og að menningarheimurinn og myndlistin líkt og aðrar listgreinar þyrfti að geta notið góðs af þeim auði sem þjóðin ætti í olíupeningunum. Þá kemur snemma fram hugmynd um að búa til kerfi sem er eins konar borgaralaunakerfi, þar sem fólk hefur alltaf sína grunnframfærslu. Þetta gerir það að verkum að nánast allir listamenn í Noregi eru á 50 til 100% launum og auk þess njóta ný gallerí stuðnings fyrstu tvö árin.

Í kjölfarið á þessum grunni byrjuðu þeir að efla listasöfnin vítt og breitt um landið og bjuggu til kerfi utan um það. Þetta nýttist okkur vel þegar ég var í Bergen og þar fengum við fjárframlag til að styrkja þekkingarsköpun safnanna og til að safna listaverkum. Þriðji þátturinn er svo uppbygging á nýjum listasöfnum og menningarhúsum.

Þetta hefur gert það að verkum að núna höfum við hér listaverkamarkað, því þetta hefur líka aukið tilvist safnara og okkar tilvist hefur líka smitað, en það er sagt að það séu um 200 safnarar í Noregi og þar af einir tíu af alþjóðlegum gæðum. Í Ósló núna eru kannski ein fimm gallerí sem kalla má alþjóðleg og eru að selja alþjóðlega og norska myndlist. Þetta þýðir að norskir myndlistarmenn hafa öðlast allt aðra tilvist í þessum alþjóðlega heimi og í dag eru að minnsta kosti tíu norskir myndlistarmenn sem eru komnir á ólíka staði í þessu stóra alþjóðlega listkerfi. Það er gríðarlega mikið fyrir ekki stærri þjóð en þarna erum við að tala um afsprengi þessarar menningarpólitíkur sem ákvað að gefa listamönnunum tækifæri, lífsviðurværi og möguleika á því að þróa sína listsköpun.“

Dreifing auðsins

Gunnar segir að þetta sé honum sérstaklega hugleikið þessa dagana í ljósi þess sem er að gerast á Íslandi. „Ég sá það í blöðunum um daginn að listamenn heima á Íslandi eru að berjast fyrir því að fá borgað fyrir það að verkin þeirra séu sett upp á sýningar,“ segir Gunnar og nú er honum mikið niðri fyrir. „Hér eru það bara lög. Ef ég sýni verk eftir norskan listamann verð ég að borga honum laun fyrir það. Annað er galið.“

En er þetta ekki bara eitthvað sem moldríkt olíuþjóð getur leyft sér? „Nei, þetta er byggt á flottri framtíðarsýn og það þarf að sjá langt fram í tímann til þess að hrinda slíku í framkvæmd. Þetta hefur nefnilega ekki bara að gera með olíuna heldur einfaldlega þá staðreynd að norskt samfélag er gagnsætt og þannig byggt upp að auðnum er dreift út í samfélagið – út til almennings. Tökum Frakkland sem dæmi því það er líkast til mun ríkara land en skipting verðmætanna og dreifing er bara miklu minni. Á Íslandi getum við horft til þess að ef sjávarútvegurinn væri þjóðnýttur á sama hátt og olían er þjóðnýtt hér, þá væri auðvitað grundvöllur ríkissjóðs allt annar. Núna fara þessir peningar bara til einhverra einstaklinga, á örfáar hendur. Þetta er stóri munurinn. Hér er ekkert yfirdrifið en allt samkvæmt ákveðinni þörf og hvort sem þú ert til hægri eða vinstri í pólitík þá er fólk sammála um ákveðin grundvallargildi.

Menningarpólitíkin hér er ljóslifandi afleiðing af þessari dreifingu auðsins og eitt af því flottasta sem maður getur talað um í norsku samfélagi. Þetta er einstök framtíðarsýn. Við á Astrup Fearnley erum líka þátttakendur og mikilvægur hlekkur í þessari stóru menningarlegu sókn Norðmanna og það skiptir okkur miklu máli.“

Jeff Koons, Michael Jackson og Bubbles, 1988, eitt af þekktustu verkunum í eigu Astrup Fearnley samtímalistasafnsins.
MYND/ASTRUP FEARNLEY MUSEET

EF ÉG SÝNI VERK EFTIR NORSKAN LISTAMANN VERÐ ÉG AÐ BORGA HONUM LAUN FYRIR ÞAÐ. ANNAÐ ER GALIÐ.

ÞETTA HEFUR ORÐIÐ TIL ÞESS AÐ FÓLK NÝTUR ÞESS AÐ KOMA HINGAÐ OG SJÁ EITTHVAÐ ANNAÐ, FJARLÆGT OG SPENNANDI.

Kjöris
ÁFRAM ÍSLAND
ÍSBOLTI
ÍSBOLTAR MEÐ SÚKKULAÐI-, VANILLU- EÐA JARÐARBERJABRAGÐI. EKKI HIKA. LÁTTU VAÐA Á ÞANN SEM ÞÉR ÞYKIR BESTUR!

Tiago í íslenskri náttúru á síðasta ári. Hann starfaði við akstur fyrir sjálfboðaliðasamtökin Seeds og kvartaði undan álagi og ótryggum aðstæðum.

Launakrafa upp á tvær milljónir

Doktorsnemi frá Portúgal leitaði til lögreglu vegna starfa sinna fyrir íslensk sjálfboðaliðasamtök og greindi frá vinnuálagi og ótryggum aðstæðum. Stéttarfélagið Efling gerir tveggja milljóna króna launakröfu á samtökin.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Stéttarfélagið Efling gerir tveggja milljóna króna launakröfu á sjálfboðaliðasamtökin Seeds á Íslandi vegna starfa Tiago Quintanihla, doktorsnema frá Portúgal, fyrir samtökin á síðasta ári.

Tiago leitaði aðstoðar hjá Vinnumálastofnun, lögreglu og lögfræðingum stéttarfélaga vegna óásættanlegs vinnuálags og ótryggra aðstæðna við akstur fyrir samtökin.

Stéttarfélög landsins hafa ítrekað að sjálfboðaliðastörf geti ekki verið við efnahagslega starfsemi sem er í samkeppni við fyrirtæki í sömu atvinnustarfsemi. Það feli í sér óásættanleg undirboð á íslenskum vinnumarkaði og standist hvorki kjarasamninga né lög. Afstaða Eflingar er skýr hvað þetta varðar. Störf Tiago feli í sér undirboð á vinnumarkaði. Að auki geti sjálfboðavinna ekki falið í sér akstur, hvort sem um er að ræða fólksflutninga eða akstur á vörum á milli staða.

„Nú er verið að vinna stefnugerðina og málið fer í innheimtu hjá lögmönnum félagsins," segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar, og staðfestir að upphæðin sé tvær milljónir króna. Samtökin hafi boðið Tiago tvö hundruð þúsund krónur eftir að málið kom á borð Eflingar. Því boði hafi hann hafnað.

Tiago starfaði við akstur. „Hann greindi frá því að hann hefði gegnt starfi sendibílstjóra og hópferðabílstjóra í sjálfboðavinnu. Hann hafi verið sendur með vörur og flutti fólk á milli landshluta," segir Ingólfur Björgvin Jónsson sem tók við máli hans hjá Eflingu og tekur fram að laun og önnur starfskjör slíkra starfa skuli ávallt vera samkvæmt lágmarkskjörum viðkomandi starfsgreinar. Störf sjálfboðaliða megi ekki fela í sér undirboð á vinnumarkaði.

Sjálfboðaliðasamtökin Seeds hafa unnið fjölmörg samfélagsleg verkefni sem hafa vakið eftirtekt og verið til gagns.

SEEDS

Íslensk sjálfboðaliðasamtök, óháð stjórnvöldum og rekin án hagnaðarsjónarmiðs. Þau bjóða ungu fólki frá hinum ýmsu Evrópulöndum að koma og vinna á Íslandi gegn því að fá fæði og húsnæði. Með þessum hætti leitast Seeds við að stuðla að mismunandi menningu, sameiginlegum skilningi og verndun umhverfisins. Sjálfboðaliðasamtökin hafa unnið að fjölda verkefna sem snúa að umhverfisvernd á Íslandi.

Stéttarfélögin hafa áhyggjur af störfum sjálfboðaliða á landinu. „Stéttarfélögin hafa stöðugar áhyggjur af þessu og það er einmitt þess vegna sem við höfum undirritað samninga bæði við SA og Bændasamtökin um hvað felst í sjálfboðavinnu og þá helst hvað má ekki vinna í sjálfboðastörfum. Það eru alltaf einhver mál í gangi," segir Drífa Snædal, framkvæmdastjóri SGS, og ítrekar að það þurfi að gera skýran greinarmun á sjálfboðaliðastörfum í efnahagslegri starfsemi annars vegar og sjálfboðaliðum í samfélagslegri vinnu hins vegar.

Saga Tiago Quintanihla

Niðurbrotinn eftir sjálfboðaliðastörf á Íslandi

Tiago er staddur í Portúgal og glímir enn við eftirköst dvalarinnar á Íslandi. „Ég hafði komið áður til Íslands og lét mig dreyma um að flytja hingað eftir doktorsnámið. Ég ákvað að freista gæfunnar og starfa sem sjálfboðaliði hér á landi og ljúka doktorsritgerð minni á meðan. Ég valdi sjálfboðaliðasamtökin Seeds. Í umsóknarferlinu var mér sagt að ég myndi í mesta lagi vinna átta tíma á dag í miklum önnum. Mér var líka sagt að reglum samkvæmt myndi ég hafa frítíma og ég gæti unnið að ritgerðinni.

Dvölin hér varð hins vegar að algjörri martröð. Ég er enn í töluverðu uppnámi og vil reyna að gleyma þessu öllu saman. Ég ákvað samt að standa á mínu og sækja rétt minn. Ég starfaði í fjóra mánuði fyrir Seeds á Íslandi og vann oft tíu til tólf tíma á dag. Einn daginn vann ég átján tíma vinnudag. Ég keyrði á milli húsa samtakanna með mat og tók líka við rusli og fór með í Sorpu. Þá fólst starf mitt töluvert í fólksflutningum á milli landshluta. Í einni slíkri ferð keyrði ég á milli landshluta í tólf tíma án nægilegrar hvíldar. Launin eru samkvæmt samningi samtakanna. Ég fékk 70 evrur á mánuði, deildi herbergi í húsi þar sem bjuggu sextán manns og deildu tveimur baðherbergjum, aðeins annað þeirra var með sturtu. En vinnuálagið var langt umfram það sem samningurinn tiltók.

Ég vann nokkrum sinnum ellefu daga í röð. Og þurfti þá að vinna á svokölluðum frídögum mínum fyrir formann samtakanna. Ég var gjörsamlega úrvinda. Ég keyrði sjálfboðaliða á milli staða daglega og fannst bílarnir í slæmu standi. Ótryggir. Í eitt skiptið var ég að

ÉG HELD ÞAÐ HAFI VERIÐ ÞRISVAR SEM ÉG KVARTAÐI. Í ÖLL SKIPTIN VAR MÉR SAGT AÐ ÞÁ GÆTI ÉG BARA FARIÐ.

keyra niður bratta brekku á Suðurlandi með fullan bíl af fólki. Ég var ekki viss um að bremsan virkaði almennilega og fylltist ofsahræðslu. Þetta var oft skelfilegt. Í einni vinnulotunni starfaði ég meira en 50 klukkustundir á fjórum dögum. Ég keyrði fólk á milli staða án þess að vera með réttindi til þess eða þjálfun," segir hann.

Tiago segist hafa kvartað nokkrum sinnum yfir óboðlegum og ótryggum aðstæðum. „Ég held það hafi verið þrisvar sem ég kvartaði. Í öll skiptin var mér sagt að þá gæti ég bara farið. En það er ekki svo einfalt, ég var ótryggður og í vondri stöðu. Á endanum var ég rekinn og því borið við að ég væri ómögulegur í samskiptum. Erfiður. Ég endaði á því að borga flugfarið mitt sjálfur frá Íslandi en áður en ég fór þá sagði ég sögu mína lögreglu, starfsfólki á Vinnumálastofnun og lögfræðingum. Á fundum mínum með lögreglunni var mér sagt að vera hugrakkur, samningurinn við samtökin væri ólöglegur. Ég gaf þeim GPS-hnit um þá staði þar sem sjálfboðaliðar vinna fyrir samtökin og nákvæma skýrslu um störf mín, vinnutíma og samskipti við stjórnendur," segir Tiago sem segir lögregluna að endingu hafa ákveðið að kæra ekki samtökin heldur vísað málinu áfram til stéttarfélagsins.

„Það mál er verið að leiða til lykta núna. Ég var óviðbúinn því að svona gæti gerst á Íslandi. Landi sem stendur framarlega hvað varðar mannréttindi fólks og samfélagsábyrgð. Ég trúði því líka að ég væri kominn til starfa fyrir gott málefni, góð samtök sem ég gæti verið stoltur af að vinna fyrir. Ég hélt ég kæmi aftur til Portúgal víðsýnni og einu ævintýrinu ríkari. Það er ekki reyndin. Mér hefur liðið ömurlega. Ég skammast mín fyrir að hafa lent í þessum aðstæðum og hef verið kvíðinn og þunglyndur."

Haft var samband við formann Seeds á Íslandi, Oscar Uscategui. Hann vill ekki tjá sig um málið á meðan það er í vinnslu og segist enn fremur ekki vilja skaða samskipti á milli samtakanna og Eflingar.

FÓLK

LAUGARDAGUR 17. JÚNÍ 2017

Helgin

Margt verður að gerast í dag um borg og bí enda þjóðhátíðardagur. Daði er kominn heim og verður á nokkrum stöðum að spila.

helgin ➔4

Slepptu þynnkunni

2 töflur fyrir skemmtun
2 töflur fyrir svefn

Fæst í næsta apóteki

www.icecare.is

Edda verður sögumaður og mun leiða gjörninginn áfram. MYNDIR/EYÞÓR

Tískugjörningur í Iðnó

Leikhúslistakonur 50+ gefa hátíðargestum í Reykjavík innsýn í tískuheim liðinnar aldar í Iðnó í dag. Þar má sjá allt frá krínólíni yfir í litla svarta kjólinn og Hagkaupssloppinn. ➔2

Framhald af forsíðu

Vera Einarsdóttir
vera@365.is

Við leikhúslistakonur 50+ erum búnar að starfa saman í tvö ár og höfum gert ótalmargt skemmtilegt undir verndarvæng Margrétar Rósu Einarsdóttur, framkvæmdastjóra Iðnó, sem hefur haldið utan um okkur og veitt okkur húsaskjól," segir Edda Björgvinsdóttir, ein þeirra sem tilheyra hópnum.

Hann skipa tíu leikhúskonur. Ein þeirra er Helga Björnsson sem á að baki glæstan búningaferil bæði hér heima og erlendis. „Við höfum leikhúslesið, sett upp leikrit og ljóðalesið en fengum þá æðislegu hugmynd að fara í gegnum tísku liðinnar aldar enda hæg heimatökin með Helgu í hópnum. Við göntuðumst með þetta í fyrstu en fengum svo hana Ingveldi E. Breiðfjörð í búningadeild Þjóðleikhússins til liðs við okkur og komumst þannig yfir ótrúlega flott dress og búninga sem einkenna hvern áratug frá 1890 til 1980," upplýsir Edda. Hún segir um að ræða allt frá krínólíni til rasspúða, frá efnislitlum Charleston-kjólum til tjullkjóla og frá litla svarta kjólnum til Hagkaupssloppsins, sem önnur hver kona átti á sjöunda áratug síðustu aldar."

Edda verður sögumaður og mun leiða gjörninginn áfram, í sloppnum. Leikkonurnar munu ganga fram á sviðið hver á fætur annarri og hver áratugur á eftir öðrum undir einkennandi tónlist. „Inni á milli verða svo pínulitlar

> Þetta eru hins vegar allt svo önnum kafnar konur þó stóru leikhúsin hafi flest fyrir löngu hafnað umsóknum frá þeim, eins og almennt þekkist með leikkonur á þessum aldri.

senur en fyrst og fremst er þetta þó hugsað sem veisla fyrir augu og eyru," segir Edda.

Hún segir einvalalið standa að sýningunni. „Elín Edda Árnadóttir gerði sviðsmyndina með Helgu Björnsson, Kjartan Darri Kristjánsson sér um lýsinguna og leikstjórarnir María Sigurðardóttir og María Reyndal hjálpuðu okkur að pússa þetta til. Þá munu stelpur frá Krafti hjálpa okkur að hafa fataskipti, nemendur í No name förðunarskólanum sjá um förðun og Guðrún Þorvarðar um hár," upplýsir Edda.

Hún segir mikla vinnu liggja að baki sýningunni og að vilji sé til þess að halda fleiri. „Þetta eru hins vegar allt svo önnum kafnar konur þó stóru leikhúsin hafi flest fyrir löngu hafnað umsóknum frá þeim, eins og almennt þekkist með leikkonur á þessum aldri. Okkur tókst því ekki að finna lausan dag fyrr en í október og mögulega tvö kvöld þess utan," segir Edda og hlær.

Reykjavíkurborg stendur að baki sýningunni í dag og er ókeypis inn. Hún hefst klukkan 16 og stendur í tæpa klukkustund. Edda lofar miklu fjöri og býður alla velkomna.

Leikhúslistakonurnar kynna tísku hvers áratugar fyrir sig. Allt frá 1890 til 1980.

Edda segir verkefnið umfangsmikið og skemmtilegt og að vilji sé til þess að efna til annarrar sýningar í haust. Í dag, 17. júní, er sýningin öllum opin.

MYNDIR/EYÞÓR

Glæsilegar konur í flottum fötum og með hatta.

Veglegt hlaðborð með fjölbreyttum og bragðgóðum réttum
Tilvalið fyrir fjölskyldur!

Krakkar að 5 ára aldri borða frítt
5 -12 ára börn 1.200kr.
HLAÐBORÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 11:00 - 14:00
Verð kr. 2.100

Opið alla daga vikunnar frá kl. 11:00 - 22:00

Kínahofið
Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | kinahofid@kinahofid.is | Sími 554 5022
Við erum á facebook
www.kinahofid.is

Ráðlagt að prófa Femarelle

Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Það er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum.

Virkni Femarelle hefur verið staðfest með fjölda rannsókna á undanförnum þrettán árum. Dalla Gunnlaugsdóttir kynntist Femarelle árið 2014 eftir að hafa gengið í gegnum óþægindi af völdum breytingaskeiðs. „Óþægindin voru hitakóf, þreyta, miklar skapsveiflur og svefntruflanir. Ég talaði um þessa vanlíðan mína við heimilislækni og hann benti mér á Femarelle þar sem ég vildi ekki hormóna. Eftir tvær vikur leið mér miklu betur, hitakófin hurfu, ég svaf betur og skapið varð jafnara. Í dag get ég ekki án Femarelle verið. Fólki í kringum mig finnst ég allt önnur og finnur mikinn mun á skapinu hjá mér. Í dag er ég í meira en fullri vinnu ásamt því að stunda nám. Sem sagt, Femarelle færði mér aukna orku," segir Dalla og brosir.

Betra skap og líðan

Guðrún Ragna Ólafsdóttir prófaði Femarelle fljótlega eftir að það kom á markað fyrir þremur árum. „Þegar ég komst á breytingaskeiðið fékk ég hormóna hjá lækninum sem fóru ekki vel í mig þannig að ég ákvað að prófa Femarelle. Ég get ekki líkt líðan minni eftir að ég ákvað að prófa Femarelle við líðanina áður. Ég er með gigt og hef verið á lyfjum við gigtinni og mörg lyfin fara ekki of vel með mig.

Dalla segist ekki geta verið án Femarelle.

» Eftir tvær vikur leið mér miklu betur, hitakófin hurfu, ég svaf betur og skapið varð jafnara. Í dag get ég ekki án Femarelle verið.

Núna er ég betri í skapinu og líður miklu betur við að nota Femarelle, miðað við það hvernig mér leið á hormónunum. Ég er ekki sama manneskja eftir að ég kynntist Femarelle," segir Guðrún Ragna.

Femarelle er öruggur kostur

Rannsóknir hafa sýnt að Femarelle örvar estrógennema í staðbundnum vef, slær á einkenni tíðahvarfa og styrkir bein, án þess að hafa nokkur neikvæð áhrif á vef í móðurlífi eða brjóstum. Femarelle eykur beinþéttni og viðheldur heilbrigði beina en hefur ekki áhrif á blóðstorknun. Til viðbótar við sannaða virkni hafa rannsóknir einnig sýnt fram á öryggi.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is

Stuðlar að líflegra og fallegra hári

Frábærar töflur sem hægt er að mæla hiklaust með. Aðeins ein tafla af Hair Volume á dag og hárið verður líflegra.

Selma Björk Grétarsdóttir var farin að taka eftir að hár hennar hafði þynnst og var orðið mjög þurrt og slitið. „Ég ákvað að prófa Hair Volume sem ég hafði séð auglýst og fljótlega sá ég að hárið varð miklu líflegra. Mér finnst einnig vera kominn gljái á hárið og finn að það hefur þykknað þótt ég sé einungis búin að taka Hair Volume í tvo mánuði. Ég hef litað hárið reglulega og þarf því að gæta þess að það þorni ekki of mikið. Ég get hiklaust mælt með Hair Volume fyrir þær sem eru í sömu stöðu og ég," segir Selma.

Selma Björk Grétarsdóttir.

Ný uppfinning

Hair Volume er nýjung á markaðnum. Hair Volume er eina varan sem inniheldur náttúrulega vaxtarvakann procyanidin-B2 sem unninn er úr eplum. Töflurnar næra rætur hársins með bíótíni sem hvetur hárvöxt og umfang hársins og kopar sem viðheldur eðlilegum lit, hjálpar til við að koma í veg fyrir grá hár. Töflurnar innihalda líka þykkni úr hirsi, kísli og B-vítamínum.



» Hair Volume styrkir og þykkir hárið. Selma hefur góða reynslu af notkun þess.

Sleipiefni fyrir elskendur úr lífrænum innihaldsefnum

Yes-sleipiefnin eru unnin úr lífrænum efnum og hafa hlotið lífræna vottun. Sérstök sleipiefni fyrir fólk í barneignahugleiðingum eru nú einnig fáanleg.

Oft eiga konur sem eru komnar á breytingaskeiðið, hafa nýlega eignast barn, verið í meðferð við krabbameini eða glímt við langtíma veikindi við þurrk í leggöngum og slímhúð að stríða. Yes-línan er sérstaklega hönnuð fyrir þær konur. Margrét Mjöll Sverrisdóttir, sölustjóri hjá Icecare, segir að Yes-sleipiefnin séu hönnuð af tveimur konum og seld í Bretlandi og víðar um heim. „Ummæli neytenda um vöruna hafa verið mjög jákvæð og hafa læknar í Bretlandi einnig mælt með því að konur sem eiga við þurrk að stríða í leggöngum noti vöruna," segir hún. Yes-sleipiefnin eru unnin úr lífrænum innihaldsefnum, meðal annars Aloe vera, flax extract og guar gum og hafa hlotið lífræna vottun frá The Soil Association í Bretlandi. Sleipiefnin innihalda engin aukaefni eða skaðleg efni sem geta verið ertandi fyrir slímhúðina. Þau klístrast ekki, eru rakagefandi fyrir slímhúðina og þau má bæði nota innvortis og útvortis fyrir samfarir. „Yes-sleipiefnin innihalda bæði olíubasa (oil-based) og vatnsbasa (water-based) sem er hægt að nota með gúmmíverjum," útskýrir Margrét og bætir við að einnig sé fáanlegt Yes Baby fyrir fólk í barneignahugleiðingum. Pakkningin inniheldur bæði sleipiefni sem eru sæðisvæn og egglosunarpróf ásamt sleipiefnum sem er gott að nota eftir egglos.

Yes sleipiefnin eru laus við:

- Glycerin
- Hormóna
- Glycols I Parabena
- Rotvarnarefni
- Ilmefni
- Silíkon
- Jarðolíuefni
- Arginín
- Önnur ertandi efni fyrir húð svo sem grapefruit seed extract

Reykjavík hún rokkar

Það er nóg að gera hjá tónlistarfólki í dag. Sumir ætla að troða upp á mörgum stöðum enda skemmtanir um allt land. Svo er hátíðarstund hjá stjórnmálamönnum.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is

Stórtónleikar verða í Hljómskálagarðinum sem hefjast kl. 14 með Stuðmönnum. Emmsjé Gauti kemur fram kl. 17.15. Það verður reyndar ekki eini staðurinn þar sem hann treður upp í dag. „Ég verð með tónleika á þremur stöðum," svarar hann þegar við spurðum hvernig hann ætlar að eyða deginum. „Á milli tónleika ætla ég að reyna að hitta elsku afa minn, Gunnlaug Einarsson, en hann á afmæli í dag. Loks er ég á leiðinni í brúðkaup þar sem ég ætla að horfa á ástina innsiglaða af guði sjálfum," segir rapparinn Emmsjé Gauti sem heitir reyndar Gauti Þeyr Másson. Hann mun örugglega flytja hið vinsæla lag Reykjavík er okkar, já hún er okkar í Hljómskálagarðinum fyrir gesti þjóðhátíðar.

Gæsapartí í Kramhúsinu

Sirkus Íslands verður við gosbrunninn í Hljómskálagarðinum í dag þar geta börn og fullorðnir spreytt sig á alls kyns sirkúskúnstum. Margrét Erla Maack ætlar hins vegar að sleppa þeim sýningum og heimsækja foreldra sína sem búa í miðbænum. „Sautjándi júní hjá mér hefur ekki verið frídagur í 13 ár. Núna kenni ég í nokkrum gæsapartíum í Kramhúsinu. Venjulega hef ég dressað mig upp og farið í bæinn í kringum gigg, annaðhvort í fánalitunum eða í upphlut (eða bara með skotthúfuna). Ég veit samt ekki hvort ég er stemmd fyrir því að fara í bæinn að skemmta mér innan um skotvopn, svo ætli ég verði ekki bara með fjölskyldunni," segir Margrét Erla.

Frá Berlín í pylsuveislu

Tónlistarmaður Daði Freyr vakti mikla athygli í Söngvakeppni Sjónvarpsins í vetur. Hann býr í Berlín en er kominn til Íslands og mun án efa fá marga til að syngja með sér í Hljómskálagarðinum í dag. „Ég verð að spila á fjórum stöðum í dag, í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Hveragerði og á Selfossi. Svo reyni ég að fá mér eina með öllu einhvers staðar þarna á milli," segir hann. Líklega er langt síðan Daði fékk sér íslenska pylsu.

Svingað með Ragga Bjarna

Sigurður Flosason tónlistarmaður hefur skipulagt sumardjass á Jómfrúnni í meira en 20 ár. Engin breyting verður á því í dag. „Ég ætla að spila skemmtilegt sving á Jómfrúnni á milli kl. 15-17 ásamt einvalaliði tónlistarmanna. Að auki kemur fram stórstjarnan Ragnar Bjarnason. Það er yfirleitt fullt hjá okkur alla laugardaga og ég á ekki von á öðru en að Raggi hafi mikið aðdráttarafl," segir Sigurður. „Þetta veltur auðvitað allt á veðrinu en Jómfrúin býður öllum teppi og svo mæta menn með regnhlíf ef þarf. Alltaf gaman að fá sér einn kaldan, ákavíti og smurbrauð yfir ljúfri tónlist í garði Jómfrúarinnar," segir Sigurður sem stefnir síðan á að borða góðan mat með fjölskyldunni í kvöld. „Ég hef átt frábært samstarf með eigendum Jómfrúarinnar gegnum árin og þetta er alltaf jafn gaman."

Það verður fjör á Jómfrúnni í dag þegar Raggi Bjarna stígur á svið og flytur nokkur svinglög við undirleik djasshljómsveitar Sigurðar Flosasonar.

Leggur blómsveig hjá Jóni

Þjóðhátíðardagurinn getur líka verið annasamur fyrir stjórnmálamenn. Líf Magneudóttir, forseti borgarstjórnar, þarf að vakna snemma. Hún mun leggja blómsveig að leiði Jóns Sigurðssonar í Hólavallakirkjugarði ásamt stúdentum og heiðra minningu hans og sjálfstæði Íslendinga, eins og hún orðar það. „Eftir það fer ég líklega með börnin mín á milli leiktækja og sælgætissala. Svo fer ég heim að baka pönnukökur og kíkja á hægeldaða lærið í ofninum," segir Líf. „Í kvöld ætla ég svo að knúsa manninn minn og horfa á bíómyndina Með allt á hreinu í sjónvarpinu. Þetta verður góður dagur."

Líf Magneudóttir, forseti borgarstjórnar, leggur blómsveig á leiði Jóns Sigurðssonar í gamla kirkjugarðinum við Suðurgötu ásamt stúdentum.

Sölufulltrúar
Hrannar Helgason, hrannar@365.is 512 5441
Viðar Ingi Pétursson, vip@365.is 512 5426

NORÐURÁL

Norðurál leitar að sérfræðingum

Norðurál óskar að ráða öfluga liðsmenn í áhugaverð og krefjandi verkefni á Umhverfis- og verkfræðisviði. Störfunum fylgir góð starfsaðstaða þar sem metnaður og fagmennska eru í fyrirrúmi. Við leggjum áherslu á jöfn tækifæri, góðan starfsanda og samstarf.

Deildarstjóri sérfræðiþjónustu rafbúnaðar

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:
- Vera leiðandi við uppbyggingu, viðhald og þróun lágspennurafkerfa og iðnstýringa
- Stuðla að aukinni sjálfvirkni búnaðar og nýtingu upplýsinga frá iðnstýrikerfum til að lágmarka sóun
- Tækniþjónusta á sviði lágspennu-rafkerfa og iðnstýringa
- Taka þátt í skilgreiningu og hönnun vegna breytinga og nýfjárfestinga
- Rýna tæknigögn fyrir lágspennu-rafkerfi og iðnstýringar

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun á sviði rafmagnsverkfræði (Master)
- Reynsla og þekking á iðnstýringum
- Reynsla af hönnun lágspennukerfa
- Rík öryggis- og umhverfisvitund
- Góð samskiptahæfni og kunnátta í íslensku og ensku

Sérfræðingur í iðnstýringum

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:
- Umsjón með iðnstýringarforritum og hýsingu þeirra
- Tækniþjónusta varðandi iðnstýringar og SCADA kerfi
- Tryggja nauðsynlegar uppfærslur á hug- og vélbúnaði
- Taka þátt í skilgreiningu og hönnun vegna breytinga og nýfjárfestinga

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Menntun á sviði rafmagnsverkfræði/ tæknifræði
- Reynsla af þróun og rekstri iðnstýri- og skjámyndakerfa
- Þekking á búnaði frá Allen Bradley
- Góð þekking á samskiptakerfum stýrivéla og í lestri stýrirásateikninga
- Rík öryggis- og umhverfisvitund
- Góð samskiptahæfni og kunnátta í íslensku og ensku

Nánari upplýsingar veita **Torfi Markússon** (torfi@intellecta.is) og **Ari Eyberg** (ari@intellecta.is) í síma 511 1225. **Umsóknarfrestur er til og með 26. júní.** Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Sótt er um á **www.intellecta.is** og umsókn þarf að fygja starfsferilskrá og kynningarbréf.

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 manns með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Norðurál vill stuðla að jöfnu hlutfalli karla og kvenna innan fyrirtækisins og jöfnum tækifærum til starfsþróunar.

bsi. ISO 9001 Quality Management
bsi. ISO 14001 Enviromental Management
bsi. OHSAS 18001 Occupational Health and Safety Management
2016 Framúrskarandi fyrirtæki

STÖRF Í BOÐI
FYRIR BIOEFFECT HÚÐVÖRUR

ORF Líftækni hf. óskar eftir að ráða starfsmann í framleiðsludeild félagsins.

Starfsmaður/Tækjamaður í áfyllingu og pökkun:

ORF Líftækni hf. leitar að starfsmanni/tækjamanni í áfyllingu og pökkun á BIOEFFECT húðvörum félagsins. Æskilegt er að viðkomandi starfsmaður hafi skilning og færni á uppsetningu, stillingu og stjórnun véla og tækja ásamt áhuga á áframhaldandi sjálfvirknivæðingu. Einnig geta komið til ýmis verkefni samkvæmt fyrirmælum yfirmanns tengd framleiðslu fyrirtækisins. Gera má ráð fyrir þróun á starfsemi félagsins og breytingum á starfinu í samræmi við það.

Hæfniskröfur:

- Jákvæðni, frumkvæði og dugnaður
- Íslenskukunnátta
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Snyrtimennska
- Reykleysi

Starfsmaður í áfyllingu og pökkun:

ORF Líftækni hf. leitar að starfsmanni í áfyllingu og pökkun á BIOEFFECT húðvörum félagsins. Einnig geta komið til ýmis verkefni samkvæmt fyrirmælum yfirmanns tengd framleiðslu fyrirtækisins. Gera má ráð fyrir þróun á starfsemi félagsins og breytingum á starfinu í samræmi við það.

Hæfniskröfur:

- Jákvæðni, frumkvæði og dugnaður
- Íslenskukunnátta
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Snyrtimennska
- Reykleysi

Áhugasamir sendi umsóknir á netfangið
ingi@orf.is
Umsóknarfrestur er til 25. júní. 2017

Nánari upplýsingar varðandi störfin veitir Ingimundur Árnason í síma: 591-1575. Umsókn ásamt ferilsskrá óskast send til ingi@orf.is fyrir 25. Júní 2017. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað. Upplýsingar um fyrirtækið og BIOEFFECT vörur þess má finna á www.orf.is , www.bioeffect.com og www.orfgenetics.com.

ORF LÍFTÆKNI

Landsvirkjun

Við leitum að öflugum stöðvarverði á Þjórsársvæði

Í starfinu felst umsjón með rekstri aflstöðva og veitumannvirkja á Þjórsársvæði, auk eftirlits og viðhalds. Viðkomandi stuðlar að framþróun og viðhaldi vottana í gæða-, öryggis- og umhverfismálum og hefur umsjón með að öryggiskröfum Landsvirkjunar og annarra opinberra aðila sé framfylgt. Stöðvarvörður vinnur markvisst að auknu rekstraröryggi og hagkvæmni í rekstri.

- Rafmagns-, vélfræði- eða iðnfræðimenntun
- Þekking á viðhaldi búnaðar; gufu-, loft-, kæli-, vökva- og rafkerfa
- Þekking á teikniforritum, iðntölvum og stjórnkerfum er kostur
- Reynsla af störfum tengdum raforkuvirkjum eða -iðnaði er æskileg
- Frumkvæði, skipulag, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Geta til að kynna starf sitt og starfsvettvang fyrir hópum og einstaklingum
- Góð tölvukunnátta

Sótt er um störfin á vef Landsvirkjunar, www.landsvirkjun.is.
Nánari upplýsingar veitir Þóra María Guðjónsdóttir (thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is).
Umsóknarfrestur er til og með 26. júní 2017.

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Rio Tinto á Íslandi

Sérfræðingur á fjármálasviði

Rio Tinto á Íslandi leitar að öflugum starfsmanni í fjármálateymi fyrirtækisins. Teymið sér um bókhald, uppgjör, áætlanagerð, skýrslugerð, samskipti við innri og ytri viðskiptavini ásamt við önnur félög innan Rio Tinto samsteypunnar. Viðkomandi tekur virkan þátt í verkefnum hópsins með áherslu á greiðslu reikninga og umsjón sjóðstreymis.

Umsóknarfrestur
28. júní

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/5252

Starfssvið
- Ábyrgð á greiðslum reikninga og innheimtu.
- Umsjón með gerð sjóðsstreymisáætlana.
- Skýrslugerð.
- Uppgjörsverkefni.
- Þátttaka í umbótarverkefnum.
- Önnur tilfallandi bókhaldsverkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf á sviði viðskipta eða sambærileg menntun.
- Reynsla og hæfni í greiningu og túlkun gagna.
- Mjög góð Excel kunnátta, þekking á SAP kostur.
- Góð íslensku- og ensku kunnátta.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Nákvæmni og ögun í vinnubrögðum.
- Frumkvæði og heilindi.

Rio Tinto á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki.
Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, framsækið og gott starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.

Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið.

EAK

Gæða- og öryggisstjóri

EAK óskar eftir að ráða gæða- og öryggisstjóra. Leitað er að öruggum og kraftmiklum einstaklingi sem vill gera vinnuumhverfið á Keflavíkurflugvelli öruggara. Viðkomandi mun hafa mikla möguleika á að móta starf sitt. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

Umsóknarfrestur
25. júní

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/5212

Starfssvið
- Uppsetning og viðhald HSE kerfis.
- Uppsetning og viðhald SMS kerfis.
- Almenn umsjón með öryggis- og gæðamálum. Gerð verklagsreglna.
- Þjálfun starfsmanna í öryggis- og gæðamálum.
- Gerð þjálfunaráætlunar.
- Vera viðstaddur alþjóðlegar úttektir sem gerðar eru á starfseminni og svara úttektarskýrslum í samráði við framkvæmdastjóra.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Menntun/námskeið sem nýtist í starfi, ss. iðnaðarverkfræði, heilsu- og öryggisnámskeið og ISO námskeið.
- Reynsla af uppsetningu og viðhaldi öryggis- og gæðakerfa.
- Reynsla af notkun gæðastaðla.
- Þekking og áhugi á öryggis- og gæðamálum.
- Þekking á tæknilegum málum kostur en ekki skilyrði.
- Frumkvæði og góð samskiptahæfni.
- Nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hreint sakavottorð.

EAK er fyrirtækið sem tekur á móti, geymir og afgreiðir flugvélaeldsneyti á Keflavíkurflugvelli fyrir olíufélögin. Starfsstöð er á Keflavíkurflugvelli en þar starfa á vegum fyrirtækisins 60 starfsmenn. Fyrirtækið er í ört vaxandi umhverfi þar sem mikill hraði ríkir. Verklagsreglur á svæðinu eru alþjóðlegar og fylgja þær því alþjóðlegum verklagsreglum fyrir eldsneytisafgreiðslu á flugvélar.

Capacent — leiðir til árangurs

Norðlenska

Markaðsstjóri

Norðlenska óskar eftir að ráða árangusdrifinn og metnaðarfullan einstakling í starf markaðsstjóra fyrirtækisins. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 1. september nk. og hafa aðsetur á Akureyri. Markaðsstjóri heyrir undir framkvæmdastjóra og á sæti í framkvæmdastjórn.

Umsóknarfrestur
26. júní

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/5238

Helstu verkefni
- Yfirumsjón með markaðs- og sölumálum fyrirtækisins.
- Mótun, framkvæmd og eftirfylgni markaðs- og sölustefnu.
- Gerð markaðs- og söluáætlana.
- Ábyrgur fyrir markaðs- og auglýsingaefni félagsins.
- Ábyrgur fyrir vörudreifingu til viðskiptavina.
- Er yfirmaður sölustjóra.
- Þátttaka í stefnumótun og gæðastarfi.
- Þátttaka í þróun nýrra afurða og veruþróun.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf sem nýtist í starfi t.d. á sviði markaðs- eða viðskiptafræði.
- Reynsla af stýringu markaðs- og kynningarmála.
- Reynsla af stjórnun og rekstri kostur.
- Þekking og færni í samningagerð kostur.
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi hæfni í samskiptum.
- Þjónustulund og metnaður í starfi.
- Haldgóð tölvukunnátta.
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti.

Norðlenska matborðið ehf. er eitt stærsta og öflugasta framleiðslufyrirtæki landsins á sviði kjötvöru og meðal vörumerkja eru KEA, GOÐI, Húsavíkurhangikjöt og Bautabúrið.

Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á Akureyri, en fyrirtækið er einnig með starfsstöðvar á Húsavík, á Höfn í Hornafirði og á höfuðborgarsvæðinu. Hjá fyrirtækinu starfa um 180 manns.

Capacent — leiðir til árangurs

Mælingar - jarðvinnuframkvæmdir

Fyrirtæki í jarðvinnuframkvæmdum óskar eftir verkfræðingi eða tæknifræðingi til starfa við mælingar og önnur tengd verkefni. Leitað er að einstaklingi með haldbæra reynslu af mælingum.

Umsóknarfrestur er til og með 26.júní 2017.

Sjá nánar á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

---

60 60ÁRA 2016

REYKJAFELL

Sölumaður í iðnstýrideild

Reykjafell · Sími 588 6000 **reykjafell.is**

Við leitum að jákvæðum og lausnarmiðuðum einstaklingi til starfa í iðnstýrideild Reykjafells. Vinnutími er frá 08.00 -17.00.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni

- Sala á rafbúnaði
- Tilboðsgerð
- Ráðgjöf til viðskiptavina og verkfræðistofa
- Sjá um móttöku erlendra birgja
- Sjá um innkaup og innsetningu vara á heimasíðu
- Halda kynningar og námskeið á vörum
- Sækja námskeið og sýningar innanlands sem utan

Menntun og hæfniskröfur

- Sveinspróf í rafvirkjun og/eða rafeindavirkjun
- Reynsla á sviði iðnstýringa æskileg
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð enskukunnátta
- Metnaður til að takast á við áskoranir

Reykjafell hf er einn af stærstu innflutningsaðilum á sviði rafbúnaðar á Íslandi. Við erum framsækið fyrirtæki og leitum að starfsmanni til að starfa með skemmtilegum hópi í krefjandi umhverfi. Hjá okkur eru 34 starfsmenn við sölu-, lager- og skrifstofustörf.

- **Nánari upplýsingar veitir Ottó í síma 575 6626**
- **Umsóknir sendist á otto@reykjafell.is**
- **Umsóknarfrestur er til og með 23. júní**

UMSÓKNAR-FRESTUR 23.júní

LÝSING · AFLDREIFING · RAFLAGNIR · IÐNSTÝRINGAR

JARÐFRÆÐINGUR AKUREYRI

VEGAGERÐIN

Vegagerðin auglýsir laust til umsóknar starf jarðfræðings með starfsstöð á Akureyri.

Starfssvið
- Áætlanagerð, framkvæmd og úrvinnsla jarðefna- og jarðfræðirannsókna
- Vinna við mat á umhverfisáhrifum
- Efnisleit og námurannsóknir, jarðvegs- og berggrunnskannanir
- Eftirlit með framleiðslu steinefna
- Leiðbeiningar um jarðefnarannsóknir og staðlagerð
- Skráning í gagnagrunna um námur, jarðlög og efnisrannsóknir

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf í jarðfræði, meistarapróf æskilegt
- Góð íslensku- og enskukunnátta og einnig kunnátta í dönsku, norsku eða sænsku
- Hæfni í gerð skýrslna og greinargerða
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.**Umsóknarfrestur er til og með 3. júlí 2017.** Umsóknir berist Vegagerðinni, netfang starf@vegagerdin.is og audur.bjarnadottir@capacent.is merktar **Jarðfræðingur hjá Vegagerðinni.** Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir.

Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gunnar Bjarnason forstöðumaður jarðefna í síma 522-1035 eða 8639990 en einnig má senda tölvupóst í póstfangið gbj@vegagerdin.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landskerfi bókasafna

Verkefnastjóri

Landskerfi bókasafna hf. er hlutafélag í eigu ríkis og sveitarfélaga.

Tilgangur félagsins er að reka upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir bókasöfn og eftir atvikum önnur söfn á Íslandi og veita þeim tengda sérfræðiþjónustu.

Félagið rekur bókasafnakerfið Gegni, safnagáttina Leitir, Rafbókasafnið og menningarsögulega gagnasafnið Sarpur.

Nánari upplýsingar um félagið má finna á ***www.landskerfi.is***

Landskerfi bókasafna leitar að reyndum og áhugasömum verkefnastjóra til að stýra umfangsmiklu verkefni við undirbúning og val á nýju bókasafnskerfi og önnur afmarkaðri verkefni.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:
- Utanumhald verkefnis s.s. verk- og tímaáætlun, eftirfylgni og almenn verkefnastjórnun
- Þarfagreining og úrvinnsla niðurstaðna úr vinnuhópum um verklag og þarfir safna
- Ritstjórn kröfulýsingar (á ensku)
- Undirbúningur og úrvinnsla útboðs í samstarfi við hagsmunaaðila

Ráðningin er tímabundin til 1-2 ára.
Um er að ræða 100% starf en möguleiki er á að starfshlutfall sé minna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nauðsynlegt er að starfsmaður búi yfir:
- Reynslu af störfum sem verkefnastjóri
- Þekkingu á viðfangsefnum verkefnastjórnunar
- Góðri almennri þekkingu á tölvum og skrifstofuhugbúnaði
- Sjálfstæði í starfi og hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfileika til að setja sig hratt inn í nýja hluti
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í rituðu og mæltu máli

Æskilegt er að starfsmaður hafi:
- Menntun eða vottun á sviði verkefnastjórnunar
- Þekkingu á viðfangsefnum bókasafna og þörfum viðskiptavina þeirra
- Reynslu af útboðum og gerð kröfulýsinga fyrir upplýsingatæknikerfi
- Áhuga á þjónustu við viðskiptavini í gegnum vefi, samfélagsmiðla og smáforrit

Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is), í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 3. júlí 2017. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja ferilskrá og kynningarbréf.

Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

HÉÐINN

Héðinn hf. er eitt stærsta fyrirtæki landsins í málmiðnaði og véltækni, með 120 starfsmenn. Starfsemin skiptist í tæknideild, véladeild, plötuverkstæði, renniverkstæði og Rolls-Royce Marine þjónustu. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á Gjáhellu 4 í Hafnarfirði, en einnig rekur Héðinn þjónustuverkstæði á Grundartanga.

Rafmagnshönnuður

Héðinn hf. óskar eftir að ráða rafmagnshönnuð til starfa. Verkefnin snúa aðallega að eigin vörum fyrirtækisins, en einnig að sérverkefnum fyrir viðskiptavini. Ferðalög við uppsetningu og ráðgjöf eru hluti af starfinu, en viðskiptavinir fyrirtækisins eru bæði hér á landi og erlendis.

Starfssvið:

- Hönnun á rafkerfum og iðnstýringum hjá tæknideild Héðins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Rafmagnsverkfræðingur, tæknifræðingur eða iðnfræðingur
- Reynsla af rafhönnun og vélbúnaðarstýringum

Upplýsingar veitir:
Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 26. júní nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Reykjavíkurborg

Borgarlögmaður

Reykjavíkurborg auglýsir laust til umsóknar starf borgarlögmanns.

Borgarlögmaður fer með fyrirsvar fyrir Reykjavíkurborg og stofnanir hennar um lögfræðileg málefni. Hann hefur með höndum málflutning og aðra réttargæslu ásamt samningsgerð fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Hann er lögfræðilegur ráðgjafi borgarstjóra, borgarstjórnar, borgarráðs og eftir atvikum við svið og stofnanir Reykjavíkurborgar. Borgarlögmaður er einn þriggja staðgengla borgarstjóra.

Yfirlestur og skjalagerð fyrir svið og stofnanir, vegna samninga þeirra við þriðja aðila, er meðal verkefna borgarlögmanns.

Embætti borgarlögmanns er í fyrirsvari vegna skaðabótakrafna sem beint er gegn Reykjavíkurborg og hefur með höndum uppgjör slysabóta á grundvelli kjarasamninga.

Ábyrgðarsvið borgarlögmanns:

- Fyrirsvar fyrir Reykjavíkurborg varðandi lögfræðileg málefni
- Lögfræðileg ráðgjöf og gerð álitsgerða og umsagna til borgarráðs, borgarstjóra, fagsviða og fyrirtækja Reykjavíkurborgar
- Fyrirsvar fyrir Reykjavíkurborg gagnvart dómstólum og ýmsum eftirlits- og úrskurðaraðilum á stjórnsýslustigi
- Ábyrgð á rekstri, þjónustu og mannauðsmálum embættis borgarlögmanns
- Tilheyrir yfirstjórn Reykjavíkurborgar
- Er einn þriggja staðgengla borgarstjóra

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættispróf eða kandidatspróf í lögfræði
- Réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti
- Reynsla af málflutningi
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu
- Þekking á sveitarstjórnarrétti og verkefnum sveitarfélaga æskileg
- Leiðtogahæfileikar og reynsla af stjórnun æskileg
- Geta til að vinna undir álagi
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til að koma fram fyrir hönd Reykjavíkurborgar og tjá sig vel í ræðu og riti á íslensku og ensku. Góð kunnátta í norðurlandamáli, ræðu og riti, æskileg

Launakjör heyra undir kjaraákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar. Borgarlögmaður heyrir beint undir borgarstjóra og um störf hans gilda reglur um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg. Ráðið er í starf borgarlögmanns til 5 ára. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. október nk.

Umsóknarfrestur er til og með 3. júlí n.k.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf.
Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi.
Nánari upplýsingar veita Ragnhildur Ísaksdóttir starfsmannastjóri í síma 411-1111, netfang: ragnhildur.isaksdottir@reykjavik.is og Stefán Eiríksson borgarritari í síma 411-111, netfang: stefan.eiriksson@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í.

Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar auglýsir nýtt starf verkefnastjóra Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur laust til umsóknar. Tónlistarborgin Reykjavík er tilraunaverkefni til þriggja ára með það að markmiði að efla Reykjavík enn frekar sem tónlistarborg. Verkefnið snýst um að koma á fót öflugu stuðningskerfi og skapa hagstæð skilyrði fyrir gróskumikla tónlistarstarfsemi um alla Reykjavíkurborg.

Verkefnastjóri Tónlistarborgar gegnir ráðgjafar- og samhæfingarhlutverki, sinnir upplýsingaöflun, miðlun, greiningarvinnu og starfar í samræmi við tillögur starfshóps um Tónlistarborgina Reykjavík. Um nýtt starf er að ræða hjá Menningar- og ferðamálasviði og er ráðningin til þriggja ára.

Starfið krefst:

- Háskólamenntunar sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun á sviði viðfangsefnis er ótvíræður kostur. Menntun á sviði tónlistar er æskileg.
- Yfirgripsmikillar þekkingar og reynslu af vinnu í íslensku tónlistarlífi.
- Reynslu af verkefnastjórnun umfangsmikilla verkefna.
- Reynslu af áætlanagerð, framfylgd og eftirfylgni þeirra.
- Metnaðar, frumkvæðis, skipulagshæfni, hugmyndaauðgi og sjálfstæðis í starfi.
- Góðs valds á íslensku og ensku og mikillar hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Færni og getu til að vinna undir álagi og sinna mörgum viðfangsefnum.
- Færni í mannlegum samskiptum og sveigjanleika.
- Færni á sviði upplýsingatækni og miðlunar.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags.
Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir: Arna Schram, sviðsstjóri Menningar- og ferðamálasviðs, arna.schram@reykjavik.is.
Vakin er sérstök athygli á markmiðum starfsmanna- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem er að finna á www.reykjavik.is.

Umsóknarfrestur er til og með 2. júlí nk.
Umsóknir skulu sendar í gegnum vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.

Hlutverk Menningar- og ferðamálasviðs er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Sviðinu tilheyra menningarstofnanir Reykjavíkurborgar; Borgarbókasafn Reykjavíkur, Borgarsögusafn Reykjavíkur og Listasafn Reykjavíkur auk Höfuðborgarstofu.

60 60ÁRA 2016

REYKJAFELL

Sölumaður í raflagnadeild

Reykjafell · Sími 588 6000 **reykjafell.is**

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir að ráða sölumann í raflagnadeild okkar. Leitum að stundvísum áreiðanlegum og þjónustulunduðum einstakling sem vill vinna með góðri liðsheild. Vinnutími er frá 08.00-17.00.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni

- Sala á rafbúnaði til rafverktaka, rafvirkja og fyrirtækja
- Ráðgjöf til rafverktaka og rafvirkja
- Tilboðsgerð, pantanir, samskipti og tæknilegar úrlausnir
- Þáttaka í kynningum fyrir viðskiptavini

Menntun og hæfniskröfur

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Góðir samskiptahæfileikar
- Framúrskarandi þjónustulund
- Góð ensku kunnátta
- Metnaður til að takast á við krefjandi verkefni í spennandi umhverfi

Reykjafell hf er einn af stærstu innflutningsaðilum á sviði rafbúnaðar á Íslandi. Við erum framsækið fyrirtæki og leitum að starfsmanni til að starfa með skemmtilegum hópi í krefjandi umhverfi. Hjá okkur eru 34 starfsmenn við sölu-, lager- og skrifstofustörf.

- **Nánari upplýsingar veitir Ottó í síma 575 6626**
- **Umsóknir sendist á otto@reykjafell.is**
- **Umsóknarfrestur er til 10. júlí**

UMSÓKNAR-FRESTUR 10.júlí

LÝSING · AFLDREIFING · RAFLAGNIR · IÐNSTÝRINGAR

Trésmiðir óskast

Húsasmíði

Húsasmíði óskar eftir að ráða vana smiði eða reynslumikla byggingarverkamenn til starfa. Mikil vinna framundan. Íslensku- eða enskukunnátta nauðsynleg.

Nánari upplýsingar í netpósti sigvilli@simnet.is

AKUREYRI Sími: 464-8600 /// REYKJAVÍK Sími: 414-0000

SUMARSTARF

Óskum eftir starfsmanni/konu til afleysinga strax í verslun okkar á Akureyri, að Baldurnesi 2.

- Lágmarksaldur 17 ár og bílpróf.
- Starfið felst í sölu á rekstrarvörum og varahlutum til landbúnaðar, ásamt ýmsum snúningum.
- Reynsla úr sveit æskileg.
- Tölvufærni í Excel og Word æskileg.

Umsóknir sendist til gunnaregils@vbl.is

VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd. www.VBL.is

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

Móttökuritari á Húðmeðferðarstofu

Húðfegrun

Við leitum að öflugum ritara á húðmeðferðarstofuna Húðfegrun ehf.

Hæfniskröfur

- Starfsreynsla í ritarastarfi kostur
- Góð almenn tölvukunnátta nauðsynleg
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Frumkvæði, ábyrgð og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni og sveigjanleiki

Stofan býður upp á heildrænar húðmeðferðir án skurðaðgerða og leggur metnað í góða og persónulega þjónustu.

Um er að ræða fullt starf og kostur ef viðkomandi getur hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 30. júní.
Umsókn og ferilskrá sendist á hudfegrun@hudfegrun.is

Kennara og leikskólakennara vantar við Súðavíkurskóla!

Kennara og leikskólakennara vantar við Súðavíkurskóla næsta skólaár 2017 - 2018.
Um er að ræða fullt starf sem umsjónarkennari á unglingastigi, og fullt starf á leikskólanum. Meðal kennslugreina er íslenska, samfélagsfræði, valgreinar, náttúrufræði, uppl.-og tæknimennt og lífsleikni og íþróttakennsla í 0.-10.bekk. Skólahúsnæðið er glæsilegt og vel búið og samanstendur af grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla ásamt íþróttarhúsi og mötuneyti. Skólinn er einsetinn með fámennum aldursblönduðum bekkjardeildum, vel búinn tækjum og góðri vinnuaðstöðu. Mikil samkennsla og samvinna er við leikskólann þar sem elstu nemendum þar er kennt með yngstu nemendum grunnskólans. Leikskólinn er gjaldfrjáls. Lögð er áhersla á fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, vellíðan nemenda og samvinnu starfsmanna.

Súðavíkurhreppur greiðir laun eftir kjarasamningi KÍ og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Umsóknarfrestur er til 30.júní 2017, meðmæli óskast með umsókn.
Nánari upplýsingar veitir Anna Lind Ragnarsdóttir skólastjóri, gsm: 893-4985, netfang: annalind@sudavik.is

LIEBHERR

Okkur vantar starfsmann í Liebherr kranateymið okkar sem fyrst. Framtíðarstarf.

Áhugasamir endilega sendið tölvupóst á netfangið throstur@merkur.is **fyrir 23. júni.**

HÝSI·MERKÚR

Tæknilegur sérfræðingur á Neytendastofu

Neytendastofa óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling til starfa á Mælifræðisviði stofnunarinnar. Um er að ræða faglega krefjandi starf þar sem m.a. reynir á tæknikunnáttu er varðar kvarðanir mælitækja, gerð kvörðunarvottorða og rekjanleika. Um er að ræða margvísleg áhugaverð verkefni er varða mælifræði, s.s. kvarðanir á prófunarstofu Neytendastofu og á vettvangi hjá innlendum fyrirtækjum og eftirlit með notkun mælitækja hér á landi. Um framtíðarstarf er að ræða og starfshlutfall er 100%.

Helstu verkefni eru:

- Kvörðun, viðhald og umsjón mæligrunna Neytendastofu.
- Umsjón og viðhald tækjaskrár kvörðunarþjónustu Neytendastofu.
- Móttaka mælitækja viðskiptavina, kvarðanir tækjanna og frágangur.
- Þátttaka í mótun og viðhaldi á gæðastjórnunarkerfi fyrir kvarðanir.
- Þátttaka í samstarfi um þróun reglna sem gilda um mælifræði og mælifræðilegt eftirlit.

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði tækni- eða raungreina, s.s tæknifræði, verkfræði, eðlisfræði, eða sambærilegum greinum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta er krafa og færni í einu Norðurlandamáli æskileg.
- Almenn þekking og reynsla á meðferð og prófun mælitækja æskileg.
- Frumkvæði og nákvæmni.
- Skipulags- og samskiptahæfni.
- Viðsýni, jákvæðni, leiðtogahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningum Fjármálaráðuneytisins við viðkomandi stéttarfélag. Vakin er athygli á ákvæðum laga nr 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Umsóknir skal fylla út á heimasíðu Neytendastofu **www.neytendastofa.is** eða **www.starfatorg.is**

Umsóknarfrestur er til og með föstudags **7. júlí 2017.** Umsóknir geta gilt í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veita Guðmundur Árnason, sviðsstjóri Mælifræðisviðs, Benedikt G. Waage, sérfræðingur í kvörðunum og Tryggvi Axelsson, forstjóri í s. 510 1100. Netföng eru á heimasíðu Neytendastofu.

Mælifræðisvið Neytendastofu fylgist með að mælingar hér á landi uppfylli alþjóðakröfur og að alþjóðlega mælieiningakerfið SI sé notað á Íslandi. Mælifræðisvið annast eftirlit með lögum um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn og reglum settum samkvæmt þeim; varðveitir landsmæligrunna og kvarðar mælitæki.

NEYTENDASTOFA

Borgartúni 21 • 105 Reykjavík • Sími: 510 1100 • Bréfasími: 510 1101
postur@neytendastofa.is • www.neytendastofa.is

Fjallabyggð

Aðstoðarskólastjóri óskast

Staða aðstoðarskólastjóra við Grunnskóla Fjallabyggðar er laus til umsóknar.

Ráðið er í stöðuna frá 1. ágúst 2017. Grunnskóli Fjallabyggðar er heildstæður grunnskóli með um 200 nemendur og starfsstöðvar í Ólafsfirði og á Siglufirði. Í skólanum er Uppbyggingarstefnan höfð að leiðarljósi og unnið gegn einelti skv. Olweusaráætlun.

Í Fjallabyggð búa 2000 íbúar. Nánari upplýsingar um Fjallabyggð er að finna á heimasíðunni www.fjallabyggd.is

Gildi skólasamfélagsins í Fjallabyggð eru:
Kraftur - Sköpun - Lífsgleði

Leitað er eftir einstaklingi sem er tilbúinn til að viðhalda og byggja upp öflugt skólasamfélag af dugnaði og atorku með virðingu og ánægju að leiðarljósi.

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Staðgengill skólastjóra
- Fagleg forysta
- Stuðla að framþróun skólastarfsins
- Situr í skólaráði og nemendaverndarráði
- Aðkoma að ráðningum, mannauðsstjórnun og vinnutilhögun
- Góður vilji til að leiða samstarf skólasamfélagsins út frá nýrri fræðslustefnu

Menntunar- og hæfnikröfur:
- Grunnskólakennaramenntun og önnur reynsla skv. lögum nr. 87/2008, 12. gr.
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Leiðtogahæfni, metnaður og áhugi á skólaþróun og nýjungum
- Reynsla af skipulagi og stjórnun kostur
- Áhersla er lögð á lipurð í samstarfi og mannlegum samskiptum

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunafræðinga og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Umsóknarfrestur er til og með 25. júní 2017

Umsóknir, ásamt ferilskrá og upplýsingum um umsagnaraðila berist á netfangið jonina@fjallaskolar.is

Heimasíða skólans er http://grunnskoli.fjallabyggd.is/ og sími 4649150

Nánari upplýsingar veitir Jónína Magnúsdóttir skólastjóri s. 8450467

Vilt þú fást við áhættustýringu?

Áhættustjóri lífeyrissjóða í rekstri Arion banka

Arion banki leitar að metnaðarfullum og sjálfstæðum einstaklingi til að ganga til liðs við áhættustýringu bankans. Um er að ræða nýtt hlutverk til að mæta auknum kröfum um áhættustýringu lífeyrissjóða. Áhættustjóri mun heyra beint undir framkvæmdastjóra áhættustýringa en sýna sjálfstæði í störfum sínum. Þá mun hann vinna náið með starfsfólki á eignastýringarsviði sem ber ábyrgð á rekstri lífeyrissjóða ásamt öðrum deildum sem vinna að lífeyrismálum innan bankans.

Áhættustýring er sjálfstætt svið innan bankans. Tilgangur þess er að efla áhættuvitund og upplýsa stjórn og stjórnendur um áhættu sem steðjar að bankanum.

Helstu verkefni

- Mótun og umsjón með áhættustefnu
- Umsjón með áhættugreiningum
- Vöktun áhættu
- Heildaryfirsýn yfir verkferla, áhættumöt, skýrslur innri endurskoðanda, innri úttektir, o.fl.
- Yfirsýn yfir frávik í rekstri
- Samskipti, skýrslugerð og miðlun upplýsinga til eftirlitsaðila, stjórnenda og stjórna lífeyrissjóða

Hæfni og eiginleikar

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Greiningarhæfni og færni í úrlausn vandamála
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á fjármálaumhverfinu er æskileg
- Próf í verðbréfaviðskiptum er kostur

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gísli Óttarsson, framkvæmdastjóri áhættustýringar, sími 444 7189, netfang gisli.ottarsson@arionbanki.is og Hanna María Pálmadóttir mannauðsstjóri, sími 444 6333, netfang hanna.maria.palmadottir@arionbanki.is.

Umsóknarfrestur er til og með **26. júní 2017**. Sótt er um á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is. Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

JAFNLAUNA-VOTTUN VR VR-15-024

Arion banki er líflegur og spennandi vinnustaður. Við vinnum með viðskiptavinum okkar að því að búa í haginn fyrir framtíðina. Við ræktum jákvæðan starfsanda og leggjum áherslu á að starfsfólk okkar þroskist og þróist í starfi með markvissri fræðslu og þjálfun. Straumlínustjórnun er hluti af daglegri menningu með stöðugum umbótum og samvinnu allra starfsmanna. Jafn réttur kvenna og karla til starfa er okkur hjartans mál og árið 2015 hlutum við Jafnlaunavottun VR. **Saman látum við góða hluti gerast.**

Arion banki – fyrir framtíðina

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

Fjársýsla ríkisins óskar eftir sérfræðingum á uppgjörssvið

Fjársýslan er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála. Stofnunin veitir fjármálatengda þjónustu til ríkissjóðs og ríkisaðila og annast umsýslu fjármuna. Þá hefur hún yfirumsjón með bókhaldi og uppgjörum ríkissjóðs og tryggir tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins.

Fjársýslan leggur áherslu á liðsheild, starfsánægju, gagnkvæma virðingu og gott starfsumhverfi með öflugum hópi starfsmanna. Góður starfsandi, fjölskylduvænt vinnuumhverfi og að starfsfólk hafi tækifæri til að þróast í starfi er í fyrirrúmi hjá Fjársýslunni.

Nánari upplýsingar um stofnunina er að finna á www.fjs.is

Fjársýsla ríkisins auglýsir tvær lausar stöður sérfræðinga á uppgjörssviði. Um framtíðarstarf er að ræða í fjölbreyttu og krefjandi umhverfi. Störfin fela í sér þátttöku í innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla hjá ríkissjóði auk annarra verkefna sviðsins. Kjörið tækifæri fyrir einstaklinga sem vilja takast á við faglegar áskoranir og spennandi framtíðarstarf.

Helstu verkefni og ábyrgð
Þátttaka í innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IPSAS)
Aðstoð við ríkisaðila um bókhald, reikningsskil og afstemmingar
Samræming reikningsskila og bókhalds ríkisaðila
Mánaðar- og ársuppgjör ríkisaðila
Vinna við gerð ríkisreiknings og önnur verkefni í samráði við forstöðumann

Hæfnikröfur
Viðskiptafræðimenntun
Framhaldsmenntun í reikningsskilum er kostur
Reynsla af uppgjörum og afstemmingum
Góð þekking á Excel og upplýsingatækni
Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
Góð kunnátta í íslensku og ensku
Góð samskiptahæfni

Frekari upplýsingar um starfið
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi, sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins (FHSS) hafa gert
Umsóknarfrestur er til og með **03.07.2017**
Sótt er um starfið rafrænt á www.starfatorg.is
Viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Starfshlutfall er 100%

Nánari upplýsingar veita
Þórir Hvanndal Ólafsson - thorir.olafsson@fjs.is- 545-7500
Pétur Ólafur Einarsson - petur.einarsson@fjs.is- 545-7500

Húðfegrun

Hjúkrunarfræðingur á Húðmeðferðarstofu

Við leitum að öflugum hjúkrunarfræðingi á húðmeðferðarstofuna Húðfegrun ehf.

Hæfniskröfur
- 3 ára starfsreynsla sem hjúkrunarfræðingur kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Frumkvæði, dugnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð íslenskukunnátta nauðsynleg
- Jákvæðni og sveigjanleiki

Stofan býður upp á heildrænar húðmeðferðir án skurðaðgerða og leggur metnað í góða og persónulega þjónustu.

Um er að ræða 70-100% stöðu og kostur ef viðkomandi getur hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 30. júní.
Umsókn og ferilskrá sendist á hudfegrun@hudfegrun.is

VIÐ ERUM SVÖNG!

\ PIPAR\TBWA er á höttunum eftir persónu sem hefur gaman af því að gefa fólki að borða. Starfið felst í undirbúningi máltíða og framreiðslu á mat fyrir starfsfólk í húsinu, léttri matargerð og auðvitað frágangi og tiltekt í eldhúsi.

\ Maturinn kemur oftast fulleldaður að utan en stundum þarf að hita hann upp.

\ Mikilvægt er að viðkomandi hafi reynslu af eldhússtörfum og geti hafið störf sem fyrst.

\ Vinnutíminn er þriðjudaga til fimmtudaga kl. 10:30–14:00, þannig að ef þú ert fyrir langar helgar oft í mánuði þá er þetta starfið fyrir þig.

Umsókn og fyrirspurnir skal senda á **umsokn@pipar-tbwa.is** fyrir 20. júní.

PIPAR\TBWA Auglýsingastofa \ Guðrúnartúni 8 \ 105 Reykjavík \ pipar-tbwa.is \ 510 9000

HVALFJARÐAR SVEIT

Félagsmálastjóri

Laust er til umsóknar starf félagsmálastjóra Hvalfjarðarsveitar. Um er að ræða 50% starf innan stjórnsýslu sveitarfélagsins. Leitað er að metnaðarfullum aðila til að stýra fjölbreyttum verkefnum félagsþjónustu sveitarfélagsins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í ágústmánuði nk.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:
- Barnavernd
- Félagsleg heimaþjónusta
- Félagsleg ráðgjöf
- Fjárhagsaðstoð
- Málefni aldraðra
- Málefni fatlaðra
- Önnur verkefni á málefnasviði fjölskyldunefndar og fræðslu- og skólanefndar.

Félagsmálastjóri ber ábyrgð á meðferð og varðveislu gagna, úrvinnslu og upplýsingagjöf, stefnumótun, þróun verklags og þjónustugæða. Félagsmálastjóri sinnir teymisvinnu og starfar með mismunandi fagstéttum á þjónustusvæði sveitarfélagsins. Þá er félagsmálastjóri starfsmaður fjölskyldunefndar og fræðslu- og skólanefndar.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla og framhaldsmenntun í stjórnun er æskileg.
- Reynsla af starfi við félagsþjónustu, málefni fatlaðra eða sambærileg störf er mikilvæg.
- Reynsla af stjórnunarstörfum á vettvangi félagsþjónustu sveitarfélaga er æskileg.
- Færni í mannlegum samskiptum auk forystu- og skipulagshæfileika.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Kjör:
Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur um starf félagsmálastjóra Hvalfjarðarsveitar er til og með 30. júní nk.

Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Umsókn skal senda á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, Innrimel 3, 301 Akranes eða á netfangið hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Skúli Þórðarson, sveitarstjóri í síma 433-8500 og á netfanginu skuli@hvalfjardarsveit.is

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

capacent

www.capacent.is

Forstöðumaður Amtbókasafnsins

Stykkishólmsbær auglýsir laust til umsóknar starf forstöðumanns Amtbókasafnsins, stofnun mennta, menningar og upplýsingatækni.

Starfið felur í sér allt sem viðkemur starfsemi bóka- og ljósmyndasafnsins, s.s. rekstur, mannaforráð, gerð fjárhagsáætlana, innkaup, grisjun og stjórnun. Umsækjendur þurfa að búa yfir skipulagshæfileikum, færni í mannlegum samskiptum og hafa reynslu af öflun og miðlun upplýsinga.

Æskilegt er að umsækjendur hafi lokið námi í bókasafns- og upplýsingafræðum eða annarri háskólamenntun sem nýtist í starfi og hafi góða þekkingu á tölvum og möguleikum hugbúnaðar í safnaþjónustu.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Nýtt safnahús er að rísa við Grunnskóla Stykkishólms og mun safnið starfa í nánu stjórnunar- og rekstrarlegu sambandi við skólann. Stefnt er að opnun nýja safnahússins á haustmánuðum.

Umsóknarfrestur er til 20. júní 2017

Umsóknum skal skilað til Sturlu Böðvarssonar bæjarstjóra, Hafnargötu 3 eða á netfangið sturla@stykkisholmur.is. Bæjarstjóri veitir nánari upplýsingar um starfið ásamt Ríkharði Hrafnkelssyni rikki@stykkisholmur.is, sími 433-8100.

VERKEFNASTJÓRI HÓPVINNULAUSNA

HB Grandi leitar að öflugum liðsmanni í starf verkefnastjóra hópvinnulausna.

HELSTU VERKEFNI

- Innleiðing á skjalakerfi í SharePoint og samþætting við önnur kerfi
- Stuðningur við þróun á innraneti í SharePoint
- Eftirfylgni með uppfærslum á office 365
- Kennsla og þjálfun
- Hönnun og framsetning ferla

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð tölvufærni
- Reynsla af umsjón hópvinnulausna
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Áhugi og geta til að miðla þekkingu sinni og leysa krefjandi verkefni
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðni og góð þjónustulund

Sækja skal um á attentus.umsokn.is

Umsóknarfrestur til 30. júní 2017

Nánari upplýsingar veitir Elva Jóna Gylfadóttir starfsþróunarstjóri elva@hbgrandi.is.

HB Grandi er eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi. Hlutverk starfsfólks spannar alla virðiskeðjuna, þ.e. veiðar, vinnslu, sölu og dreifingu á afurðum félagsins. HB Grandi leggur áherslu á að innan fyrirtækisins starfi hæft og traust starfsfólk sem af fagmennsku og ábyrgð tryggir sjálfbæra nýtingu og hagkvæmni í umgengni við auðlindina.

HB Grandi er traustur vinnustaður þar sem stjórnendum og starfsfólki er annt um vellíðan og heilbrigði samstarfsfólks síns.

HB Grandi er jafnréttissinnaður vinnustaður þar sem leitast er við að fá jafnt karla og konur til starfa í hinum ólíku starfahópum vinnustaðarins.

HB GRANDI



Forstöðumaður fyrirtækjamarkaðar - Ertu ON?

Orka náttúrunnar leitar að öflugum leiðtoga í starf forstöðumanns. Viðkomandi verður hluti af stjórnendateymi fyrirtækisins og mun bera ábyrgð á sölu orku til fyrirtækja ásamt þróun viðskiptatækifæra. Spennandi verkefni eru framundan og starfið er tækifæri fyrir aðila sem hefur metnað til að vera í fararbroddi hjá framsæknu orkufyrirtæki.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Leiða og styðja öflugan hóp starfsmanna
- Sala og viðskiptatengsl gagnvart fyrirtækjum
- Viðskiptaþróun í tengslum við fjölnýtingu jarðvarma
- Orkumiðlun og greining orkumarkaðar
- Stefnumótun og eftirfylgni með árangri

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Reynsla af stjórnun viðskiptasamninga
- Samskiptahæfileikar, greiningarhæfni, metnaður frumkvæði og heilindi

Við hvetjum jafnt konur og karla til að sækja um starfið.

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn til allra landsmanna á samkeppnishæfu verði. Við viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni og bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur er til og með 21. júní 2017.

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Tekið er á móti umsóknum á ráðningarvef Orku náttúrunnar, **starf.on.is**. Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir, mannauðssérfræðingur, **starf@on.is**.

ORKA NÁTTÚRUNNAR
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
Jafnlaunaúttekt PwC 2016
2015 UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS FRAMTAK ÁRSINS

ORKA NÁTTÚRUNNAR

Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa

Spennandi starf fyrir kynjafræðing!

Reykjavíkurborg leitar að öflugum einstaklingi í starf verkefnastjóra til að stýra innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun.
Verkefnastjóri er starfsmaður starfshóps um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun hjá Reykjavíkurborg.
Megin markmið verkefnisins er að samþætta fjármála- og mannréttindastefnu borgarinnar og stuðla að réttlátri dreifingu gæða og fjármuna til framtíðar þar sem tekið er mið af þörfum íbúa og samfélagslegri stöðu þeirra.
Verkefnið heyrir undir fjármálaskrifstofu en unnið í náinni samvinnu við mannréttindaskrifstofu.
Verkefnastjóri tilheyrir áætlunar- og greiningardeild fjármálaskrifstofu en hún ber m.a. ábyrgð á greiningu rekstrar, eftirliti og eftirfylgni með framkvæmd fjárhagsáætlunar.

Helstu verkefni:
Verkefnisstjóri leiðir kynjaða fjárhags- og starfsáætlun Reykjavíkurborgar ásamt starfshópi. Hann er leiðandi í því að móta verklag og verkferla og festa þá í sessi. Hlutverk hans er jafnframt að sjá um fræðslu og kynningar á verkefninu innan og utan borgarinnar.
Verkefnisstjóri er ráðgefandi um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun og vinnur með öllum sviðum og stofnunum borgarinnar. Jafnframt á hann í samskiptum við Háskóla Íslands, fjármálaráðuneytið, Jafnréttisstofu, sveitarfélög og aðra aðila sem vinna að innleiðingu á kynjuðum fjármálum.

Hæfniskröfur:
- Háskólagráða í kynjafræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af greiningu gagna
- Reynsla af vinnu við fjármál og fjárhagsáætlun æskileg
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Færni og vilji til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Hæfni í miðlun upplýsinga á íslensku og ensku í ræðu og riti

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Upplýsingar um starfið veitir Halldóra Káradóttir í síma 411-1111 eða í tölvupósti, netfang halldora.karadottir@reykjavik.is.

Umsóknarfrestur er til og með 3. júlí 2017. Umsækjendur sæki um á vefsíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/laus-storf.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

MOSFELLSBÆR
VARMÁRSKÓLI MOSFELLSBÆ

Laus störf næsta skólaár 2017-2018

Kennarar óskast á unglingstig, miðstig og yngsta stig

- náttúrufræði (líffræði, eðlis- og efnafræði) á unglingastigi
- sérkennsla á unglingastigi
- heimilisfræði á unglingastigi
- umsjónarkennsla í 3., 4. og 5. bekk (möguleiki á hlutastarfi)

Stuðningsfulltrúar og frístundaleiðbeinendur óskast til starfa frá og með 15. ágúst nk.

Aðstoðarmatráður í mötuneytiseldhús óskast frá og með 15. ágúst nk. (vinnutími frá 8-14)

Skólaliðar í hlutastarf

Ræstingastjóri/skólaliði með gangavörslu ásamt daglegri umsjón

Húsvörður

Frekari upplýsingar veita Þórhildur Elfarsdóttir og Þóranna Rósa Ólafsdóttir skólastýrur í síma 525 0700 eða 863 3297 / 899 8465. Umsóknir ásamt ferilskrá sendast á netfangið thorhildur(hjá)varmarskoli.is eða thoranna(hjá)varmarskoli.is

Umsóknarfrestur um störfin er til **2. júlí 2017.**

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um.

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

Staða sérfræðings í fjármálum og rekstri

Dómsmálaráðuneytið óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa á skrifstofu stefnumótunar og fjárlaga. Leitað er að einstaklingi sem hefur áhuga á að taka þátt í mótun nýrra vinnubragða með hópi áhugasamra starfsmanna við uppbyggingu nýs ráðuneytis.

Helstu verkefni:

- Rekstrarúttektir og greiningar
- Eftirlit með framkvæmd fjárlaga
- Samstarf og samvinna við stofnanir ráðuneytisins
- Stefnumótun og eftirfylgni stefna
- Árangursmælingar og skýrslugerð
- Samþætting opinberra stefna

Krafist er háskólamenntunar á sviði viðskipta, hagfræði eða sambærilegrar menntunar ásamt framhaldsmenntunar eða sambærilegrar reynslu.

Frekari upplýsingar um menntunar- og hæfniskröfur má finna á vefsíðu ráðuneytisins www.dmr.is eða á www.starfatorg.is

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um auglýst starf. Nánari upplýsingar veitir Guðný E. Ingadóttir, mannauðsstjóri, í síma 545 9000.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknarfrestur er til 3. júlí nk.
Umsóknum skal skila rafrænt á netfangið starf@DMR.is merkt sérfræðingur.

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Um fullt starf er að ræða. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármálaráðherra.

Dómsmálaráðuneytið Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík Sími 545 9000

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Tæknimaður Borgarnesi

VEGAGERÐIN

Laust er til umsóknar starf tæknimanns á tæknideild Vegagerðarinnar í Borgarnesi. Deildin hefur umsjón með verklegum framkvæmdum á sviði nýframkvæmda, viðhalds á slitlögum, efnisvinnslu, styrkingum og endurbótum á vegamannvirkjum. Um 100% starf er að ræða.

Starfssvið
- Umsjón og eftirlit með nýframkvæmdum og öðrum framkvæmdum
- Umsjón undirbúnings og útboðs framkvæmdaverka
- Gerð útboðs- og verðkönnunargagna
- Landmælingar vegna verkhönnunar og undirbúnings
- Annast önnur tæknileg úrlausnarverkefni

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun í verk- eða tæknifræði eða önnur sambærileg háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af ámóta störfum er kostur
- Góð íslenskukunnátta
- Færni í notkun á algengum tölvuforritum
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við jafnréttisáætlun Vegagerðarinnar eru konur með umbeðnar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 3. júlí 2017. Umsóknir berist til Vegagerðarinnar á netfangið starf@vegagerdin.is. Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir, þar með talin menntunar- og starfsferilskrá.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Pálmi Þór Sævarsson í síma 5221000.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Starfsmaður á læknastofu

Læknasetrið óskað eftir að ráða starfsmann
í hjartalínurit, afgreiðslu ofl.
Þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Umsóknir óskast sendar á solrun@setrid.is.
Upplýsingar í síma 535 7777.

Læknasetrið
Þönglabakka 1 og 6
109 Reykjavík



Bílaleiga með starfstöð á Keflavíkurflugvelli óskar eftir að ráða starfsmann.

Hæfniskröfur:
- Sjálfstæð vinnubrögð og útsjónarsemi
- Jákvætt hugarfar og rík þjónustulund
- Góð enskukunnátta
  (vald á öðrum tungumálum kostur)
- Almenn tölvukunnátta og bílpróf

Umsóknarfrestur er til 10. júlí nk.

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn ásamt ferilskrá á netfangið **go@goiceland.com**

GO iceland CAR-RENTAL

RÁÐGJAFI VARAHLUTA OG ÞJÓNUSTU FYRIR MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT

Brimborg óskar eftir að ráða starfsmann í þjónustumóttöku fyrir Mazda, Citroën og Peugeot að Bíldshöfða 8 í Reykjavík

STUTT LÝSING Á STARFI

- Ráðgjöf til innri og ytri viðskiptavina varðandi kaup á varahlutum og þjónustu
- Móttaka viðskiptavina í sal, síma og á vef

HÆFNISKRÖFUR

- Framhaldsskólapróf/iðnmenntun eða reynsla sem nýtist fyrir starfið
- Almennur áhugi og þekking á bílum
- Gilt bílpróf
- Framúrskarandi þjónustulund
- Almenn tölvuþekking

Vinnutími kl. 7.45-17.00 virka daga.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Sæktu um á **brimborg.is** fyrir 30. júní næstkomandi.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hópferðabíla og bátavéla. Uppítaka býðst á öllum tegundum bíla og að sjálfsögðu er bílafjármögnun í boði. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaleiga er hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.

Skrifstofustjórar í dómsmálaráðuneytinu

Dómsmálaráðuneytið auglýsir laus til umsóknar tvö embætti skrifstofustjóra.

Skrifstofustjóri stýrir og ber ábyrgð á málaflokkum sem undir skrifstofu hans heyra.

Starfið felst í stjórnun og rekstri skrifstofunnar, skipulagningu, áætlanagerð, stefnumótun, markmiðssetningu, samhæfingu verkefna við stefnu ráðuneytisins og mat og ábyrgð á árangri.

Hæfnisnefnd skipuð þremur einstaklingum mun meta hæfni og hæfi umsækjenda og skila greinargerð til ráðherra, sem skipar í embættin.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Lögfræðimenntun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Framhaldsmenntun og/eða haldgóð starfsreynsla sem nýtist í starfi.
- Þekking á málaflokkum sem heyra undir ráðuneytið æskileg.
- Þekking og reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu.
- Þekking og reynsla af stefnumótun og áætlanagerð æskileg.
- Farsæl stjórnunarreynsla.
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð kunnátta í ensku og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg.
- Metnaður og vilji til að ná árangri.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Um laun og önnur starfskjör fer skv. ákvæðum laga nr. 130/2016. Skipað verður í embættin til fimm ára í senn. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Guðný Elísabet Ingadóttir, mannauðsstjóri í dómsmálaráðuneytinu, í síma 545 9000.

Umsóknir skulu sendar rafrænt á netfangið starf@dmr.is eða skriflega til dómsmálaráðuneytisins, Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Umsóknarfrestur er til 3. júlí nk.

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík Sími 545 9000

HREINSITÆKNI

Hreinsitækni ehf. óskar eftir starfsmönnum í framtíðarvinnu.
Ýmis störf í boði.

ÓSKUM EFTIR

- Bílstjórum með meirapróf.
- Tækjamönnum með vinnuvélaréttindi.
- Starfsmönnum í fóðrun lagna.
- Aðstoðarmenn á tæki með möguleika á auknum réttindum.
- Krafist er stundvísi og reglusemi.

Áhugasamir senda umsókn með ferilskrá fyrir 26. júní 2017 nk. á netfangið postur@hrt.is

Öllum umsóknum verður svarað.

GRAND HÓTEL, STÆRSTA FUNDA- OG RÁÐSTEFNUHÓTEL ÍSLANDS

Grand Hótel Reykjavík er fjögurra stjörnu ráðstefnuhótel fyrir ferðamenn og ráðstefnugesti sem vilja njóta glæsilegrar aðstöðu og framúrskarandi þjónustu. Á Grand Hótel Reykjavík eru 311 herbergi og 15 ráðstefnu- og veislusalir. Hótelið er staðsett í rólegu umhverfi rétt við Laugardalinn.

Grand Hótel Reykjavík hefur hlotið Svansvottun Norræna umhverfismerkisins og einnig vottun frá Tún, eftirlits- og vottunarstofu fyrir lífræna og sjálfbæra framleiðslu. Svansvottunin tryggir að hæstu gæðakröfur hvað varðar umhverfis- og heilbrigðismál séu uppfylltar.

VERKEFNASTJÓRI Í TÆKNIDEILD

Grand Hótel Reykjavík óskar eftir að ráða verkefnastjóra í tæknideild í fullt starf. Viðkomandi hefur umsjón með tæknimálum hótelsins og á skrifstofum þess.

Hæfniskröfur:
- Reynsla og eða menntun í kerfisstjórnun
- Reynsla á hótelum og hótelkerfum er kostur
- Öll almenn tölvu- og tæknikunnátta er krafa
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og þjónustulipurð
- Góð skipulagshæfni og vinna vel undir álagi
- Fagmannleg framkoma og snyrtileiki
- Góð íslensku og ensku kunnátta
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á netfangið **margret@grand.is** merkt: Verkefnastjóri í tæknideild
Umsóknarfrestur er til 26. júní 2017.

Grand Hótel Reykjavík / Sigtún 38 / 105 Reykjavík / Sími: 514 8000 / grand.is

LAUS STÖRF
FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

Bókasafn Hafnarfjarðar
» Bókavörður

Fræðslu- og frístundaþjónusta
» Talmeinafræðingur

Grunnskólar
» Frístundaleiðbeinandi - Áslandsskóli
» Skólaliði - Áslandsskóli
» Stuðningsfulltrúi - Áslandsskóli
» Kennsla í náttúrufræði - Hraunvallaskóli
» Sérkennari - Hraunvallaskóli
» Sérkennsla í námsver unglinga - Hraunvallaskóli
» Umsjónarkennari á yngsta stigi - Hraunvallaskól
» Umsjónarkennari á miðstigi - Hraunvallaskóli
» Sérkennari - Hvaleyrarskóli
» Umsjónarkennari á yngsta stigi - Hvaleyrarskóli
» Frístundaleiðbeinanda í Krakkaberg - Setbergsskóli
» Sérkennari í Berg - Setbergsskóli
» Skólaliði - Setbergsskóli
» Stuðningsfulltrúi í Berg - Setbergsskóli
» Stuðningsfulltrúi í Krakkaberg - Setbergsskóli
» Skólaliði - Skarðshlíðarskóli
» Sérkennari - Öldutúnsskóli

Leikskólar
» Leikskólakennari - Arnarberg
» Þroskaþjálfi - Arnarberg
» Leikskólakennari - Álfasteinn
» Þroskaþjálfi - Álfasteinn
» Deildarstjóri - Álfasteinn
» Leikskólakennari - Hlíðarberg
» Leikskólakennari - Hlíðarendi
» Sérkennslustjóri - Hlíðarendi
» Leikskólakennari - Hvammur
» Matreiðslumeistari/matráður - Hvammur
» Deildarstjóri - Hraunvallaskóli
» Leikskólakennari - Hraunvallaskóli
» Sérkennari - Hraunvallaskóli
» Þroskaþjálfi - Hraunvallaskóli
» Leikskólakennari - Hörðuvellir
» Deildarstjóri - Hörðuvellir
» Leikskólakennari - Norðurberg
» Þroskaþjálfi - Norðurberg
» Deildarstjóri - Tjarnarás
» Þroskaþjálfi - Stekkjarás
» Leikskólakennari - Vesturkot
» Þroskaþjálfi - Vesturkot

Málefni fatlaðs fólks
» Þroskaþjálfi - Berjahlíð

Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.

Nánar á **hafnarfjordur.is**

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

Hjá Pacta Lögmönnum starfa 30 lögfræðingar á 14 starfsstöðvum víða um land. Lögmenn Pacta búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á flestum sviðum lagaumhverfis sveitarfélaga, fyrirtækja, stofnana og einstaklinga.

Markmið okkar er að veita viðskiptavinum um land allt vandaða lögmannsþjónustu og ráðgjöf, byggða á þekkingu, trausti og áreiðanleika.

Við viljum ráða lögmann til starfa á Akranesi

Akranes og Vesturland

Við leitum að lögfræðingi eða lögmanni með héraðsdómsréttindi til að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu Pacta á Vesturlandi, með starfsstöð á Akranesi. Meðal verkefna eru fjölbreytt viðfangsefni á sviði lögmennsku og lögfræðilegrar ráðgjafar, málflutningur og ábyrgð á mætingum í héraðsdóma og hjá Sýslumannsembættum.

Við leitum að ábyrgum og drífandi starfsmanni sem hefur metnað til að ná árangri í starfi, getur unnið sjálfstætt og býr yfir mikilli samskiptafærni. Æskilegt er að lögmenn okkar búi á sínu starfssvæði.

Nánari upplýsingar veitir Benjamín Axel Árnason, rekstrarstjóri Pacta lögmanna, í síma 440 7900 og á netfang benjamin@pacta.is. Umsóknarfrestur er til 27. júní 2017. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarupplýsingar. Ráðið verður í starfið samkvæmt nánara samkomulagi.

Pacta lögmenn | Laugavegi 99 | 101 Reykjavík | Sími 440 7900

Akranes | Akureyrir | Blönduós | Dalvík | Egilsstaðir | Hafnarfjörður
Húsavík | Ísafjörður | Keflavík | Reyðarfjörður | Reykjavík
Sauðárkrókur | Siglufjörður | Selfoss | Siglufjörður

PACTA LÖGMENN

Sérfræðingur í þróun gagnakerfa
(Data Engineer)

Marorka leitar að öflugum sérfræðingi með brennandi áhuga á gríðargögnum (Big Data) til starfa við þróun stoðkerfa fyrir söfnun og úrvinnslu gagna.

Helstu verkefni
- Þróun og uppbygging stoðkerfa fyrir söfnun og úrvinnslu gagna í AWS
- Þróun á forritaskilum (API) og undirliggjandi vefþjónustum fyrir önnur teymi og samstarfsaðila

Hæfniskröfur
- Háskólapróf sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði eða tölvunarfræði
- Reynsla af uppbyggingu skalanlegra og áreiðanlegra kerfa í tölvuskýjum
- Góð þekking á uppbyggingu gagnakerfa og gagnagrunnum
- Reynsla af Spark eða skyldum tólum fyrir gagnavinnslu er kostur

Sérfræðingur í vefumsjón
(DevOps)

Marorka leitar að framúrskarandi sérfræðingi í vefforritun og vefumsjón til að sinna þróun, viðhaldi og rekstri á veflausnum Marorku.

Helstu verkefni
- Þátttaka í þróunarteymum við hönnun, þróun og innleiðingu nýrrar virkni og lagfæringa
- Umsjón með útgáfum sem og stöðugum umbótum útgáfuferlis
- Ábyrgð á hnökralausum rekstri vefkerfa og veflausna
- Þróun á tæknihögun og uppbyggingu skýjalausna

Hæfniskröfur
- Reynsla af hugbúnaðarþróun og mjög góð þekking á ferlum í hugbúnaðargerð
- Góð þekking á gagnagrunnum, reynsla af kerfishönnun og rekstri tölvukerfa
- Reynsla af AWS kostur

.NET forritari

Við leitum að færum forritara með brennandi áhuga á gæðum í hugbúnaðargerð til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni við þróun grænna hugbúnaðarlausna fyrir skip.

Helstu verkefni
- Virk þátttaka í Scrum þróunarteymum við hönnun og forritun hugbúnaðarlausna
- Vinna náið með vörustjórum og QA að stöðugum umbótum þróunarferla

Hæfniskröfur
- Framúrskarandi þekking á .NET (C#) og SQL
- Reynsla af prófanadrifinni hugbúnaðargerð (TDD)
- Frumkvæði í starfi, áhugi á að læra nýja hluti og færni í að deila faglegri þekkingu

Verkefnastjóri

Við leitum að verkefnastjóra í framtíðarstarf sem felur í sér innleiðingu á orkustjórnun hjá útgerðum. Verkefnin eru tæknilega flókin og þarf einstaklingurinn að hafa tök á tæknihugtökum ásamt því að vera skipulagður. Mikilvægt er að sýna frumkvæði og vera jákvæður og drífandi. Samskipti við viðskiptavini eru stór þáttur af starfinu.

Hæfniskröfur
- Góð tækniþekking
- Nákvæmni, skipulag og samskiptahæfni
- Góð enskukunnátta
- Reynsla og menntun í verkefnastjórn kostur
- Reynsla úr skiparekstri og almenn þekking á skipum kostur

Umsóknarfrestur er til 3. júlí. Vinsamlegast skilið umsóknum á tölvupóstfang **careers@marorka.com**
Frekari upplýsingar veitir Heiða Lára Heiðarsdóttir, **heida.heidarsdottir@marorka.com**

Marorka er hátæknifyrirtæki sem sérhæfir sig í gagnadrifinni orkustjórnun fyrir skip. Við gerum viðskiptavinum okkar mögulegt að minnka eldsneytisnotkun, draga úr útblæstri og auka afkastagetu skipaflota. Höfuðstöðvar eru á Íslandi, en skrifstofur í Þýskalandi, Singapore og í Sameinuðu arabísku furstadæmunum.

MARORKA

Borgartún 26 · 105 Reykjavík · marorka.com · 582 8000

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

LEIKSKÓLAR SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐS REYKJAVÍKURBORGAR

LANGAR ÞIG AÐ VINNA MEÐ FRAMTÍÐ LANDSINS?

DEILDARSTJÓRAR ÓSKAST TIL STARFA

Við leitum eftir leikskólakennurum sem hafa áhuga á því að vera í leiðandi hlutverki inn á leikskóla með því að taka að sér deildarstjórn. Starfið felur í sér að bera ábyrgð á uppeldis- og menntunarstarfinu sem fram fer á deildinni ásamt því að stjórna og skipuleggja starfið á deildinni. Deildarstjóri ber einnig ábyrgð á foreldrasamvinnu og að unnið sé eftir skólanámskrá. Leitað er að leikskólakennurum sem hafa reynslu af uppeldis- og kennslustörfum með börnum, eru liprir og sveigjanlegir í samskiptum, sýna frumkvæði í starfi, faglegan metnað og sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð og hafa góða íslenskukunnáttu.

Nánar á www.reykjavik.is/storf

SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

Trésmiðir óskast

Húsasmíði

Húsasmíði óskar eftir að ráða vana smiði eða reynslumikla byggingarverkamenn til starfa. Mikil vinna framundan. Íslensku- eða enskukunnátta nauðsynleg.

Nánari upplýsingar í netpósti sigvilli@simnet.is

Arkþing leitar að góðu fólki

Vegna fjölbreyttra verkefna framundan, leitum við að **Arkitektum og Byggingafræðingum.**
Kunnátta í Revit æskileg.
Við bjóðum upp á skemmtilegan vinnustað með góðum anda þar sem unnið er af metnaði.
Í dag starfa 14 manns hjá fyrirtækinu.

Umóknir með ferilskrá og dæmum um fyrri verk sendist á arkthing@arkthing.is

www.arkthing.is

60 60ÁRA 2016

REYKJAFELL

Sölumaður í iðnstýrideild

Reykjafell · Sími 588 6000 **reykjafell.is**

Við leitum að jákvæðum og lausnarmiðuðum einstaklingi til starfa í iðnstýrideild Reykjafells. Vinnutími er frá 08.00 -17.00.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni

- Sala á rafbúnaði
- Tilboðsgerð
- Ráðgjöf til viðskiptavina og verkfræðistofa
- Sjá um móttöku erlendra birgja
- Sjá um innkaup og innsetningu vara á heimasíðu
- Halda kynningar og námskeið á vörum
- Sækja námskeið og sýningar innanlands sem utan

Menntun og hæfniskröfur

- Sveinspróf í rafvirkjun og/eða rafeindavirkjun
- Reynsla á sviði iðnstýringa æskileg
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð enskukunnátta
- Metnaður til að takast á við áskoranir

Reykjafell hf er einn af stærstu innflutningsaðilum á sviði rafbúnaðar á Íslandi. Við erum framsækið fyrirtæki og leitum að starfsmanni til að starfa með skemmtilegum hópi í krefjandi umhverfi. Hjá okkur eru 34 starfsmenn við sölu-, lager- og skrifstofustörf.

- **Nánari upplýsingar veitir Ottó í síma 575 6626**
- **Umsóknir sendist á otto@reykjafell.is**
- **Umsóknarfrestur er til og með 23. júní**

UMSÓKNAR-FRESTUR 23. júní

LÝSING AFLDREIFING RAFLAGNIR IÐNSTÝRINGAR

ÞJÓNUSTUFULLTRÚI Í ÞJÓNUSTUVERI INKASSO Í BORGARTÚNI ÓSKAST

Við leitum að drífandi og metnaðarfullum einstaklingi með þægilegt viðmót og ríka þjónustulund. Um er að ræða framtíðarstarf hjá spennandi og öflugu fyrirtæki.

Inkasso er eitt af stærstu innheimtufyrirtækjum landsins sem sinnir innheimtu fyrir allar gerðir fyrirtækja, einstaklinga, stofnana og sveitarfélaga.

Við sníðum þjónustu okkar að þörfum hvers og eins og leitumst við að bjóða sveigjanlega og mannlega þjónustu.

Starfssvið þjónustufulltrúa:

- Úrlausnir mála sem snúa að greiðendum
- Upplýsingagjöf til greiðenda í gegnum síma og tölvupóst
- Úthringingar í greiðendur
- Almenn vinnsla innheimtumála í milliinnheimtu

Hæfniskröfur:

- Góð almenn tölvukunnátta
- Hæfileikar í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og vinnusemi

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Umsóknarfrestur er til 26. júní 2017.
Umsóknir skulu berast á netfangið: umsokn@inkasso.is

INKASSO

Borgartún 27 - 105 Reykjavík - Sími 520 4040
www.inkasso.is - inkasso@inkasso.is

MOSFELLSBÆR

Lágafellsskóli

Lágafellsskóli Mosfellsbæ

Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi?

Viltu vera hluti af góðum og öflugum starfsmannahópi sem vinnur saman að því að mæta ólíkum einstaklingum í krefjandi verkefnum?

Laus störf frá 1. ágúst 2017

- **Deildarstjóri óskast í stjórnendateymi skólans**
  Meginverkefni viðkomandi er þátttaka í þriggja manna stjórnunarteymi í Höfðabergi með ábyrgð á faglegu starfi grunnskólahlutans. Viðkomandi er jafnframt hluti af stjórnendateymi skólans.
- **Umsjónarkennsla á yngsta og miðstigi**
- **Afleysing í umsjónarkennslu á yngsta stigi til 1. mars 2018 vegna fæðingarorlofs**
- **Þroskaþjálfi, 50 – 100% starfshlutfall**

Frekari upplýsingar um störfin er að finna á www.mos.is
Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga.
Upplýsingar veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 5259200/8968230. Umsóknir, með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið johannam@lagafellsskoli.is

Umsóknarfrestur um störfin er til 30. júní 2017.

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

LEIKSKÓLAR SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐS REYKJAVÍKURBORGAR

LANGAR ÞIG AÐ VINNA MEÐ FRAMTÍÐ LANDSINS?

LEIKSKÓLAKENNARAR ÓSKAST TIL STARFA Á UNGBARNADEILDIR

Ungbarnadeildir verða opnaðar á leikskólunum Blásölum, Holti, Miðborg og Sunnuási á haustmánuðum. Um er að ræða sérhæfðar deildir með aðstöðu, leikrými og búnað sem hæfir þroska barna á öðru og þriðja aldursári, mætir þörfum þeirra og tryggir öryggi barnanna.
Leitað er að leikskólakennurum sem hafa áhuga á því að vinna með ungum börnum. Starfið felur í sér að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna þar sem saman tvinnast umhyggja og nám. Samskipti fullorðinna við börnin byggjast á tilfinningalegri nánd og leitast er við að nálgast sjónarhól barnanna, styrkja sjálfsmynd þeirra og virka þátttöku í leik.
Leikskólakennarar taka þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfi undir stjórn deildarstjóra. Leitað er að leikskólakennurum sem hafa reynslu af uppeldis- og kennslustörfum, eru liprir og sveigjanlegir í samskiptum, sýna frumkvæði í starfi, faglegan metnað og sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð og hafa góða íslenskukunnáttu.

Nánar á www.reykjavik.is/storf

SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Spennandi störf hjá Húsasmiðjunni

Vilt þú vera með okkur í liði?

Við leitum eftir fólki sem hefur mikla þjónustulund og frumkvæði í starfi, er lausnamiðað og hefur góða samskiptahæfni.

Æskilegt er að umsækjendur búi yfir haldgóðri þekkingu á byggingavörum auk góðrar íslenskukunnáttu.

Fagmannaverslun Kjalarvogi

Viljum ráða sölumenn til starfa í lagnadeild og málningardeild

Ábyrgðarsvið
- Sala, ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi störf

Fagmannaverslun Kjalarvogi

Viljum ráða gjaldkera til starfa

Ábyrgðarsvið
- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Umsjón með pöntunum á rekstrarvöru
- Uppgjör

Grafarholt

Viljum ráða metnaðarfullan aðila til starfa í heimilstækjadeild.

Ábyrgðarsvið
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Útstillingar og vöruframsetning

Skútuvogur

Leitum að metnaðarfullum aðila á þjónustuborð, auk umsjónar með afgreiðslukössum.

Ábyrgðarsvið
- Upplýsingagjöf og þjónusta við viðskiptavini
- Dagleg umsjón með afgreiðslukössum og gerð vaktaplana

Húsasmiðjuna einkennir góður starfsandi og gott og öruggt stafsumhverfi

Umsóknir berist fyrir 28. júní. í netfangið atvinna@husa.is

Vinsamlegast merkið í umsókn hvaða starf sótt er um.

Byggjum á betra verði

EUROPEAN UNION

DELEGATION TO ICELAND

Office Support for the EU Delegation

The Delegation of the European Union to Iceland is seeking to recruit an **Office Support Agent**, who will also have the function of a **Driver**. The person should have the following qualifications:

- Upper secondary education or equivalent.
- Category B Driver's licence and at least 5 years of driving experience
- Work experience in a similar position for a company/ institution / public body
- Good command of Icelandic and English
- Computer literacy
- Strong working and personal skills

For more information on requirements and detailed job description please consult our web-site:
https://eeas.europa.eu/delegations/iceland/28269/eu-delegation-looking-office-support-agent-also-performing-duties-driver_en
Please e-mail your application before **9th July 2017 (English only)** to: DELEGATION-ICELAND-HOA@eeas.europa.eu

STUÐLAR
MEÐFERÐARSTÖÐ FYRIR UNGLINGA

Fossaleynir 17 (Grafarvogi), 112 Reykjavík
www.studlar.is mru@studlar.is

Sumarstarf á lokaðri deild Stuðla

Vilt þú taka þátt í krefjandi og spennandi starfi með unglingum? Um er að ræða 100% starf í dagvinnu, aðallega á lokaðri deild en einnig á meðferðardeild Stuðla. Staðan er tímabundin eða frá júlí til ágústloka.

Starfssvið
Á lokaðri deild felst starfið m.a. í:
- Umönnun og gæslu ungmenna
- Einstaklingsbundnum stuðningi við unglinga á deildinni
- Fylgja eftir því verklagi sem á deildinni er ásamt skráningu upplýsinga

og á meðferðardeild, eftir því sem við á:
- meðferðarvinnu og daglegum samskiptum, við unglinga
- samskiptum við foreldra
- vinnu að tómstundastarfi með unglingum
- einstaklingsbundnum stuðningi við unglingana í meðferð í samvinnu við deildarstjóra, og sálfræðinga.

Persónulegir eiginleikar
Lögð er áhersla á persónulega eiginleika, svo sem líkamlegt hreysti, góða samskiptahæfni, sveigjanleika, jákvætt viðhorf til skjólstæðinga, stundvísi, áhuga á meðferðarstörfum og skipulögð vinnubrögð.

Hæfnikröfur
- Reynsla sem að mati forstöðumanns nýtist í starfi
- Áhugi á að vinna með unglingum
- Reynsla af öryggisgæslu og umönnun krefjandi skjólstæðinga er kostur
- Umsækjendur þurfa að geta tileinkað sér þá meðferðarnálgun og verklagsreglur sem unnið er eftir á Stuðlum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og í teymi

Nánari upplýsingar um starfið veitir deildarstjóri Neyðarvistunar, Böðvar Björnsson. Einnig er hægt að fá upplýsingar hjá Funa Sigurðssyni, forstöðumanni Stuðla, í síma 530 8800.

Við úrvinnslu umsókna um störfin gildir mat forstöðumanns Stuðla á hæfni og eiginleikum umsækjanda. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum SFR og ríkisins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin

Með umsóknum skulu fylgja upplýsingar um menntun og fyrri störf. Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík eða á netfangið bvs@bvs.is.

Umsóknarfrestur er til og með 3. júlí nk.

Barnaverndarstofa

MST
Multisystemic Therapy

STARF ÞERAPISTA Í FJÖLKERFAMEÐFERÐ (MST)
Sálfræðingur / Félagsráðgjafi

Um er að ræða fullt starf sem felst í meðferðarvinnu með fjölskyldum unglinga sem glíma við alvarlegan hegðunar- og vímuefnavanda. Meðferðin fer fram á heimili og í nærsamfélagi fjölskyldunnar í samstarfi við skóla og aðra lykilaðila svo sem heilbrigðisstofnanir, barnavernd og aðra sérfræðinga. Þerapistar starfa undir stjórn sálfræðings sem er handleiðari og teymisstjóri og eftir meðferðarreglum og aðferðum MST. Nánari upplýsingar um starfið má finna á starfatorg.is

Menntun og reynsla
- Krafa um mastersþróf og starfsréttindi sem sálfræðingur eða félagsráðgjafi.
- Æskileg sérmenntun í meðferðarvinnu og/eða reynsla í meðferð alvarlegs hegðunarvanda barna og unglinga og fjölskyldna þeirra.
- Krafa um staðgóða þekkingu á kenningarlegum bakgrunni MST.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og kerfisbundið og að geta sett fram niðurstöður skriflega.
- Góð enskukunnátta, bæði munnlega og skriflega.

Persónulegir eiginleikar
- Lögð er áhersla á góða samstarfshæfni, sveigjanleika og jákvætt viðhorf til skjólstæðinga og samstarfsaðila.
- Mikilvægt er að búa yfir hæfni til að vinna skipulega, markmiðatengt og lausnarmiðað.

Við úrvinnslu umsókna um störfin gildir mat Barnaverndarstofu á hæfni og eiginleikum umsækjenda. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Tekið er mið af jafnréttisáætlun Barnaverndarstofu við ráðningar á stofuna.

Umsóknarfrestur er til og með 3. júlí n.k.
Nánari upplýsingar eru veittar hjá Barnaverndarstofu í síma 530 2600 (www.bvs.is). Með umsóknum skulu fylgja upplýsingar um menntun og fyrri störf. Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík eða á netfangið bvs@bvs.is

Verkefnastjóri
á Rannsóknastofu byggingariðnaðarins hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Starfsvið
- Húsbyggingatækni, með áherslu á viðhald, viðgerðir, einangrun og raka
- Verkefnastjórnun á sviði Rb blaða
- Yfirferð á gögnum um innflutt hús og meta hvernig þau standast íslenskar aðstæður
- Vinna með nýstofnuðum Byggingavettvangi í samvinnu við Samtök iðnaðarins, Mannvirkjastofnun, Íbúðalánasjóð og fleiri

Menntunar og hæfniskröfur:
- Háskólagráða í byggingar-verkfræði/tæknifræði
- Reynsla og þekking af verkefnum á sviði húsbygginga æskileg
- Að geta tjáð sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Þekking á vistvænum byggingum og umhverfisáhrifum byggingarframkvæmda æskileg
- Sjálfstæði í vinnu og fagleg vinnubrögð

Hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði á grundvelli rannsókna og þróunar. Öflug tækniþróun, þjónusta og yfirfærsla þekkingar á sviði mannvirkja er vaxandi þáttur í starfi okkar.
Upplýsingar um starfsemina er að finna á *www.nmi.is*

Umsóknarfrestur er til 30. júní 2017

Umsóknir skulu sendar á netfangið bh@nmi.is, merktar „Rb". Upplýsingar veita Ólafur H. Wallevik eða Björn Hjartarson í síma 522 9000.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Árleyni 8 - 12, 112 Reykjavík ● Sími 522 9000 ● www.nmi.is

PROCUREMENT AGENT
LOCAL GUARD FORCE SHIFT SUPERVISOR

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöður Procurment Agent og LGF Shift Supervisor lausar til umsóknar. **Umsóknarfrestur er til 25 júní, 2017.**
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individuals for the full time positions of Procurment Agent and LGF Shift Supervisor . The closing date for this postions is **June 25, 2017.** Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: *https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/*

Please send your application and resumé to:
reykjavikvacancy@state.gov

Barnaverndarstofa

Starf sérfræðings á meðferðar- og fóstursviði

Barnaverndarstofa auglýsir eftir sérfræðingi til starfa á meðferðar- og fóstursviði stofunnar. Um er að ræða fullt starf sem felur meðal annars í sér:
- Samskipti og ráðgjöf við barnaverndarnefndir, fósturforeldra, meðferðaraðila á vegum Barnaverndarstofu og aðra fagaðila vegna skipulags og framkvæmdar þjónustu við börn í tilteknum úrræðum.
- Umfjöllun og afgreiðslu umsókna sem felur meðal annars í sér mat á upplýsingum barnaverndarnefnda og annarra fagaðila um umönnunar-/meðferðarþörf barna og viðeigandi þjónustu.
- Leiðbeiningar og gæðaeftirlit við gerð og framkvæmd meðferðarmarkmiða og -áætlana vegna barna sem á fóstur- eða meðferðarheimilum, m.a. börn sem glíma við alvarlega hegðunar- og/eða tilfinningaerfiðleika.

Menntun og reynsla:
- Krafa um meistarapróf eða sambærilegt próf af heilbrigðis- eða félagssviði.
- Krafa um þekkingu á sviði frávika í hegðun og þroska barna og unglinga, matsaðferðum, greiningarhugtökum og –tækjum og fjölbreyttum aðferðum í meðferðarvinnu með börnum og foreldrum.
- Þekking og reynsla af barnaverndarstarfi, sem og af gagnreyndum aðferðum í þjónustu við börn og fjölskyldur er æskileg.

Persónulegir eiginleikar:
- Mikilvægt er að búa yfir hæfni til að vinna skipulega, markmiðatengt og lausnarmiðað.
- Lögð er áhersla á góða samstarfshæfni, sveigjanleika og jákvætt viðhorf til skjólstæðinga og samstarfsaðila.
- Krafa um góða íslenskukunnáttu í rituðu og töluðu máli.
- Krafa um góða enskukunnáttu og æskileg kunnátta í einu Norðurlandamáli.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Við úrvinnslu umsókna um störfin gildir mat Barnaverndarstofu á hæfni og eiginleikum umsækjenda. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Tekið er mið af jafnréttisáætlun Barnaverndarstofu við ráðningar á stofuna.

Umsóknarfrestur er til og með 28. júní n.k.
Nánari upplýsingar eru veittar hjá Barnaverndarstofu í síma 530 2600 (www.bvs.is). Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík eða á netfangið bvs@bvs.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

ÁS STYRKTARFÉLAG

Ertu að leita að fjölbreyttu og skemmtilegu starfi í dagvinnu ?

Ás styrktarfélag er öflugt félag sem sinnir þjónustu við fólk með fötlun. Það byggir á gömlum og traustum grunni, mikill metnaður er lagður í gæði þjónustunnar og hagur einstaklingsins ávallt hafður í fyrirrúmi.

LOFTSTOKKAHREINSUN IN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Hreinsa þakrennur, ryðbletta þök og tek að mér ýmis verkefni. Uppl. í s.8478704 eða manninn@hotmail.com

Nudd

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Spádómar

Spái í spil og bolla, tek heim eða símaspá frá kl.14. Mjög góð reynsla. Kristin s. 897 9002

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Skemmtanir

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

Til sölu

TIL SÖLU

COMANCHE Tjaldvagnar
Montana með 13" dekkjum.
Með ferðaboxi **Kr. 1088.000,-**
Án ferðabox **Kr. 990.000,-**
Poulsen partur af lífinu
Sími 530 5900

STIGA

Stiga Estate 7102 H
Sjálfskiptur lúxus sláttutraktór
Kawazaki FS600V mótor
Notendavænt sæti og stýri
320 lítra graskassi
Frábær traktór í stærri svæði
VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

Til bygginga

Til sölu álflekamót
40 lengdametra í tvöföldu birði auk fylgihluta.
Uppl. í s. 893 9777

Skólar & Námskeið

Námskeið

ICELANDIC & ENGLISH F. FOREIGNERS - ENSKA
ICELANDIC/ÍSLENSKA f. útlendinga I, II, III. ENGLISH/ENSKA f. fullorðna I, II, III: Start/Byrja: 26/6 -HOLIDAY/FRÍ- 4/9, 2/10, 30/10, 27/11. Morn/Aftern/Evening - Morgna/Síðd/Kvölds - 4 weeks/vikur x 5 days/daga. Only/Bara 2 - 5 students/nem per group/hóp. www.iceschool.is -ff@icetrans.is - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s. 5571155 / 8981175.

Club car golfbílar

Til afgreiðslu strax.
19019 ehf • S. 893-3393 • Gunnsteinn • www.19019.is

www.toyotakauptuni.is
Westfalia dráttarbeisli fyrir flestar gerðir bíla

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Sími: 570 5070
info@toyota.is
Opið mán - fös: 07.45 - 18.00
Laugardaga: 12.00 - 16.00

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
INHOPE insafe
SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.
Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.

Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is

Sími 550 9800 www.tjaldaleiga.is
Tjaldaleiga Skáta
Við leigjum samkomutjöld af ýmsum stærðum og gerðum sem henta við hin fjölbreyttustu tækifæri.

Dáleiðsla
Hætta að reykja, betri svefn, léttast/þyngjast, og láta sér líða betur á margan annan máta.
Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. og dáleiðslufræðingur
s. 864 2627 • bernhoft@gmail.com

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald
Bona

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
ishúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Til sölu tæki úr þrotabúi tælensks veitingarstaðar.

Um er að ræða allt sem þarf til reksturs veitingarstaðar þar með talið eldunartæki, kæliskápar, frystikistur, iðnaðar uppþvottavél, borð, hitaborð, eldavél, ofn, gashellur, djúpsteikingarpottar, hrísgrjónasuðupottar, pottar þar með talið sérstaklir pottar til tælenskrar matargerðar, leirtau, 36 leðurstólar, 14 borð, tvö lítil veislutjöld, ferðaborð, kælibox, sjónvarp, fimm barstólar, sjóðsvél, örbylgjuofn, einnota umbúðir, o.fl.

Munirnir eru staðsettir á Akranesi og verða sýndir og afhent þar. Kaupandi þarf að taka muni og tækin niður og fjarlægja úr húsnæðinu.

Seljandi er þrotabú og því er engin ábyrgð tekin á ástandi tækja.

Tilboð óskast í alla munina saman en ef ekki berst ásættanleg tilboð í alla munina verða skoðuð tilboð í einstaka muni. **Senda skal tilboðin fyrir kl 12:00 föstudaginn 23. júní 2017 á netfangið jonina@velferdlegal.is.**
Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Allar upplýsingar eru veittar í síma 899-1777.

Jónína Guðmundsdóttir hdl.
skiptastjóri

Vissir þú að...

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

börn eiga rétt á að leika sér

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Heimilið

Barnavörur

VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA
Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

Tómstundir & Ferðir

Fyrir veiðimenn

Góðar vöðlur á góðu verði
Airflo Airlite öndunarvöðlur
Airflo Airlitevöðluskór
Vesturröst
Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is

Jaxon 4 og 5 laga öndunarvöðlur
Bestu vöðlurnar undir 30 þús.
kr. á markaðnum Verð 29.800 kr
Með skóm .34.900 kr Veiðiportið
Grandagarði 3 552-9940

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK

285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

3-4 herb íbúð til leigu í Kópavogi frá 1.okt í 6 mánuði. Upp. S. 6611767

VESTURBÆR
2 herb. íbúð til leigu m/ húsgögnum,rafmagn, Wifi Sérinng., 2hæð. Verð 200 þús,pr.mán. Leiga. 1-6 mán. S. 899 6221

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

GINGER

GINGER Í REYKJAVÍK
Ginger í Reykjavík óskar eftir hressu starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. Ef þú ert orðinn 18 ára, reyklaus og vilt vinna á góðum og skemmtilegum stað sendu þá ferilskrá á brynja@ginger.is

EVENING AND WEEKEND SHIFTS:

Ginger restaurant in Reykjavik seeks employees to work in the evening and on weekends. If you are 18 or older and a non-smoker please send your CV to brynja@ginger.is

TMÍ
TRYGGINGAMIÐLUN ÍSLANDS

Óskum eftir fólki í kvöldstarf. Góðir tekjumöguleikar. Upplýsingar sendist á umsoknir@tmi.is merkt kvöldstarf eða í 770-2277

BÍLSTJÓRI ÓSKAST Í HLUTASTARF
3-tímar á dag við útkeyrslu ca.6:30-9:30. Farið á selfoss suma daga og innanbæjar aðra. Má vera eldri bílstrjóri eða yngri maður svo framarlega sem hann er snyrtilegur og jákvæður. Meirapróf ekki nauðsynlegt. Möguleiki á fullri vinnu ef áhugi er á því. 892-6363 eða skutlari@gmail.com

Óska eftir starfskrafti í garðvinnu, húsaviðgerðir og hestaleigu, helst með reynslu. Íslenskumælandi með góða tungumálakunnáttu. Uppl. í síma 616 1569.

Atvinna óskast

21 árs maður óskar eftir vinnu í ferðamannabransanum t.d. hóteli. Er ný útskrifaður stúdent af viðskiptabraut. Er altalandi á íslensku, dönsku, ensku og þýsku. Get vel hugsað mér að vera út á landi og er laus strax, hef meðmæli og ferilskrá. Uppl. sendist á: menelik.jimma@gmail.com

Tilkynningar

Tilkynningar



AUTHORIZED RETAIL
STORE REYKJAVÍK

VIÐ OPNUM KL. 12 Í DAG

20 fyrstu fá gjöf frá DJI

20 fyrstu sem kaupa DJI Phantom eða DJI Osmo fá auka rafhlöðu í kaupauka

100 fyrstu fá happdrættismiða þar sem í verðlaun verða DJI Mavic Pro, DJI Goggles og 2 stk Osmo Mobile.

10% afsláttur af DJI Phantom 4 Pro, Mavic Pro og Osmo vörulínunni

Lækjargata 2a, 101 Reykjavík

AUTHORIZED RETAIL
STORE REYKJAVÍK

Góð blaðamennska er ekki ódýr

Ritstjóri enska hluta BBC World Service segir enn meiri þörf en áður fyrir trausta og innihaldsríka fréttaumfjöllun á tímum falsfrétta. Hlustendur eru 75 milljónir vikulega og fjölgar þeim enn.

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is

Mary Hockaday er með mastersgráðu í blaðamennsku og hefur starfað hjá BBC síðan árið 1986. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Maður vill hugsa til þess að aukið frelsi sé að færast yfir heiminn og þar með talið fjölmiðla, en í augnablikinu er þróunin ekki í réttu áttina. Það eru lönd þar sem fjölmiðlar voru frjálsir en eru það ekki lengur, til dæmis Tyrkland, og svo önnur lönd þar sem fjölmiðlar hafa einfaldlega aldrei verið frjálsir. Þörfin fyrir það sem við bjóðum eykst bara og hefur í sumum heimshlutum aldrei verið meiri," þetta segir Mary Hockaday, ritstjóri efnis á ensku hjá BBC World Service.

Hockaday er stödd hér á landi vegna þess að á fimmtudagskvöld var the Arts Hour on Tour, útvarpsþáttur um menningu, tekinn upp í Tjarnarbíói með íslenska menningu í forgrunni.

Hockaday hefur sinnt núverandi starfi síðan árið 2014. Hún er menntuð í enskum bókmenntum frá Cambridge og var Fulbright-styrkþegi við New York háskóla þar sem hún nam blaðamennsku. Áður starfaði hún sem yfirmaður BBC Multimedia Newsroom, en hún hefur starfað hjá breska ríkisútvarpinu síðan árið 1986.

Vikulega hlusta 75 milljónir manna út um allan heim á fréttir og útvarpsþætti BBC World Service (English) og 269 milljónir á fréttir World Service á 29 tungumálum. BBC World Service er orðið rótgróið vörumerki og hefur sent út síðan árið 1932, engu að síður þarf þjónustan að keppa við vaxandi fjölda fjölmiðla og starfa í umhverfi þar sem traust til fjölmiðla fer minnkandi með falsfréttum.

„Heimurinn er að verða háværari og það er orðið gríðarlegt framboð af fjölmiðlum. En við finnum fyrir því að í óreiðunni er enn þá meira verðmæti í því að vera traustur fjölmiðill sem fólk kemur til fyrir réttar fréttir og innihaldsríkar umfjallanir. Fjölmiðill sem fólk treystir að verði með réttar staðreyndir, óhlutdrægni og aðstoði fólk við að tengjast hvert öðru og hefja samræður á alþjóðavísu. Því að þrátt fyrir að það séu ógrynni af fjölmiðlum um allan heim eru ekki margar fréttastofur sem bjóða alþjóðlega sýn á fréttir og reyna að tengja fólk saman."

Hockaday segir að BBC World Service haldi enn í sömu gildi og fyrir áttatíu árum. „En við stöðnum ekki og höfum gert mikið síðustu árin til að þróa og fríska upp á þættina okkar. Við meira að segja hljómum öðruvísi."

Sem dæmi um nýbreytni hjá World Service er vaxandi flóra hlaðvarpa. „Við höfum framleitt hlaðvörp í langan tíma en núna erum við að byrja að framleiða efni fyrst eða einungis fyrir hlaðvörp. Þetta er leið fyrir okkur til að segja sögur á nýjan hátt og þetta laðar að nýja áheyrendur.

> MÉR LÍKAR EKKI VIÐ ORÐIÐ FALSFRÉTTIR, MÉR FINNST ÞAÐ AFAR ÓHEPPILEGT AÐ ÞAÐ SÉ KOMIÐ Í UMRÆÐUNA. FRÉTTIR ERU FRÉTTIR ÞAÐ ER EKKI HÆGT AÐ SKÁLDA ÞÆR ÞÓ AÐ FÓLK GERI ÞAÐ AUÐVITAÐ.

Fréttir eru í hjarta þess sem við gerum og okkar meginmarkmið er að bjóða nákvæman og óhlutdrægan fréttaflutning. Hins vegar hef ég verið að vinna í því að bæta við þætti í útvarpið hjá okkur um til dæmis vísindi og menningu. Það er meðal annars ástæða þess að ég er stödd á Íslandi núna. Arts Hour er vikulegur þáttur um menningu en mánaðarlega förum við til borga um allan heim og búum til þátt um menninguna þar," segir Hockaday. Hún bendir á að einnig sé World Service að bæta við stafrænu efni sem er aðgengilegt á heimasíðunni.

„Það eru sífellt fleiri leiðir fyrir okkur til að bjóða upp á efnið okkar. Snjallsímar nýtast vel til að hlusta á, lesa og horfa á efni. Við höfum framleitt talsvert af stuttu stafrænu efni sem rímar vel við útvarpsþætti okkar." Nýjar leiðir til að bjóða upp á efni virðast hafa skilað árangri en síðustu árin hefur áheyrendahópur þjónustunnar stækkað.

Hockaday telur að eitt erfiðasta verkefni sem fjölmiðlar standi frammi fyrir í dag sé að standa upp úr í fjöldanum. „Það er samt hægt með erfiðisvinnu og með því að skilja hvað áheyrendur þurfa.

Annað vandamál sem fjölmiðlar standa frammi fyrir, þó mismikið milli landa, er fjármagnsskortur. Góð blaðamennska er ekki ódýr. Að mínu mati leggur ríkisstuðningur við fjölmiðla grunn að því að í landi geti verið til gott, innihaldsríkt og sterkt fjölmiðlaumhverfi sem blómstrar.

Þriðja sem ég nefni er hraði tæknibreytinga. Við erum öll alltaf að reyna að vinna með nýjustu tæknina og reyna að skilja hvaða leiðir sé öflugast að nýta til að ná til áheyrenda. Á sama tíma eru ný tæknifyrirtæki að verða þátttakendur á fjölmiðlamarkaði, til dæmis Amazon, Google og Facebook. Það skapar áskoranir fyrir hefðbundna fjölmiðla."

Falsfréttir óheppilegt orðalag

Falsfréttir hafa verið mikið í deiglunni undanfarið, meðal annars í kringum forsetaframboð Donalds Trump, núverandi Bandaríkjaforseta.

„Mér líkar ekki við orðið falsfréttir, mér finnst það afar óheppilegt að það sé komið í umræðuna. Fréttir eru fréttir, það er ekki hægt að skálda þær þó að fólk geri það auðvitað. Ég held að fólk noti þetta orðalag á mismunandi hátt. Sumir eru sannarlega að búa til fréttir og nýta þær fyrir eigin hagnað eða klikk á síður sínar. Aðrir eru hins vegar að nýta þær í pólitískum tilgangi. Þá er ekki hægt að kalla þetta falsfréttir heldur er þetta einfaldlega áróður," segir Hockaday.

„Þetta er í rauninni ekki nýtt fyrir okkur. Við höfum alltaf unnið í umhverfi þar sem fólk er að reyna að dreifa áróðri og hluti af okkar starfi er að vekja athygli á því og koma með óhlutdræga og rétta umfjöllun á móti."

Hún segir að BBC sé undir miklu eftirliti hjá áheyrandahópi sínum, stofnunin hafi alltaf verið það, en hún telur það ekki endilega slæmt. „Í heimi þar sem fólk veit af falsfréttum og veit að það getur ekki treyst öllum fjölmiðlum getur það snúið sér að mjög þekktum, traustum, gagnsæjum og sjálfstæðum vörumerkjum á borð við BBC og BBC World Service. Ég held að þessi vitundarvakning hafi hjálpað okkur að stækka áheyrendahóp okkar. Ég hef ekkert á móti því að okkur sé veitt aðhald, ef einhver segir að það sé eitthvað rangt í fréttaflutningi okkar skoðum við það og leiðréttum ef eitthvað er rangt."

Meðal þess sem BBC gerir til að reyna að ganga úr skugga um að fréttir séu réttar er að taka það fram ef allar staðreyndir eru ekki komnar á hreint. „Þegar við vinnum með öðrum fréttastofum tökum við líka skýrt fram ef við höfum ekki unnið fréttirnar sjálf og við reynum að athuga að allt í fréttinni sé rétt. Eitt sem við erum að gera núna er að útskýra fyrir áheyrendum hvernig við vinnum fréttina og benda sérstaklega á hluta af umfjöllun sem hefur verið unnin mjög vel til að tryggja að allt sé rétt. Fyrir nokkrum árum fórum við að bjóða efni undir yfirskriftinni Reality Check. Þá tókum við eitthvað sem stjórnmálamenn sögðu eða innihald skýrslna og krufðum það alveg til að sýna áheyrendum virkilega hvað væri rétt og rangt í fullyrðingum. Við höfum til dæmis gert þetta fyrir kosningar."

Litið til framtíðar telur Hockaday að áfram verði mikil eftirspurn eftir djúpstæðu efni. „Fyrir nokkrum árum vorum við öll áhyggjufull yfir athyglisbresti og töldum að við þyrftum að gera styttra og styttra efni því stuttu efni var að ganga vel. En svo höfum við fundið fyrir mikilli eftirspurn áheyrenda eftir að skilja efni vel. Hlaðvörp hafa til dæmis verið frábær vettvangur fyrir fólk til að neyta lengra efnis sem getur verið mjög grípandi og með dýpt. Við sjáum líka á netinu að lengri umfjallanir, og umfjallanir sem tvinna saman mismunandi form fjölmiðla, ganga oft ofboðslega vel og margir deila þeim. Það eru góðir möguleikar fyrir stutt efni en lengra efni mun svo sannarlega halda lífi."

Hockaday telur ekki að miklar breytingar séu endilega í vændum í fréttaflutningi. „Við reynum að halda í við tæknibreytingar og lögum okkur að breyttum tímum en ég trúi á hinn eilífa sannleika. Menn eru forvitnar verur og við viljum vita hvað er að gerast, tala saman, ræða hugmyndir og heyra sögur. Þannig hefur það verið allt frá því að Íslendingasögurnar voru skrifaðar og mun líklega ekki koma til með að breytast," segir hún og hlær.

Hockaday telur að hvorki Brexit né nýliðnar þingkosningar muni koma til með að breyta fjölmiðlalandslaginu í Bretlandi mikið. „Á heildina litið er fjölmiðlaumhverfið mjög heilbrigt í Bretlandi, við erum mjög heppin að vera með fjölbreytta flóru."

Áhugi á efni um Ísland

Hockaday vekur athygli á því að BBC World Service hefur framleitt tölurvert af efni á Íslandi undanfarin ár.

„Áður en ég kom hingað fór ég að rifja það upp. Nýlega gerðum við þáttinn In the Studio með Sjón sem gest. Þá eyðum við tíma með listamönnum sem fara yfir vinnuferli sitt með okkur. Í fyrra gerðum við líka heimildarmynd um björgunarsveitina og fórum með þeim í björgunaraðgerðir, það var virkilega áhrifamikið og öflugt. Svo höfum við auðvitað gert þætti um íslensku bankana."

Að sögn Hockaday eru áheyrendur áhugasamir um þætti um Ísland. Hún telur þetta lið í því að áheyrendur eru að verða alþjóðavæddari. „Ef sagan er áhugaverð, og í flestum tilfellum eru sögur af fólki og lífi þeirra það, sama hvar það býr og hvað það gerir, hefur fólk áhuga."

The Arts Hour on Tour: Reykjavik verður sent út á BBC World Service þann 25. júní klukkan 13 að íslenskum tíma. **saeunn@frettabladid.is**

Takk!
Heimsforeldrar

Við erum orðlaus yfir viðtökunum á degi rauða nefsins og bjóðum nýja heimsforeldra UNICEF hjartanlega velkomna í fjölskylduna.

Heimsforeldrar á Íslandi eru nú orðnir tæplega 28.000 talsins. Takk öll sem eitt!

Dagurinn hefði aldrei orðið að veruleika án allra þeirra mörg hundruð manna sem gáfu vinnu sína, tíma og stuðning. Takk grínistar, leikarar, tónlistarfólk og sjálfboðaliðar á öllum aldri!

RÚV var ómissandi bandamaður á degi rauða nefsins, sem og Vodafone á Íslandi. Við stöndum einnig í djúpri þakkarskuld við Tjarnargötuna, Kviku, Lindex á Íslandi og Mílu. Þakkir hljóta sömuleiðis Kosmos & Kaos og Jónsson & Le'macks fyrir afar mikilvæga aðstoð.

Fjölmargir lögðu málstað okkar lið með stökum gjöfum á degi rauða nefsins og eftirfarandi fyrirtæki gáfu okkur stóra styrki: Bílabúð Benna, Mjólkursamsalan, Valitor og Mannvit. Við kunnum þeim öllum bestu þakkir fyrir.

Þú getur enn bæst í hóp heimsforeldra á www.unicef.is



unicef

Saga til næsta bæjar

Stefán Pálsson skrifar um knattspyrnukeppni sem margir vilja gleyma.

Hér er landslið Ítalíu á landsmóti árið 1979 þar í landi. Keppnisliðin fengu greitt fargjaldið og lítilræði fyrir uppihaldi, en áhorfendur létu sig ekki vanta.

Konur fram á völlinn

Þann fimmta ágúst árið 1971 sáu 110 þúsund áhorfendur á Azteca-leikvanginum í Mexíkóborg hina fimmtán ára gömlu Susanne Augustesen skora öll mörk Dana í 3:0 sigri á Mexíkó og hampa heimsmeistaratitlinum í leikslok. Eftir því sem næst verður komist hafa aldrei jafnmargir mætt á fótboltaleik tveggja kvennaliða í sögunni.

Ætla mætti að þessum atburði væri rækilega haldið á lofti í sögubókum, en sú er þó ekki raunin. Raunar vill alþjóðaknattspyrnusambandið, FIFA, sem minnst af leik þessum vita. Til marks um það staðhæfir sambandið að áhorfendametið í kvennaflokki sé frá árinu 1999, þegar rétt rúmlega 90 þúsund manns sáu Bandaríkjamenn leggja Kínverja í úrslitaleik HM sem leikinn var í Pasadena í Kaliforníu.

Þöggunin um kappleikinn í Mexíkóborg á sér að mörgu leyti skiljanlegar ástæður. Margt í umgjörð hans var vandræðalegt og þolir illa upprifjun, en jafnframt tengist hið valkvæða sögulega minni ýmsum flækjum varðandi upphaf nútímakvennaknattspyrnu.

Þótt dönsku stúlkurnar væru krýndar heimsmeistarar og verðu þannig titil sinn frá keppni sem haldin var á Ítalíu árið áður, var um óopinbert mót að ræða. Kvennaliðin stóðu utan við hina formlegu knattspyrnuhreyfingu og nutu einskis stuðnings hennar. Það voru einkaaðilar sem skipulögðu mótið á Ítalíu 1970 og kenndu það ýmist við aðalstyrktaraðilann: áfengisframleiðandann Martini eða kölluðu það heimsmeistarakeppni. Keppnisliðin fengu greitt fargjaldið og lítilræði fyrir uppihaldi, en áhorfendur létu sig ekki vanta . Um 50 þúsund mættu á úrslitaleikinn og mótshaldarar græddu á tá og fingri.

Kornungt og nálega óþekkt lið Mexíkó kom mjög á óvart á mótinu og hafnaði í þriðja sæti. Sú velgengni vakti athygli mexíkóskra kaupsýslumanna Nokkrum árum fyrr hafði hinn glæsilegi Azteca-völlur verið reistur í höfuðborginni. Leikvangurinn, sem var í eigu einkaaðila, var opinber heimavöllur landsliðsins og kom að góðum notum í knattspyrnukeppni Ólympíuleikanna árið 1968 og tveimur árum síðar þegar Mexíkó hýsti HM í fótbolta. Eins og svo títt er með slík mannvirki eftir stórmót, áttu eigendurnir hins vegar bágt með að finna vellinum hlutverk og skapa tekjur til að standa undir rekstrinum. Í þessu skyni var efnt til heimsmeistaramótsins 1971, fjölda evrópskra landsliða var boðið til keppni og greiddu skipuleggjendur allan kostnað.

Íþróttamót eða gripasýning?

Frá fjárhagslegu sjónarmiði tókst keppnin frábærlega. Áhorfendur voru fjölmargir á öllum leikjum og fjölmiðlar sýndu mikinn áhuga. Deila má þó um hvort þessi mikli áhugi hafi að öllu leyti verið á réttum forsendum.

Í byrjun áttunda áratugarins var Mexíkó mikið karlrembusamfélag. Íþróttir kvenna voru skör lægra settar en karla og þótt fótboltaáhugamenn í Mexíkó gleddust að sönnu yfir velgengni kvennalandsliðs síns, þótti hugmyndin um að konur léku knattspyrnu hálf hlægileg. Keppnin var því öðrum þræði auglýst sem skemmtiatriði eða furðusýning.

Rík áhersla var lögð á kynþokka knattspyrnustúlknanna og tók það stundum á sig fáránlegar myndir. Þannig voru förðunardömur til taks fyrir leik og í hléi til að greiða leikmönnum og mála þær. Snyrtivörufyrirtæki og fataframleiðendur voru meðal kostunaraðila og var mikið gert úr öllu því skarti og ilmvötnum sem stúlkurnar fengu að launum fyrir þátttökuna. Þá komu skipuleggjendurnir því til leiðar að liðin kepptu í litskrúðugum treyjum og aðskornum stuttbuxum – hugmynd sem hinn alræmdi FIFA-forseti Sepp Blatter átti löngu síðar eftir að endurvekja í því skyni að auka vinsældir kvennaleikja. Líkt og til að árétta að hér væri ekki um „alvöru“ fótboltaleiki að ræða var keppt með bleikmáluð mörk á mótinu.

Eins og gefur að skilja hefur áhugafólk um sögu kvennaknattspyrnu viljað sópa hinni vandræðalegu Mexíkó-keppni undir teppið. Engu að síður voru áhrif hennar á þróun íþróttarinnar allnokkur. Mótin á Ítalíu og í Mexíkó áttu sinn þátt í því að knattspyrnuhreyfingin ákvað að opna faðm sinn fyrir kvenkyns iðkendum.

Þótt karlar hafi lengst af verið mest áberandi á fótboltasviðinu og séu svo sem enn, má finna allnokkur dæmi um að konur hafi lagt stund á íþróttina, allt frá fyrstu tíð. Knattspyrnukeppnir kvenna færðust mjög í vöxt á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar, þegar konur fóru í vaxandi mæli út á vinnumarkaðinn til að leysa af hólmi karla sem gegndu herþjónustu.

Stríðið gerði það líka að verkum að deildarkeppnir í knattspyrnu lögðust af, þar sem margir leikmenn héldu á vígvöllinn og ekki þótti viðeigandi fyrir þá sem heima sátu að sinna gáskafullum íþróttum. Fótboltaþorstinn var þó enn fyrir hendi og sáu eigendur leikvanga sér leik á borði að bjóða upp á viðureignir kvennaliða sem gátu dregið að sér þúsundir borgandi áhorfenda.

> LIÐIN KEPPTU Í LITSKRÚÐUGUM TREYJUM OG AÐSKORNUM STUTTBUXUM.

Að styrjöldinni lokinni var harður áróður rekinn fyrir því að snúa aftur til hefðbundinna kynhlutverka áranna fyrir stríð, þar sem konur ættu að hverfa aftur í húsmóðurhlutverkið. Ein birtingarmynd þessara viðhorfa var andstaða við fótboltaiðkun kvenna, sem raunar var klædd í lýðheilsubúning þar sem staðhæft var að íþróttin gæti reynst skaðleg fyrir kvenlíkamann. Enska knattspyrnusambandið gekk þar harðast fram og fyrirskipaði að aðildarfélögum sínum væri bannað að keppa á leikvöngum þar sem konur fengju að sparka í bolta. Þetta var í raun dauðadómur yfir kvennaknattspyrnuflokkunum í landinu.

Ýmis önnur knattspyrnusambönd í Evrópu og Rómönsku Ameríku fylgdu í fótspor Englendinga og hreinlega bönnuðu konum að keppa í fótbolta. Næstu áratugina urðu knattfúsar konur því að æfa og spila í óformlegum félögum, jafnvel á laun og þá helst á auðum svæðum eða túnum útí sveit. Kvennaknattspyrna var algjört jaðarfyrirbæri og heimildir um hana afar fáar og slitróttar.

Íslenskar á skotskónum

Hér á landi sá KSÍ aldrei ástæðu til að banna konum sérstaklega að æfa knattspyrnu þótt ekkert væri heldur gert til að hvetja til þess. Handknattleikskonur áttu til að grípa í fótbolta, einkum að sumarlagi þegar æft var utanhúss. Þannig var fyrsti eiginlegi knattspyrnuleikur kvenna á Íslandi milli handboltastúlkna úr Fram og KR sumarið 1968. Tveimur árum síðar var boðið upp á formlegan, stuttan kappleik milli Keflavíkurkvenna og Reykjavíkurúrvals sem forleik á undan viðureign Íslands og Noregs á Laugardalsvelli árið 1970. Tveimur árum síðar var svo í fyrsta skipti keppt um Íslandsmeistaratitil kvenna.

Á árunum um og uppúr 1970 hvatti KSÍ aðildarfélög sín til að taka upp kvennafótbolta, við misjafnar undirtektir. Þessi jafnréttishugsjón var ekki sjálfsprottin hjá forystumönnum íslensku knattspyrnuhreyfingarinnar, heldur vegna hvatningar Evrópska knattspyrnusambandsins, en um þetta leyti var hvert aðildarsambandið á fætur öðru að nema úr gildi reglur sem bönnuðu konum að leggja stund á íþróttina.

Ástæður þessara sinnaskipta voru af ýmsum toga. Almenn viðhorf í samfélaginu voru heldur að þokast í átt til kynjajafnréttis. Stúlkur lögðu í vaxandi mæli stund á keppnisíþróttir og hvort sem knattspyrnuforkólfum líkaði það betur eða verr fór fótboltakonum fjölgandi. Í stöku löndum, svo sem á Ítalíu, var jafnvel kominn vísir að mótum á landsvísu, þótt þau væru ekki á vegum knattspyrnuhreyfingarinnar. Engan veginn var þó sjálfgefið að þessi atriði nægðu ein og sér til að snúa forystumönnum fótboltaheimsins. Knattspyrnuhreyfingin var gríðarlega forneskjuleg og lítt næm á tíðarandann. Þannig sáu leiðtogar hennar enga ástæðu til að taka minnsta tillit til örts vaxandi knattspyrnusamfélaga í þriðja heiminum og töldu alveg nóg að Afríka, Asía og Eyjaálfa skiptu á milli sín einu sæti í úrslitakeppni Heimsmeistaramótsins.

Áhorfendafjöldi og fjárhagsleg velgengni óopinberu heimsmeistaramótanna 1970 og 1971 varð hins vegar til að opna augu knattspyrnuforystunnar. Einkum eftir að fregnaðist af hugmyndum um að halda næsta heimsmeistaramót í Lundúnum árið 1972, með aðkomu kunnra fyrrverandi kappa úr enska karlalandsliðinu. Þótt knattspyrnuhreyfingin gæti litið fram hjá litlum fótboltahópum kvenna víðs vegar um Vestur-Evrópu, gegndi öðru máli um stórmót sem drægju til sín áhorfendur og fjármuni.

Jaðargreinin kvennaknattspyrna var orðin of stór til þess að alþjóðasamtökin gætu hundsað hana. Evrópska knattspyrnusambandið komst að þeirri niðurstöðu að vænlegra væri að innlima kvennaboltann en að standa lengur gegn honum. Sjálfstæð kvennaknattspyrnusambönd sem stofnuð höfðu verið, til að mynda í Frakklandi, fengu aðild að landssamböndunum – þótt oftar en ekki væru þau gleypt með húð og hári.

Evrópska knattspyrnusambandið ákvað eftir á að skilgreina viðureign Frakka og Hollendinga í apríl 1971 sem fyrsta opinbera kvennalandsleik sögunnar. Enginn þátttakenda í leiknum áttaði sig á því á sínum tíma að um sögufrægan kappleik væri að ræða, en enn í dag er hann upphafspunktur allrar opinberrar tölfræði um landsleikjasögu kvenna. Leikir sömu liða á óopinbera heimsmeistaramótinu í Mexíkó fáeinum mánuðum síðar fá hins vegar ekki náð fyrir augum sagnfræðinga FIFA.

MEIRA
SJÁLFSTRAUST

BETRI
LÍÐAN

EIGA AUÐVELDARA MEÐ
AÐ KYNNAST FÓLKI

VERA
MAÐUR
SJÁLFUR

Tækifæri til framtíðar

Við hjálpum unga fólkinu að koma auga á þá hæfileika sem það býr yfir og yfirstíga það sem heldur aftur af því. Við hvetjum þátttakendur á námskeiðinu til að taka stærri skref, setja sér skýr markmið, virkja sköpunarkraftinn og nýta áhrif sín. Við hjálpum þeim að styrkja þau sambönd sem skipta mestu máli og aukum færni þeirra í samskiptum til að geta áunnið sér traust og skapað tækifæri til framtíðar.

Námskeið framundan	**Hefst**	**Fyrirkomulag**	**Tími**
10–12 ára (5.–7. bekkur)	27. júní	8 virkir dagar í röð	9:00–13:00
10–12 ára (5.–7. bekkur)	9. ágúst	8 virkir dagar í röð	9:00–13:00
13–15 ára (8.–10. bekkur)	9. ágúst	8 virkir dagar í röð	14:00–17:30
16–19 ára (Menntaskóli)	9. ágúst	Tvisvar í viku	18:00–22:00
20–25 ára (Háskóli/vinnumarkaður)	8. ágúst	Tvisvar í viku	18:00–22:00

Ókeypis kynningartímar í Ármúla 11

10–15 ára	19. júní, 12. júlí og 3. ágúst	kl. 19.00 til 20.00
16–25 ára	19. júní, 12. júlí og 3. ágúst	kl. 20.00 til 21.00

Skráning á **www.dale.is/ungtfolk**
Sími 555 7080

Dale Carnegie

ÍSLENSKA/SIA.IS DAL 84880 06/17

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

17. JÚNÍ 2017 LAUGARDAGUR

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jóhanna Sæmundsdóttir

Vallargötu 25, Keflavík,

lést á Nesvöllum í Reykjanesbæ, mánudaginn 12. júní sl. Útförin verður auglýst síðar.

Valdimar S. Gunnarsson
Sæmundur Valdimarsson — **Herdís Óskarsdóttir**
Gunnar B. Valdimarsson — **Sigríður H. Guðmundsdóttir**
Sveinn Valdimarsson — **Brynja Eiríksdóttir**
Rúnar Gísli Valdimarsson — **Guðrún Huld Kristinsdóttir**
barnabörn og langömmubörn.

†

Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Guðmundsson

Sóleyjarima 1, Reykjavík,

lést á heimili sínu 21. maí síðastliðinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð.

Ólöf Halldórsdóttir
Þórdís Sigurðardóttir — **Óskar Magnússon**
Birna Sigurðardóttir — **Helgi Þór Hjálmarsson**
barnabörn og langafabörn.

†

Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar eiginkonu minnar og systur okkar,

Ásbjargar Ívarsdóttur

áður til heimilis Lækjasmára 8.

Jón Sigurðsson
og systkini hinnar látnu.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Tómas Grétar Sigfússon

vélstjóri,

lést á Hjúkrunarheimilinu Ísafold að kvöldi 13. júní. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði, miðvikudaginn 21. júní, kl. 13. Við þökkum starfsfólki Ísafoldar fyrir hlýlega og góða umönnun.

Gunnar Tómasson — **Elsa Marísdóttir**
Sigfús Tómasson — **Oddfríður Jónsdóttir**
Rita Eigminaite
Tómas Tómasson — **Kristín Harðardóttir**
Anna Margrét Tómasdóttir — **Jónas Jónatansson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Útfarar- og lögfræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararstofa kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is

Hjólað, synt og hlaupið

Laugarvatnsþríþraut verður á morgun í fimmta sinn. Mótið er Íslandsmeistaramót í ólympískri þríþraut sem Ægir3 stendur fyrir. Þar er Ólafur Gunnarsson formaður.

Ólympíska þríþrautin er strembin. Það er synt í Laugarvatninu 1.500 metra, hjólað 40 kílómetra og svo hlaupið 10 kílómetra. Klukkan fer í gang um leið og fólk fer út í vatnið og stoppar um leið og hlaupinu er lokið. Engar pásur á milli, þetta tekur vel í," segir Ólafur Gunnarsson, formaður félagsins Ægir3 sem heldur svokallaða Laugarvatnsþríþraut í fyrramálið. Hann er að taka þátt í henni í fyrsta skipti en talar af reynslu, kveðst hafa tekið þátt í öðrum mótum hér á landi og undirbýr sig fyrir keppni í Iron Man í Danmörku í ágúst.

Ólafur kveðst stunda þríþraut vegna fjölbreytni í æfingum, til að fá góða hreyfingu og vera í skemmtilegum félagsskap. „Ég legg áherslu á að hjóla á sumrin og hlaupa á veturna. Þegar ég byrjaði í þríþraut haustið 2015 var ég algjörlega ósyndur og sundið er enn mín slakasta grein. En Laugarvatn er frábært til að synda í, það er grunnt og nokkuð volgt miðað við vötn á Íslandi."

Mótið á morgun er Íslandsmeistaramót og í fyrsta skipti úrtökumót fyrir heimsmeistarakeppni. „Hingað til hefur ekki verið svo mikil ásókn í heimsmeistarakeppnina að þurft hafi úrtökumót en þríþrautin sækir í sig veðrið og verður æ vinsælli meðal fólks á öllum aldri," lýsir Ólafur.

gun@frettabladid.is

„Þetta tekur í," segir Ólafur um þríþrautina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Guðlaugur Tryggvi Óskarsson

Borgarholtsbraut 53, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 11. júní. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 20. júní kl. 15.

Þorbjörg Árnadóttir
Guðný Guðrún Guðlaugsdóttir
Dýrleif Júlía Guðlaugsdóttir — **Tómas Ellert Tómasson**
Andri Þór, Sandra Lind
Steinrún Dalía, Sylvía Björk

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Helga Einarsdóttir

áður til heimilis að Réttarholti 15, Selfossi,

lést á hjúkrunarheimilinu Fossheimum fimmtudaginn 8. júní. Útförin fer fram frá Selfosskirkju þriðjudaginn 20. júní kl. 14.00.

Björk Guðmundsdóttir — **Dan Brynjarsson**
Alma Guðmundsdóttir — **Emil Guðjónsson**
Hlynur Guðmundsson — **Ingibjörg Hjálmarsdóttir**
og barnabörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi — SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is

Kristín Ingólfsdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

†

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi.

Hallgrímur Viðar Árnason

húsasmíðameistari, Þjóðbraut 1, Akranesi,

lést 8. júní sl. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 23. júní kl. 13.

Sigurbjörg Halldórsdóttir
Halldór Benjamín Hallgrímsson — **Guðrún Hróðmarsdóttir**
Harpa Hallgrímsdóttir — **Kristinn Ólason**
Steinunn Hallgrímsdóttir
Árni Þór Hallgrímsson — **Ingibjörg Ásgeirsdóttir**
og afabörn.

†

Ættmóðir okkar,

Sigurlaug A. Stefánsdóttir

verður jarðsungin frá Þorlákskirkju í Þorlákshöfn þriðjudaginn 20. júní 2017 kl. 10.30.

Hildur Gunnarsdóttir — **Jóhannes Jónsson**
Áslaug Þorsteinsdóttir
Stefán Gunnarsson — **Helga Sigurbjörnsdóttir**
Ágústa Gunnarsdóttir — **Leigh Woods**

Nærgætni, hlýja og virðing — *Við andlát ástvinar*

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Þotuhreyflar, já, takk!

Bjarni Örn Kristinsson er nýkominn heim með B.Sc. gráðu í flugvéla- og geimverkfræði frá MIT, einum besta háskóla heims. Þar komast um 2,2% útlendinga inn í grunnnám.

Ég er kominn úr útlegð í bili en fer svo aftur í framhaldsnám," segir Bjarni Örn Kristinsson, 24 ára, sem útskrifaðist nýlega með B.Sc. gráðu í flugvéla-og geimverkfræði frá MIT (Massachusetts Institute of Technology) sem samkvæmt QS University Ranking hefur verið besti háskóli heims síðustu ár.

Bjarni Örn er sonur Örnu Sifjar Kærnested tölvunarfræðings og Kristins Ragnars Árnasonar fjármálastjóra. Hvers vegna varð flugvéla- og geimverkfræði fyrir valinu hjá honum? „Í menntaskóla fór ég í skiptinám til Japans í eina önn. Þá opnaðist heimurinn og ég áttaði mig á hvað það er gaman að kynnast fólki frá öllum heimshornum og mér fannst lítið mál að búa erlendis. Stefnan var því fljótt sett á nám í útlöndum. Á endanum stóð MIT upp úr. Það var ekki aðeins námið, heldur menningin og fólkið í skólanum sem togaði. Þar að auki ábyrgist MIT að veita nemendum fjárhagsaðstoð, óháð einkunnum og hvers lenskir þeir eru."

En hafa Íslendingar þörf fyrir geimverkfræðinga? „Að minnsta kosti flugvélaverkfræðinga. Ég skoðaði að fara í tölvunarfræði sem annar hver nemandi er í, líka kjarnorku- og samrunaverkfræði sem væri erfiðara að fá vinnu við á Íslandi, en áfangar um þotuhreyfla og eldflaugar, já, takk! Stærsta hindrunin við að fá vinnu í þessu fagi í Bandaríkjunum er að fá öryggisheimild sem krefst ríkisborgararéttar í nánast öllum tilfellum. Án hennar fengi ég ekki að skúra gólfið í hönnunardeild Lockheed Martin."

Hann reiknar þó með nokkurra ára veru í Bandaríkjunum. „Ég byrja á meistaranáminu í haust en til að komast í doktorsnámið þarf ég að standast röð stöðuprófa. Ég held áfram á meðan ég hef gaman af náminu og rannsóknarverkefnunum."

„Verkfræðin er tól sem maður getur notað í allt milli himins og jarðar," segir Bjarni Örn.
MYND/SIF KJÆRNESTED

Nú ætlar hann að njóta íslenska sumarsins og vinna í markaðsáhættu í Landsbankanum. „Verkfræðin er tól sem maður getur notað í allt milli himins og jarðar," segir hann. „Það er mikilvægt að byggja upp reynslu og þekkingu á mörgum sviðum."

gun@frettabladid.is

---

†

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Rutar Sigurðardóttur

Hrafnistu, Reykjavík, (áður Árskógum 8).

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Hrafnistu fyrir alúð og umhyggju. Guðmundi Rúnarssyni lækni þökkum við einstaka umönnun undanfarin ár.

Birna Ágústsdóttir
Guðlaugur Ágústsson
Ævar Ágústsson
Ína Björg Ágústsdóttir
Magnús Ágústsson
Berglind Ágústsdóttir
Júlíus Sigmundsson
Sigríður Ósk Pálmadóttir
Ragnheiður Júníusdóttir
Haraldur Hansson
Reynee Rose Agustsson
Hjálmar Hjálmarsson
Linda Sjöfn Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Kærar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar

Ingveldar Guðmundsdóttur

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hrafnistu, Reykjavík, fyrir umönnun, vinskap og hlýju.

Kristján Ólafsson
Guðrún Þ. Ólafsdóttir
Sigurður Ingi Ólafsson
Kristjana L. Rasmussen
Hjördís Ólafsdóttir
Unnur Ólafsdóttir
Áslaug Friðriksdóttir
Ólafur V. Skúlason
Ove L. Rasmussen
Halldór Ingvason
Stefnir Helgason
barnabörn og langömmubörn.

---

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Halldór Árnason

Dóri skó

Akureyri,

lést að öldrunarheimilinu Hlíð á Akureyri, fimmtudaginn 15. júní 2017. Jarðarförin auglýst síðar.

Anna Gréta Halldórsdóttir
Ása Björk Þorsteinsdóttir
Oddur Helgi Halldórsson
Freydís Ágústa Halldórsdóttir
Elma Dóra Halldórsdóttir
Aðalsteinn Sigurgeirsson
Margrét Harpa Þorsteinsd.
Jóhann Skírnisson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

---

†

Eiginmaður minn, faðir og afi,

Helge Sørensen

9. okt. 1937 – 9. júní 2017

verður jarðsettur frá Østervangskirken í Glostrup, þriðjudaginn 20. júní.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna.

Hjördís Ingunn, Ulla Björk og Stina Stella.

---

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Friðrik J. Jónsson

frá Kópaskeri, til heimilis að Lindasíðu 4, Akureyri,

lést á Hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð þann 12. júní. Útför hans fer fram frá Glerárkirkju á Akureyri, fimmtudaginn 22. júní kl. 13.30.

Árni V. Friðriksson
Ólafur Friðriksson
Kristín Helga Friðriksdóttir
Gerður Jónsdóttir
Freyja Tryggvadóttir
Bjarki Hrafn Ólafsson
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Ástkær faðir okkar, sonur og bróðir,

Símon Páll Jónsson

Seljabraut 50,

lést miðvikudaginn 14. júní á gjörgæsludeild Landspítalans.

Aron Páll Símonarson, Elvar Máni Símonarson, Jón Símon Gunnarsson, Eygló Magnúsdóttir og systkini hins látna.

---

†

Þökkum auðsýnda samúð við andlát eiginmanns míns, föður, stjúpföður, tengdaföður, afa og langafa,

Halldórs V. Vilhjálmssonar

(Mansa)

sem lést 31. maí 2017.

Fyrir hönd aðstandenda, Sigríður Þorsteinsdóttir

---

†

Elskulegur faðir, tengdafaðir og bróðir,

Bjarni Hákonarson

lést á líknardeild Landspítalans 7. júní. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 21. júní kl. 13.

Birgir Páll Bjarnason
Ragnheiður Mekkín Bjarnad.
Hulda Hákonardóttir
Eggert Finnbogason
Rósa Finnbogadóttir
Auður Finnbogadóttir
Ólafur Finnbogason
Sigríður Finnbogadóttir
Leifur Hákonarson
Amanda Da Silva Cortes
Kristján Oddsson
Sigurður Rúnar Sigurðsson
Enrique Llorens

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Bára Gunnbjörnsdóttir

Dynsölum 10, Kópavogi,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut 2. júní sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Innilegar þakkir fyrir samúðarkveðjur og vinarhug.

Rebekka Sif Kaaber
Fríða Rakel Kaaber
Guðjón Vilhjálmsson
Ryan Patrekur Kevinsson
Bára Margrét og Eva Sóley Guðjónsdætur
Björn Kaaber

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ragnar Hilmar Þorsteinsson

múrarameistari,
Jötunsölum 2, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 21. júní kl. 15.00.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir.
Þeim sem vildu minnast hans er bent á Hjartaheill.

Kristín Hrefna Kristjánsdóttir
Guðlaug Ragnarsdóttir
Kristján Hjálmar Ragnarsson
Sigríður Ragnarsdóttir
Birgir Bjarnason
Kristjana Una Gunnarsd.
Trausti Gylfason
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Þórarinn Grímsson

(Doddi Gríms)

þúsundþjalasmiður,
Knarrarbergi 8, Þorlákshöfn,

lést á hjartadeild Landspítalans þann 14. júní sl. Útförin verður auglýst síðar.

Valgerður Jóhannesdóttir
börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR

LÁRÉTT

1 Eygði kisugarð við Lórukambsmóðu (13)
11 Getur drulludeli verið leiðtogi? (8)
12 Sá með háa ennið og mjóu hökuna vill að ég svipist um í sjö ár (9)
13 Sjötta lagningin í röð og fyrsta afborgun greidd (12)
14 Fer ekk út í fausk þrátt fyrir gjamm (9)
15 Reyna ilflesk ef málmsnyrtipinni er í rugli (12)
16 Uppgangur stórs manns og háfleygs (9)
17 Tinnan þarf vandvirkan afruglara 6)
19 Haglél eða súkkulaði og jarðarberja? (7)
23 Finn korn hinna grófu og seðjandi sókna (9)
27 Elska þennan erfiða frumbyggja (7)
28 Púl og ryk; það gerir mann skítugan (4)
29 Amstrar við að gera ringlaðar frúr fínar (7)
33 Uxi passar ungviði sitt og klukkan tifar (8)
34 Störum á þá sem við ógnum og ruglum (5)
35 Drepa hana við ræktarlöndin (9)
37 Bý byrjunarlið undir ylstýrða rofa (8)
38 Ríkmannlegur bær borgar sig (6)
39 Hef plantað í frjósamar spildur (9)
42 Framandi stjarna þeirra sem fæstir þekkja (10)
45 Vökva græna runna og sinulubba (7)
46 Sægg mótað í eðalmálm (5)
47 Herða skal á þeim er hnoða (7)
48 Lauma frá mér inntaki kynlegrar pestar (7)
51 Rútusöngur um fornrar ösku er viðmið jarðfræðinga (9)
52 Og þá að 1. týpu athafna (7)
53 Flan hugmyndakerfa leiðir til hættulegra ranghugmynda (7)

LÓÐRÉTT

1 Brenni gaddur gömul Skagalið brosir ríki sólar (10)
2 Aðför tóls úr tveimur áttum (10)
3 Kraftur hinna smáu en ekki svo knáu (10)
4 Vinna vetrarbrautir eftir gott gengi heimafyrir (10)
5 Uppfyrir þann sem skoðar skrifin (10)
6 Setur bólgið brúnaljós á grillið (10)
7 Hvað hefur fyrirhugaður oddviti í sínum fórum? (9)
8 Uni brekkum með villandi víkkunum (10)
9 Hin þriðja árstíð þokast nær og fiðrildi með (10)
10 Mun þá einhverjar þyrsta í náttlausa júnídaga (10)
18 Þessi söguhetja er fremst meðal jafningja (9)
20 Kem við það sem segir mér að ég komi við (12)
21 Kenna bús við ruglaða Asíumanninn (8)
22 Um bréf Adams: Það þarf að breyta því (8)
24 Víst má lokka þá sem lýst var úr húsi (8)
25 Skokk dugar ef Skjóni er mistækur (11)
26 Hvort er eldfjall ílát eða öfugt? (5)
30 Hún tengir tönn við tönn (9)
31 Lofar suðurgöngulið (9)
32 Held að flog sé áreitni (6)
36 Þröng staða fyrir tæpa (8)
40 Djöflahaf mun loga langa tíð (6)
41 Eldfjallið í 26 fjölgar sér og úr verða bátar (6)
43 Þessi flóðhestur hefur öfuga fætur (5)
44 Fugl flýgur í tíkargjólu (5)
49 Minn franski vin og öll hans leiðindi (3)
50 Dýrka yfirmann og lykt 007 (3)





LAUSNARORÐ Vísbending m. lausnarorði: Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist barnagaman (15). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 22. júní næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „17. júní".

Lausnarorð síðustu viku var

SNYRTITASKA

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÉTT

7	6			3			8	2
	8		9					7
			5					
4		6			7	8		9
	5		1	9	3			4
	2							
2	3			4	5		1	
				6				
	9		8			3		

MIÐLUNGS

7				1		9		
8	9	5				4		
			9			6		8
3		9	6	7		5	8	1
			3	4				
5	2	8				7		4
			4	5	9		3	
							5	

ÞUNG

			9	3			6	
3		7						5
	5		7	8			2	
6	1							
			1	4				
2		9				7		
		3		2				4
			3		9	5		
		1		7	6			3

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Stofuhiti eftir Berg Ebba** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ástríður Þorsteinsdóttir Reykjavík.**

2	5	6	3	9	7	8	4	1
8	4	3	6	1	5	2	9	7
7	9	1	8	2	4	3	5	6
4	2	7	9	5	1	6	8	3
3	6	5	7	4	8	9	1	2
9	1	8	2	3	6	4	7	5
5	7	9	4	6	3	1	2	8
6	8	2	1	7	9	5	3	4
1	3	4	5	8	2	7	6	9

2	9	5	8	4	6	7	3	1
3	4	1	7	5	2	8	9	6
6	7	8	9	1	3	2	4	5
7	5	9	2	3	4	6	1	8
4	6	3	5	8	1	9	2	7
8	1	2	6	7	9	4	5	3
9	2	7	1	6	5	3	8	4
1	8	4	3	9	7	5	6	2
5	3	6	4	2	8	1	7	9

3	4	5	9	8	6	7	1	2
1	2	9	3	7	4	6	8	5
6	7	8	1	5	2	4	3	9
5	3	2	6	9	7	8	4	1
4	1	6	2	3	8	9	5	7
8	9	7	4	1	5	3	2	6
7	5	4	8	2	9	1	6	3
9	8	1	5	6	3	2	7	4
2	6	3	7	4	1	5	9	8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Skák Gunnar Björnsson

Magnus Carlsen (2.832) átti leik gegn Sergey Karjakin (2.781) á Altibox Norway Chess-mótinu í Stafangri.

Hvítur á leik

44. Hxg8+! 1-0. (44...Kxg8 45. Hg4; 44...Dxg8 45. Df6 Dg6 46. Dh8+ Dg8 47. Dh6+ Dg7 48. Dxd6 Kg8 49. Hg4). Fyrsta sigurskák heimsmeistarans á mótinu. Aronian var efstur fyrir lokaumferðina sem fram fór í gær.

www.skak.is: Allt um Noregsmótið.

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

EVRÓPUMÓT

Opna Evrópumótið í bridge stendur yfir um þessar mundir í Montecatini á Ítalíu (10.-24. júní). Ísland sendir ekki lið í þessa keppni og er það miður, en ekki er vaninn að senda lið fyrir Ísland á opna Evrópumótið. Hægt er að fylgjast með Evrópumótinu á síðunni með hlekk á Bridgesambandssíðunni (bridge.is). Evrópumótið hófst á parasveitakeppni (mixed teams) þar sem konur og karlar spila saman. Þann 14. júní hófst tvímenningur í parakeppni (mixed pairs). Þegar þessar línur eru skrifaðar voru Sabine Auken og Roy Welland frá Þýskalandi í forystu í þeirri keppni, en þau eru búsett í Kaupmannahöfn. Roy Welland er bandarískur að uppruna. Í parakeppninni keppa 280 pör um titilinn. Í þessu spili úr keppninni voru Fiona Brown frá Englandi og Hugh McCann frá Írlandi í AV og Auken-Welland í NS . Suður var gjafari og AV á hættu.

Norður
♠ 8
♥ KG98642
♦ 8
♣ KD105

Vestur
♠ Á64
♥ 3
♦ ÁG976
♣ Á832

Austur
♠ K732
♥ Á7
♦ D1053
♣ G43

Suður
♠ DG1095
♥ D105
♦ K42
♣ 96

AV eiga tígulsamning í spilinu og jafnvel geim í tígli en Auken og Welland tókst að koma í veg fyrir að þau blönduðu sér nokkuð í sagnir því þau voru með gott sagnkerfi og hjartasamlegu. Welland opnaði á veikum 2 ♠ á suðurhöndina og Auken, í norður, gat sagt 3 ♦ sem var yfirfærsla í hjarta (gott að eiga yfirfærslu í þessari stöðu). Welland átti samlegu í hjartanu og stökk beint í fjögur hjörtu sem var lokasamningurinn, án afskipta andstæðinganna. Spilið tók fljótt af því andstæðingarnir fengu aðeins slagi á ásana sína, fjóra varnarslagi.

GLAMOUR

ÍSLENSKT TÍSKUTÍMARIT

KOMIÐ Í ALLAR HELSTU VERSLANIR

FYLGSTU MEÐ OKKUR Á SAMFÉLAGSMIÐLUNUM

Facebook – Glamour Iceland
Instagram @glamouriceland #glamouriceland
Twitter - GlamourIceland

Konráð og félagar á ferð og flugi 254

Bragi Halldórsson

Lísaloppa rýndi í gátubókina og sagði: „Hvernig skyldi þessi þraut nú vera?“ Konráð hugsaði kíminn að vonandi væri þrautin ekki sú að þurfa að lykta af sokkunum til að vita hverjir væru óhreinastir. „Þrautin er svona,“ sagði Lísaloppa þá: „Við erum með þrjú pör af sokkum í poka, eitt gult, eitt röndótt og eitt köflótt. Ef við stingum hendinni ofan í pokann og tökum upp einn sokk í einu, hversu oft þurfum við að ná okkur í einn sokk til þess að vera örugglega komin með eitt par“ Kata var fljót að svara. „Ég þyrfti að minnsta kosti örugglega að gera það margoft því ég myndi aldrei klæðast köflóttum sokkum.“

Getur þú reiknað út hversu oft þú þyrftir að draga sokk upp úr pokanum til að vera örugglega kominn með eitt par?

SVAR: Fjórum sinnum ef þrír þeir fyrstu væru allir af sitthvorri sort.

Leikurinn

Tröllin í fjöllunum
Hér er góður leikur til að leika á ættarmótum eða annars staðar þar sem margir eru saman og hafa tún, íþróttavöll eða annað autt svæði til að leika sér á.

Fjórir leikmenn eru tröllin í fjöllunum. Þeir eiga hver sitt horn á leiksvæðinu og nefna það eftir ákveðnum fjöllum.

Aðrir leikmenn eru lömb sem dreifa sér um svæðið. Síðan hefst keppni á milli tröllanna um það hvert þeirra nær flestum lömbum á sitt fjall með því að ná þeim og klukka þau.

KOMDU Í KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17
KVIKA

Á hund sem heitir Pipar og er rosa góður

Elsa María Kolbeinsdóttir ætlar í tjaldferð í sumar norður í land og líka til útlanda. Þar ætlar hún að heimsækja teiknimyndapersónurnar í Disneylandi. En í framtíðinni stefnir hún á að verða söngkona.

Elsa María Kolbeinsdóttir er sjö ára og var að klára 1. bekk í Melaskóla og það er margt áhugavert á dagskránni hjá henni í sumar.

„Ég fer ábyggilega á fimleikanámskeið á næstunni, svo ætla ég í tjaldferð norður í land og tjalda nálægt Sauðárkróki og líka til útlanda og verða í tvær eða þrjár vikur, þá ætla ég í Disneyland.“

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera heima? „Ég er oft að teikna og reyni að læra af þeim sem eru góðir. Ég teiknaði blása kisu fyrir ömmu mína í gær. Hún pantaði hana. En mér finnst skemmtilegast að syngja og langar að verða söngkona.“

Hvaða lag syngur þú oftast núna? „Girl on fire sem á íslensku þýðir stelpa á eldi.“

Hvar lærðir þú það? „Ég heyrði það bara hjá mömmu minni.“

Æfir þú á hljóðfæri líka? „Ég var að æfa á fiðlu en ég hætti. En ég vona að ég sé að byrja í kór.“

